



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!



Ársskýrsla

1. starfsár 2009-2010



Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Stefna Naustaskóla	4
Hlutverk.....	4
Framtíðarsýn.....	4
Áherslur skólans	4
Naustaskóli 2009-2010	6
Undirbúningur skólastarfsins.....	6
Húsnæðismál	7
Skólinn í tölum	8
Nemendur	9
Starfsfólk	9
Fjármál.....	10
Vettvangsferðir og heimsóknir	10
Ýmsir viðburðir í skólastarfinu	11
Skólatími / stundaskrár	12
Skóladagatal	13
Stjórnun	14
Skipurit	14
Skólaráð.....	14
Teymi - fundir.....	15
Nemendaráð.....	15
Trúnaðarmenn.....	15
Kennsluskipan	15
Námsmat.....	17
Mötuneyti	17
Frístund.....	17
Bókasafn	17
Samstarf við Naustatjörn	18
Endurmenntun	18
Rannsóknarverkefni um námssamfélag.....	19
Umhverfismál	19
Jákvæður agi - bekkjarfundir.....	19
Samskipti heimila og skóla.....	20
Skólareglur	21
Námsgögn.....	21
Nemendaverndarráð	21
Skólahjúkrun.....	22
Námsráðgjöf	22
Stuðningskennsla / iðjuþjálfun	22
Skýrslur kennarateyma	23
Skýrsla kennara í 1. bekk.....	23
Skýrsla kennara í 2.-3. bekk	25
Skýrsla kennara í 4.-5. bekk	28
Skýrsla kennara í 6.-7. bekk	31
Mat á skólastarfinu	34
Matsgögn	34
Námsaðlögun.....	34
Athvarf.....	35
Umhyggja og virðing.....	37

Samvinna	37
Táp og fjör	39
Örstutt SVÓT-greining	40
Tillögur til úrbóta:	41
Viðauki, sýnishorn af stundaskrá og fréttabréf skólaársins.....	43



Stemmingin í skólanum rétt fyrir skólasetningu í ágúst 2009



Inngangur

Hér hefur litið dagsins ljós fyrsta ársskýrsla Naustaskóla. Ætlunin er að gefa rit þetta út árlega frá upphafi skólastarfs í Naustaskóla, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Starfið innan skólans er byggt á stefnu hans sem sett er fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.

Áherslur skólans

- Námsaðlögun

Markmið: Skólinn mæti þörfum nemenda í námi
Nemendur verði sjálfstæðir og taki ábyrgð á námi sínu
Allir nemendur taki stöðugum framförum

Leiðir: Einstaklingsáætlanir að hluta
Fjölbreyttar kennsluaðferðir
Þemavinna / smiðjur
Námsstöðvar
Áhugasviðsvinna
Reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda
Markviss starfsþróun og endurmenntun starfsmanna

N ámsaðlögun
A thvarf
U mhyggja/virðing
S amvinna
T áp og fjör
A llir með!
SKÓLI

- **Athvarf**

Markmið: Nemendum líði vel í skólanum
Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi
Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins

Leiðir: Vingjarnlegt og áhugavert umhverfi
Góður aðbúnaður og aðstaða
Góður og hollur matur
Vel menntað og vingjarnlegt starfsfólk
Gott samstarf við íbúa, félög og fyrirtæki í hverfinu

- **Umhyggja og virðing**

Markmið: Samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu og umhyggju
Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu

Leiðir: Jákvæð agastefna – samstaða um gildi
Markviss notkun bekkjafunda
Aldursblöndun nemenda / sveigjanleg hópaskipting
Jafnréttisstefna
Umhverfisstefna

- **Samvinna**

Markmið: Starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum
Foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna
Skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu

Leiðir: Gott upplýsingastreymi
Skólaþing
Teymiskennsla
Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður
Foreldrar virkjaðir til þátttöku

- **Táp og fjör**

Markmið: Nemendur og starfsmenn séu glaðir í starfi sínu innan skólans
Að það sé gaman í skólanum!
Skólinn stuðli að hreysti nemenda

Leiðir: Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfinu
Nægileg hreyfing og útivera fyrir nemendur
Söngur og leikur ríkulegur þáttur í skólastarfinu

- **Allir með!**

Í námi

Í starfi
Í leik
Í ákvörðunum



Naustaskóli 2009-2010

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala: 530109-0110

Sími: 460-4100

Sími í frístund: 460-4111

Netfang: naustaskoli@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Ágúst Frímánn Jakobsson agust@akureyri.is

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir dis@akmennt.is

Fjöldi nemenda: 153 í skólabyrjun, 156 í skólalok

Fjöldi starfsmanna: 24 í skólabyrjun, 27 í skólalok

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf hann starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Skólaárið 2009-2010 voru nemendur liðlega 150 í 1.-7. bekk. Framvegis mun bætast einn árgangur við skólann árlega til 2012 þegar hann verður orðinn heildstæður grunnskóli. Fyrstu árin er auk þess í húsnæði skólans, ein deild frá leikskólanum Naustatjörn, fyrsta veturinn var hún setin af elsta árgangi leikskólans, börnum fæddum 2004.

Undirbúningur skólastarfsins

Skólastjóri var ráðinn að skólanum í júlí 2008, kom til starfa í byrjun október sama ár og hafði vinnuaðstöðu á skrifstofu skóladeildar við Glerárgötu. Til að byrja með fólst vinnan í hugmyndavinnu og stefnumótun, þ.e. að lesa sér til og vinna úr upplýsingum og kenningum, ekki síst hvað varðar einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Einnig að afla hugmynda og skoða hvernig málum væri háttað í skólum með sambærilegar aðstæður og hugmyndafræði og lagt var upp með í Naustaskóla. Skólastjóri varði talsverðum tíma í skólaheimsóknir og heimsótti m.a. Norðlingaskóla, Sjálandsskóla og Ingunnarskóla til að afla hugmynda og gagna. Á haustmánuðunum voru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra, kjörnir voru fulltrúar foreldra í skólaráð og voru haldnir reglulegir fundir með skólaráði til stefnumótunar og undirbúnings. Greinilegt var að ýmsar spurningar brunnu á foreldrum sem höfðu töluvert samband við skólastjóra með heimsóknum, hringingum og tölvupóstum með hinar ýmsu spurningar og vangaveltur varðandi skipulag, kennsluhætti, húsnæðismál o.fl. Töluverð vinna fór í að koma til móts við þessar fyrirspurnir með viðtölum, bréfaskriftum, fréttabréfum og uppsetningu heimasíðu, meðfram því sem hugmyndir um fyrirkomulag skólans mótuðust. Eftir áramót færðist svo aukinn þungi vinnunnar yfir í ráðningar starfsfólks, búnaðarkaup, ýmis atriði varðandi húsnæðismál o.þ.h. Mjög mikill tími fór í búnaðarkaup enda gerðu efnahagsaðstæður (gengisþróun) það að verkum að fjármunir sem áætlaðir höfðu verið



til búnaðarkaupa hrukku ekki til, var því töluverðum tíma varið til að leita hagkvæmra leiða í innkaupum. Vegna gengisþróunar og atvinnuástands í bænum var einnig brugðið á það ráð að láta smíða nær öll húsgögn í skólann á Akureyri, var sú vinna boðin út og hlaut byggingaraðili skólans, SS-Byggir, verkið. Þegar ráðningum var lokið um vorið hittist kennarahópur skólans í nokkra daga til skrafs og ráðagerða og til að stilla saman strengina varðandi stefnu skólans, það var afar gagnlegt, ekki síst vegna þess að seinkun húsnæðisframkvæmda um haustið bitnaði umtalsvert á samráðstíma stjórnenda og kennara. Einnig fóru nokkrir kennarar ásamt skólastjóra í heimsóknir í Norðlingaskóla og Sjálandsskóla þá um vorið.

Það er mat skólastjóra að hinn góði undirbúningstími sem veittur var hafi nýst vel og gert hann betur undirbúinn til að sinna leiðtogastarfi í skólanum. Það sem kom skólastjóra einna helst á óvart varðandi þennan tíma var hversu mikill tími fór í búnaðarkaup og ráðningamál, en mjög mikill fjöldi umsókna barst um þau störf sem auglýst voru við skólann.

Húsnæðismál

Fyrri áfangi húsnæðis Naustaskóla var tekinn í notkun haustið 2009. Þar er að finna heimasvæði 1.-7. bekkja, heimasvæði Frístundar, tónlistarstofu, heimilisfræðistofu og húsnæði sem síðar mun hýsa eldhús en það rými er nýtt sem smíðastofa í bili.

Í seinni áfanga skólans verður stjórnunarálma, íþróttahús, bókasafn, matsalur, fjölnotasalur, verkgreinastofur, heimasvæði unglingastigs o.fl. Fullbyggður mun skólinn rúma 500 nemendur.

Til að byrja með er húsnæði skólans að nokkru leyti nýtt á annan hátt en hönnun gerir ráð fyrir. Þar má nefna að deild frá leikskólanum Naustatjörn er til húsa þar sem gert er ráð fyrir aðalaðsetri Frístundar (síðdegisgæslu), Frístund nýtir þess í stað kennslusvæði 1.-3. bekkjar eftir að kennslu lýkur. Herbergi sem ætlað var til afnota fyrir foreldra er nýtt sem aðstaða skólahjúkrunarfræðings, aðstöðu stjórnenda, ritara, bókasafni, kaffistofu og samkomusal er komið fyrir á efri hæð skólans þar sem gert er ráð fyrir kennslurýmum í framtíðinni, smíðastofa er sem fyrr segir í "framtíðareldhúsi" skólans og vinnurými kennara eru í samtals fjórum rýmum sem sum hver eru ætluð til kennslu.

Það setti sinn svip á skólabyrjun haustið 2009 að framkvæmdir við húsnæðið höfðu dregist töluvert, þegar starfsfólk mætti til starfa var í raun enginn hluti hússins tilbúinn og fór töluverð orka starfsfólks í að færa til búnað og húsgögn eftir því sem framkvæmdir gengu fram. Fór svo að lokum að fresta þurfti skólabyrjun hjá eldra stigi skólans um einn dag því efri hæð skólans var ekki tilbúin í tæka tíð. Skólalóðin var heldur ekki



tilbúin fyrr en nokkuð var liðið á haustið og var m.a. leitað á náðir Naustatjarnar með afnot af leikskólalóðinni fyrir yngstu börnin í frímínútum til að byrja með, að öðru leyti þurftu nemendur bara að setta sig við takmarkaðar aðstæður til leikja. Nokkrir hvímléiðir byrjunarerfiðleikar gerðu einnig vart við sig varðandi húsnæðið, þar sem hæst að illa gekk að fá loftræstingu og gólfhita til að vinna saman á viðunandi hátt, því var



iðulega allt of heitt eða of kalt í húsinu á víxl. Þetta var í raun ekki komið í bærilegt lag fyrr en undir vorið. Þá má nefna að áfangaskipting byggingarinnar gerir nokkra hluti klúðurslega, t.d. forstofumál.

Skólinn var vígður með hátíðlegri viðhöfn þann 28. nóvember 2009 og mátti þá segja að framkvæmdum væri lokið utan minniháttar frágangs- og samstillingaratriði.

Þrátt fyrir ýmsa byrjunarerfiðleika hefur húsnæðið komið vel út og gegnir sínu hlutverki með sóma. Má þar nefna að hljóðvist hefur heppnast vel sem er að sjálfsögðu afar mikilvægt atriði. Skólastjóri hefur list þeirri skoðun sinni að útlit sé fyrir að húsnæðið verði orðið of lítið haustið 2012 og því er mikilvægt að farið verði að huga að byggingu seinni áfanga skólahúsnæðisins sem fyrst.

Byggingarkostnaður fyrri áfanga skólahúsnæðisins var 988 milljónir króna, þar af var kostnaður við búnað 74 milljónir.

Áætlaður kostnaður við síðari áfangann á núverandi verðlagi er um 1.300 – 1.400 milljónir króna. Teikningar af skólahúsnæðinu má nálgast á heimasíðu skólans.

Skólinn í tölum

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

	09-10	10-11	11-12	12-13
Fjöldi nemenda	153			
Fjöldi almennra kennslustunda	275			
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,797			
Fjöldi sérkennslustunda	45			
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,294			
Fjöldi umsjónarkennara	10			
Meðaltal nemenda pr. umsj.kennara	15,3			
Fjöldi barna í Frístund	58			
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,60			
Fjöldi stöðugilda í kennslu	12,3			
Hlutfall réttindakennara (%)	100%			
Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %	74 / 26			
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1,40			
Stöðugildi skólaliða	2,18			
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,25			
Stöðugildi vegna Frístundar	1,28			
Stöðugildi vegna bókasafns	0,50			
Stöðugildi vegna eldhúss	1,40			
Stöðugildi vegna húsvörslu	1			
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,8			
Tölvur alls	47			
Tölvur fyrir nemendur	30			
Nemendur pr tölvu	5,1			
Tölvur í stjórnun og kennslu	17			
Kennarar pr. tölvu	1			
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%			
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	87%			
Árangur á samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	30,55			
Árangur á samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	25,90			
Árangur á samr.pr. í 10.b(mt. ís/stæ)				
Stærð húsnæðis	2338 fm			



Nemendur

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1.BDH	6	6	12	Brynja Dögg Hermannsdóttir
1.ILÓ	7	5	12	Inga Lilja Ólafsdóttir
1.LÞ	6	6	12	Lilja Þorkelsdóttir
2/3.GEG	11	6	17	Gunnþór E. Gunnþórsson
2/3.HJ	9	9	18	Halla Jóhannesdóttir
2/3.HÓ	10	8	18	Hjördís Óladóttir
4/5.HÁ	8	11	19	Heimir Örn Árnason
4/5.SJ	5	14	19	Sigurlaug Jónsdóttir
6/7.ÁG	8	6	14	Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
6/7.KH	9	6	15	Karl Hallgrímsson
	79	77	156	

Árgangaskipting:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:
Árg. 1997 (7.b)	8	7	15
Árg. 1998 (6.b)	9	5	14
Árg. 1999 (5.b)	5	12	17
Árg. 2000 (4.b)	8	13	21
Árg. 2001 (3.b)	13	11	24
Árg. 2002 (2.b)	17	12	29
Árg. 2003 (1.b)	19	17	36
	79	77	156 (Fjöldi nemenda við lok skólaárs)

Starfsfólk

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
Aðalheiður Reynisdóttir	Iðjuþjálfari	þjálfun/ráðgjöf
Ágúst Frímann Jakobsson	Skólastjóri	stjórnun
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur / textílmennt
Bryndís Björnsdóttir	Deildarstjóri	stjórnun/sérkennsla
Brynja Dögg Hermannsdóttir	Kennari	1. bekkur
Elva Rósa Helgadóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Guðrún Huld Gunnarsdóttir	Ritari/stundakennari	ritarastörf/danskennsla
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson	Kennari	2.-3. bekkur / heimilisfræði
Gyða Björk Aradóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur/gæsla
Halla Jóhannesdóttir	Kennari	2.-3. bekkur / myndmennt
Harpa Hrönn Gunnarsdóttir	Skólaliði	eldhússtörf
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur/gæsla
Heimir Örn Árnason	Kennari	4.-5. bekkur / uppl.tækni
Hjördís Óladóttir	Kennari	2.-3. bekkur / áhugasvið
Hrafnhildur Stefánsdóttir	Forst.m. Frístundar	umsjón með Frístund
Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Inga Lilja Ólafsdóttir	Kennari	1. bekkur
Ingibjörg S. Ingimundardóttir	Skólahjúkrunarfr.	hjúkrun
Ingólfur Valur Ívarsson	Umsjónarm./stundak.	húsvarsla/smíðakennsla
Karl Hallgrímsson	Kennari	6.-7. bekkur / tónmennt
Kolbrún Sigurðardóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Lilja Þorkelsdóttir	Kennari	1. bekkur
Marcela Andrea Ceron	Skólaliði/stundak.	gæsla/ræsting/kennsla

Róbert Antonsson	Skólaliði	gæsla/ræsting
Sandra Mjöll Tómasdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Sigurlaug Jónsdóttir	Kennari	4.-5. bekkur / áhugasvið
Soffía Helga Valsdóttir	Skólaliði/stuðn.fltr.	stuðningur/gæsla/ræsting
Örlygur Þór Helgason	Kennari	íþróttakennsla

Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2009 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

Lyklaflokkur:	Raun 2009	Áætlun 2009	Mismunur	Notað (%)
Tekjur	- 7.086.379	- 4.000.000	3.086.379	177.16
Laun og launatengd gjöld	48.257.536	50.959.000	2.701.464	94.70
Vörukaup	10.332.093	5.726.000	- 4.606.093	180.44
Þjónustukaup	30.594.200	34.683.000	4.088.800	88.21
Samtals	82.097.450	87.368.000	5.270.550	93.97

Eins og sjá má var nokkuð um frávík frá fjárhagsáætlun, má það teljast eðlilegt þar sem um nýja stofnun var að ræða og rennt nokkuð blint í sjóinn með ýmsa kostnaðarliði. Tekjur og vörukaup voru nokkuð vanáætlaðir flokkar, munar þar mest um tekjur og kostnað vegna mótuneytis. Eins og sjá má var rekstrarkostnaður skólans vel innan áætlunar, enda voru nokkrir liðir hennar nokkuð rúmir, ekki síst hvað varðar þjónustukaup. Leitast var við að gæta hagkvæmni í rekstri eftir föngum og ekki lagst eftir því að eyða fjármunum þó að undir lok árs væri útlit fyrir rekstrarafgang.

Þegar árið 2010 er hálfnað er útlit fyrir að reksturinn sé í járnum, eftir á að endurskoða fjárhagsáætlun að hluta þar sem nemendafjöldi, og því kennslustundaúthlutun fyrir seinni part ársins, er meiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Áætlaður rekstrarkostnaður skólans fyrir árið 2010 skv. samþykktu áætlun í desember 2009 var 229.755.000 kr.

Vettvangsferðir og heimsóknir

Nemendur fóru nokkuð í vettvangsferðir og fengu heimsóknir frá ýmsum aðilum. Varðandi atburði hjá einstökum námshópum vísast til skrifna kennarateymanna aftur í skýrslunni. Meðal þeirra heimsókna sem skólanum bárust sem heild má nefna eftirfarandi:

- Gerður Kristný rithöfundur kom og las fyrir nemendur.
- Menntamálaráðherra heimsótti skólann í tilefni af degi íslenskrar tungu.
- Sinfóníuhljómsveit Norðurlands kom og lék fyrir nemendur og starfsmenn.
- Starfsmenn Grunnskóla Húnaþings vestra komu í kynnisferð.
- Nemendur í uppeldisfræði í M.A komu og kynntu sér stefnu og starfshætti.
- Nemendur í uppeldisfræði í VMA komu og kynntu sér stefnu og starfshætti.
- Skólastjórar frá Austurlandi komu í kynnisferð.
- Starfsmenn Sjólandsskóla í Garðabæ komu í kynnisferð.



Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

- Samverustundir voru haldnar tvisvar í viku að jafnaði þar sem allir nemendur skólans komu saman. Sungnir voru söngvar af ýmsu tagi, skólastjórnendur nýttu oft tækifærið til að koma á framfæri upplýsingum eða ábendingum og nemendur sýndu atriði af ýmsu tagi sem þeir höfðu æft, annað hvort sem áhugasviðsverkefni eða bara í frítíma sínum.
- Norræna skólahlaupið. Hlaupinn var hringur upp í Naustaborgir og til baka. Allir nemendur tóku þátt.
- Útivistardagur. Í september var einn dagur helgaður útivist, þá fóru allir nemendur og starfsmenn skólans í Naustaborgir þar sem dvalið var við ýmsa leiki og útivist.
- Hrekkjavökuball. Ball haldið af nemendum 7. bekkjar fyrir aðra nemendur skólans.
- Kjörfundur. Nemendur 4.-7. bekkjar kusu fulltrúa í nemendaráð. Framboðsræður og formlegar kosningar.
- Rýmingaræfing. Brunakerfið prófað og skólinn rýmdur.
- Hæfileikakeppni nemenda. Tvisvar sinnum yfir veturinn héldu nemendur í 4.-7. bekk hæfileikakeppni. Í bæði skiptin var um að ræða áhugasviðsverkefni nemanda sem fólst í að skipuleggja keppnina en aðrir nemendur komu með ýmsa atriði til að sýna.
- Litlujól. Litlujólin voru haldin á “hefðbundinn” hátt með stofujólum og síðan jólatrésskemmtun, helgileik og tilheyrandi.
- Legó-námskeið var haldið fyrir nemendur í 4.-7. bekk.
- Skólaþing var haldið hjá 4.-7. bekk þar sem rætt var um skólareglur.
- Árshátíð skólans var haldin 4. mars. Árshátíðinni var tvískipt á þann hátt að fyrst sýndu nemendur í 1.-3. bekk sín atriði meðan foreldrum 4.-7. bekkjar var boðið upp á veitingar, en svo sýndi 4.-7. bekkur sín atriði meðan boðið var upp á kaffi fyrir hinn hópinn. Árshátíðin tókst prýðilega og var gríðarlega góð mæting meðal foreldra og annarra aðstandenda nemenda.
- Skíðadagur. Í mars fóru allir nemendur skólans upp í Hlíðarfjall einn dag og renndu sér.
- Skólabúðaferð 7. bekkjar. 7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 22.-26. mars.
- Gisting í skólanum. 6. bekkur gisti í skólanum eina nótt meðan 7. bekkur dvaldi í skólabúðum.
- Skólabúðaferð 4. bekkjar. Nemendur 4. bekkjar fóru í tveggja daga ferð í skólabúðir í Bárðardal. Skipulagt og framkvæmt með fulltingi foreldra.
- Öðruvísi dagar. Nokkrum sinnum var fyrirskipuð tilbreyting í klæðaburði eða háttum, má þar nefna skringilegan dag og ullarfatadag.
- Þemadagar. Tvisvar um veturinn voru þemadagar nokkra daga í senn, þar sem nemendur störfuðu í aldursblönduðum hópum, þ.e. að hver hópur var skipaður nemendum úr öllum árgöngum skólans. Fyrri skiptið var í desember og var þá unnið að ýmsum jólatengdum verkefnum, en hitt skiptið var síðustu daga ársins og var þá unnið að vortengdum verkefnum. Þemadagarnir tókust afar vel og var mikil ánægja með þá.
- Unicef-dagurinn. Í samstarfi við Unicef á Íslandi stóðum við fyrir viðburði þar sem nemendur hreyfðu sig gegn áheimum foreldra og söfnuðu með því



fjármunum fyrir Unicef hreyfinguna. Þetta tókst afar vel og söfnuðust liðlega 130.000 kr.

- Vorhátíð. Haldin var vegleg vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag og Hverfisnefnd. Dagskráin var með þeim hætti að byrjað var í Naustaborgum með ýmsa leiki, pylsur o.fl. en svo fluttist dagskráin inn í skólann þar sem seldar voru kaffiveitingar, boðið var upp á draugahús, tombólu o.fl. og endað með böllum fyrir nemendur. Afar vel heppnuð hátíð.

Skólatími / stundaskrár

Sl. haust hófst kennsla kl. 8:15 að morgni og lauk kl. 13:35 hjá 1.-3. bekk en nokkru síðar hjá eldri bekkjunum þrjá daga í viku. Nokkuð löng hlé voru tekin í frímínútur og hádegi og var því skóladagurinn lengri en gengur og gerist í öðrum grunnskólum bæjarins. Kennslustundafjöldi var skv. viðmiðunarstundaskrá nema að kenndar voru fleiri stundir í 4. bekk en viðmið kveða á um. (Kenndar voru 30x40mínútur í 1.-3. bekk, 34x40 mínútur í 4. bekk en 35x40 mínútur í 5.-7. bekk) Þónokkrar athugasemdir bárust bæði frá foreldrum, kennurum og reyndar einnig nemendum sem fannst skóladagurinn teygjast of langt fram á daginn.

Um áramót var stundaskrá breytt þannig að kennsla hófst kl. 8:10, hlé voru styttaðeins og kennslu lauk því kl. 13:15 daglega hjá 1.-3. bekk. Jafnframt var samþykkt í skólaráði að miða framvegis við kennslutíma sem svarar 33x40 mínútum í 4.-5. bekk og styttest því kennsluvikan aðeins hjá þeim bekkjum. Þessar breytingar mæltust afar vel fyrir hjá öllum hópum skólasamfélagsins.

Stundaskrár voru annars unnar á þann hátt að stjórnendur settu upp ákveðinn ramma með íþrótt- og sundtímum og fleiri þáttum sem krefjast samhæfingar, en hvert kennarateymi fyrir sig bjó til og skipulagði stundaskrá síns hóps að öðru leyti. Sýnishorn af stundaskrárám námshópa má finna í viðauka þessarar skýrslu.





Skóladagatal

Naustaskóli - Akureyri

Skóladagatal 2009 - 2010

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fréðisdagurinn	1 F Myndir	1 M	1 M	1 F Þingdagur	1 L	1 Þ
2 S	2 Miðvikudaginn	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Fundagurinn	2 S	2 M
3 M Frídagur vesturmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Starfisdagur	4 F	4 F	4 S Þingdagur	4 Þ	4 F Skóli
5 M	5 L	5 Mi	5 F	5 L	5 Þ Nýjennu	5 F	5 F	5 M Annar þáttur	5 M	5 L
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ Starfisdagur	6 F	6 S
7 F	7 M	7 Mi	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M Samráð / net	7 F	7 M Starfisdagur
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F Samráð / net	8 M	8 M	8 F Nýjennu	8 L	8 Þ Starfisdagur
9 S	9 M	9 F Samráð / net	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M Starfisdagur
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Nýjennu	10 F
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F
12 M	12 L	12 Mi Nýjennu	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 F Fréðisdagur starfs	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Upptökningsdagur	13 S
14 F Fréðisdagur starfs	14 M	14 Mi	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F Starfisdagur	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ Spengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 M Starfisdagur	17 F Samráð 4/7b til	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Óskulagur / starfisdagur	17 M Óskulagur / starfisdagur	17 L	17 M	17 F Lyfjendisdagurinn
18 Þ Starfisdagur	18 F Samráð 4/7b til	18 S	18 M	18 F Óskulagur	18 M	18 F Vetrarhl	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 M Starfisdagur	19 L	19 Mi	19 F Áskalið	19 L	19 Þ	19 F Vetrarhl	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F Starfisdagur	20 S	20 Þ	20 F Nýjennu	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F Starfisdagur	21 Mi	21 Mi	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Þósdagur	22 M	22 M	22 F Þósdagurinn fyrsti	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F	23 M	23 Mi Þósdagurinn	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S Háskuladagur	23 M
24 M Skólastarfangamni	24 F	24 L	24 Þ	24 F Annar þáttur	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar þátturinn	24 F
25 Þ Vindur	25 F Starfisdagur	25 S	25 M	25 F Óskulagur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F
26 M	26 L	26 Mi Hústi	26 F	26 L Annar þáttur	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S	27 Þ Hústi	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 M	28 Mi	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L Vindur	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M
31 M		31 L		31 F Gamli dagur	31 S		31 M		31 M	

Stjórnun

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjóra, sem er staðgengill skólastjóra, og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Stjórnendur hafa með sér verkaskiptingu sem er í grófum dráttum eins og sést hér að neðan en hefur að öðru leyti verið í mótun.

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir


Umsjón með starfi í 4.-7. bekk

Umsjón með starfi í 1.-3. bekk

Starfsmannamál og fjármál

Stoðþjónusta

Skipurit



Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda. Þá hefur skólaráð Naustaskóla einnig tekið þátt í umræðum um ráðningar millistjórnenda og kennara.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis.

Skólaárið 2009-2010 skipuðu eftirtaldir skólaráð Naustaskóla:

Ágúst Jakobsson skólastjóri, Heimir Örn Árnason fltr. kennara, Hjördís Óladóttir fltr. kennara, Gyða Björk Aradóttir fltr. starfsfólks, Jón Stefán Baldursson fltr. foreldra, Sara Stefánsdóttir fltr. foreldra, Björk Guðmundsdóttir fltr. hverfisnefndar, Hrannar Þór Rósarsson fltr. nemenda, Erna Helgadóttir fltr. nemenda.

Skólaráð fundaði 9 sinnum á skólaárinu, fundargerðir eru birtar á heimasíðu skólans.

Teymi - fundir

Kennarar skólans starfa í teymum. Kennarar 1. bekkjar mynda eitt teymi, einnig kennarar í 2.-3. bekk, kennarar í 4.-5. bekk og kennarar í 6.-7. bekk. Teymin starfa sameiginlega að kennslu sinna nemendahópa og bera ábyrgð á skipulagningu hennar. Deildarstjóri starfar með teymum 1.-3. bekkjar en skólastjóri með teymum 4.-7. bekkjar. Þá starfa aðrir starfsmenn skólans einnig með teymunum eftir atvikum og funda reglulega með þeim.

Til að byrja með var fyrirkomulag funda nokkuð laust í reipunum, frá áramótum var hins vegar komið á nokkuð fast fyrirkomulag á þann hátt að einu sinni í viku var starfsmannafundur og í framhaldi af honum kennarafundur. Vikulega var einnig gert ráð fyrir deildafundum þar sem kennarar í 1.-3. bekk annars vegar en 4.-7. bekk hins vegar funduðu með stjórnendum.

Nemendaráð

Nemendur í 4.-7. bekk kusu nemendaráð vetrarins. Í því sátu Hrannar Þór Rósarsson 7. bekk, Birna María Ellingsen 7. bekk, Erna Helgadóttir 6. bekk, Hermann Svanur Guðjónsson 5. bekk og Freyr Jónsson 4. bekk.



Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn kennara var kjörinn Gunnþór E. Gunnþórsson en trúnaðarmaður annarra starfsmanna var kjörin Gyða Björk Aradóttir.

Kennsluskipan

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem **”viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda”**.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Í starfsáætlun skólans 2009-2010 var að finna eftirfarandi lýsingu á kennsluskipan í skólanum:

”Gert er ráð fyrir að stuðningskennsla fari fram í námsaðstæðum nemenda á almennum kennslusvæðum eins og framarlega er kostur. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, skólastjórnendur og iðjuþjálfar vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi og námsaðstæður.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka;

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir; Hver dagur hefst með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, þrjá daga í viku er um langa samverustund að ræða (bekkjarfund) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, en tvo daga í viku er samverustund allra nemenda skólans þar sem þeir leika og syngja saman.

b) Vinnustundir; Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Þá vinna nemendur stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara en þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Þarna vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum.

c) Smíðjur; Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum "smíðjum" þar sem kennarar skólans skipta með sér verkum í kennslunni og nýta sérþekkingu sína. Í smíðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt og upplýsingatækni auk þess sem þeir fá tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum. Með



áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

d) Þemavinna; Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5. og 6./7 en í einhverjum tilfellum verður nemendum blandað enn meira. Vetrinum verðum skipt í nokkur tímatil og á hverju tímabili verða ákveðin þemu í gangi, þetta gefur líka tækifæri til sveigjanleika til að nýta styrkleika ákveðinna kennara með því að færa þá milli árganga í þemavinnunni, setja upp leikrit og söngleiki fyrir litlu-jól og árshátíð o.s.frv.

e) Íþróttir og sund; Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar og íþróttir í KA-heimilinu, nemendum er ekið í þessa kennslu, vikulega í hvora grein fyrir sig."

Segja má að þessi lýsing hafi staðist í öllum aðalatriðum. Rétt er þó að geta þess að bekkjarfundir voru í nokkrum tilfellum fátíðari en að var stefnt, einnig var útikennsla í bóklegum greinum fátíðari en við hefðum viljað og lítið varð um skipti á kennurum milli teyma í tengslum við þemavinnu. Að öðru leyti vísast til kafla um mat á skólastarfinu.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati var notast við svokallað “leiðsagnarmat” sem er hluti af kerfinu mentor.is. Skil með þessum hætti fóru fram tvisvar yfir veturinn, í byrjun janúar og við skólalok. Í báðum tilfellum voru foreldrar beðnir um að setjast niður með nemendum og leitast við að meta með þeim hina ýmsu þætti skólastarfsins, bæði hvað varðar nám og félagslega þætti. Þótti okkur þetta fyrirkomulag gefa bærilegt yfirlit yfir stöðu nemenda en ljóst er að koma þarf námsmatsupplýsingum bæði tíðar og fjölbreyttar til foreldra og nemenda. Að öðru leyti vísast til skrifna kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Leikskólinn Naustatjörn sá um matreiðslu fyrir Naustaskóla. Við stofnbúnaðarkaup fyrir skólann höfðu verið keypt afkastameiri tæki fyrir eldhúsið, þ.e. stærri ofn, gufupottur, panna og frystir. Auk þess voru keyptir tveir kælar, salatbarir og tvö hitaborð sem staðsett voru í Naustaskóla. Starfsmaður frá Naustaskóla starfaði í eldhúsi að morgni en flutti svo matinn yfir í hitakösum fyrir hádegið, skammtað var úr hitaborðum á hvorri hæð og nemendur mötuðust á kennslusvæðum þar sem ekki er um matsal að ræða í húsinu. Þetta gekk allt saman prýðilega að undanskyldu því að upphaflega var hugmyndin að flytja leirtau skólans yfir í leikskóla til uppvöskunar en það reyndist óraunhæft. Það var leyst með því að kaupa uppþvottavél sem staðsett er til bráðabirgða í húsnaði skólans. Gert var ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan varð 100% þátttaka nemenda í mötuneytinu. Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 87% nemenda þá þjónustu.

Frístund



Að lokinni kennslu gefst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, unnið í heimanámi, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Viðmiðunarreglur fyrir Frístund, gjaldskrá og fleiri upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.

Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru á bilinu 55-63 börn í Frístund.

Bókasafn

Við stofnbúnaðarkaup var nær engum fjármunum varið til bókakaupa, hins vegar var leitað eftir bókgjöfum meðal foreldra. Er skemmst frá því að segja að undirtektir voru afar góðar og bárust margar góðar bókgjafir. Skólinn keypti svo nokkuð af bókum fyrir áramótin og eins á bókamörkuðum eftir áramót. Þannig hefur orðið til skólabókasafn þó að það sé auðvitað smátt í sniðum enn sem komið er. Skólinn fékk úthlutað 50% stöðu bókavarðar en ákveðið var að gera tilraun með að ritari annaðist bókasafnið, var því úthlutun vegna stöðu bókavarðar nýtt í kennslu. Þetta hefur gengið ágætlega upp en þarf væntanlega að endurskoðast eftir því sem skólinn stækkar.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn eru staðsett á sömu lóð við Hólmatún 2 og hafa með sér töluverða samvinnu sem hefur gengið afar vel. Vorið 2009 var gerð samstarfsáætlun fyrir stofnanirnar og hafa fyrstu skref samstarfsins verið stigin í samræmi við það sem þar kemur fram, ekki hafa þó allir þættir hennar náð fram að ganga enn sem komið er. Fyrir liggur að endurskoða áætlunina og leggja á ráðin um framhaldið með starfsfólki leikskólans, en fyrirséð er að samstarfið aukist t.d. vegna sameiginlegrar innleiðingar á agastefnu o.fl. Samstarfið er hins vegar sem fyrr segir mikið og lýsir sér á ýmsan hátt. Fyrst er þar að telja að elsta deild leikskólans (Fífilbrekka) er til húsa innan veggja Naustaskóla, umtalsvert samstarf er milli Frístundar og Fífilbrekku, samstarf hefur verið milli Fífilbrekku og kennara 1. bekkjar vegna undirbúnings leikskólanemendanna undir grunnskólagönguna, stofnanirnar samnýta eldhús Naustatjarnar og þvottaaðstöðu í Naustaskóla, búnaður og húsgögn hafa verið samnýtt og lánuð milli húsa, fyrir hefur komið að starfsmenn hafa verið lánaðir milli stofnana, Naustatjörn hefur stutt við vinnu varðandi umhverfismál í Naustaskóla, fyrir liggur sameiginleg innleiðing agastefnu með tilheyrandi sameiginlegu námskeiðahaldi fyrir starfsfólk o.fl.

Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.

Endurmenntun

Endurmenntun starfsmanna skiptist annars vegar í þætti sem teknir eru fyrir sameiginlega og hins vegar einstaklingsbundna þætti sem einstakir kennarar nýta sinn skilgreinda endurmenntunartíma í ár hvert. Hér verður stiklað á stóru um þá þætti sem teknir voru fyrir sameiginlega.

- Stefna Naustaskóla. Segja má að fyrsta lota endurmenntunar starfsmanna hafi verið þegar kennarahópurinn hittist nokkra daga í maí og júní vorið 2009. Þar kynnti skólastjóri þau drög sem lögð höfðu verið að stefnu skólans og hópurinn byrjaði að ræða saman um ýmsar áherslur, s.s. agastefnu, aldursblöndun, teymiskennslu o.fl. Þessar umræður hafa svo verið teknar upp aftur öðru hverju yfir veturinn.
- Mentor.is. Kynning á námsframvinduhluta mentor.is á undirbúningsdögum í ágúst (kennarar).
- Numicon. Hálf dags námskeið í notkun stærðfræðinámssefnisins Numicon (kennarar í 1.-3. bekk)
- Vinir Zippýs. Dagsnámskeið í október um notkun námsefnisins Vinir Zippýs (kennarar í 1.-3. bekk)
- Byrjendalæsi. Tveggja daga Byrjendalæsisnámskeið með eftirfylgni í hálf dags-smiðjum yfir veturinn (kennarar í 1.-3. bekk)
- Nýliðanámskeið Akureyrarbæjar í nóvember (þeir 13 starfsmenn sem ekki höfðu áður lokið því)
- Nám og kennsla – fjölbreytni og einstaklingsmiðun, 16 klst. námskeið á vegum Skólaþróunarsviðs H.A. (allir kennarar)
- Skyndihjálparnámskeið (allir starfsmenn)
- Jákvæður agi, lesnir sameiginlega nokkrir kaflar bókarinnar “Positive discipline in the classroom”, umræður og kynningar frá skólastjóra (aðallega kennarar, styttri kynningar til annarra starfsmanna). Þá er vert að geta þess að tveir starfsmenn skólans sóttu fjögurra daga námskeið í þessu efni til Bandaríkjanna í maí.
- Orð af orði. Kynningarfundir frá Skólaþróunarsviði H.A. (kennarar í 4.-7. bekk)

- Stytttri kynningarfundir fyrir starfsmenn m.a. frá barnavernd, fyrirlestur um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi,

Á skólaárinu var mótuð endurmenntunarstefna þar sem kveðið er á um þá þekkingu, leikni og viðhorf sem mikilvægt má teljast að starfsmenn hafi yfir að ráða. Unnið verður samkvæmt þeirri áætlun næsta vetur.

Rannsóknarverkefni um námssamfélag

Sl. haust fór af stað rannsóknar- og þróunarvinna í samvinnu Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur, doktorsnema við Menntavísindasvið HÍ, og skólastjórnenda Naustaskóla. Rannsóknin mun standa yfir þriggja ára tímabil og miðar að því að rannsaka hvort ákveðin aðferð forystu stuðli að námssamfélagi, í hverju hún felist og hvernig megi standa að henni. Upplýsinga er aflað með ýmsu móti, s.s. með viðtölum, vettvangsathugunum, leshringjum, samræðum og niðurstöðum námsárangurs nemenda. Unnið er að stefnumótun, hugtök skilgreind, sett niður viðmið um árangur, þar sem m.a. er stuðst við niðurstöður úr viðtölum og samræmdum prófum.

Rannsóknin gagnast skólanum m.a. á þann hátt að skólastjórnendur fá mikla endurgjöf frá rannsakanda, gagnlegar spurningar, upplýsingar og leiðbeiningar. Í vetur má segja að grunnurinn fyrir rannsóknina hafi verið lagður, rannsakandi og skólastjórnendur hafa fundað vikulega stærstan part vetrarins, farið sameiginlega yfir ýmislegt lesefni og rætt saman m.a. um viðhorf, gildismat og stjórnunaraðferðir. Næsta haust verður sett niður formleg framkvæmdaáætlun um framhaldið í samstarfi þessara aðila.

Umhverfismál

Segja má að fyrstu skref hafi verið stigin að því markmiði skólans að uppfylla skilyrði um Grænfánann þó að enn hafi ekki verið formlega sótt um þá viðurkenningu. Næstkomandi haust stendur til að skólinn sækir um að “komast á græna grein” og fikri sig þannig markvisst í áttina að Grænfánanum. Í vetur höfum við hafið flokkun á pappír og hefur ritari skólans leitt þá vinnu. Naustatjörn hefur veitt okkur aðgang að ýmsu efni sem þau hafa unnið s.s. merkingum og plakötum með ýmsum ábendingum varðandi umhverfismál og hafa þær verið hengdar upp á viðeigandi stöðum.



Jákvæður agi - bekkjarfundir

Sú uppeldisstefna sem lögð er til grundvallar í Naustaskóla nefnist “Jákvæður agi”. Stefnan byggir á svokallaðri “sjálfstjórnarkenningu”, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum. Grundvallaratriði í stefnunni er markviss notkun bekkjarfunda til að þjálfa nemendur í



samskiptum og æfa þá í að finna sameiginlega lausnir á þeim málum sem upp koma. Finna má nánari upplýsingar um stefnuna á vef skólans http://www.naustaskoli.is/page/jakvaedur_agi

Segja má að á fyrsta starfsári skólans hafi verið stigin fyrstu skrefin í innleiðingu stefnunnar en auðvitað er enn löng leið fyrir höndum. Stefnan hefur verið kynnt fyrir starfsmönnum, kennarar eru að prófa sig áfram með notkun bekkjarfunda og kennarahópurinn hefur verið að lesa, bæði einstaklingslega og að hluta saman á haustdögum, bók sem lögð er til grundvallar og nefnist "Positive discipline in the classroom". Á vordögum varð svo til samstarf milli Naustaskóla, Naustatjarnar, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla um innleiðingu Jákvaðs aga. Af því tilefni sóttu stofnanirnar sameiginlega um styrki í Verkefna- og námsstyrkjasjóð KÍ og í Sprotasjóð. Styrkjunum er ætlað að auðvelda námskeiðahald, undirbúning og samráð um innleiðingu stefnunnar. Fengust 500þús. kr. frá KÍ og 2.000þús frá Sprotasjóði sem skólarnir nýta sameiginlega. Í maí fór svo 8 manna hópur frá skólunum til New Jersey á fjögurra daga námskeið þar sem starfsmennirnir kynntu sér stefnuna og aðferðir sem henni tilheyra. Frá Naustaskóla fóru Ágúst Jakobsson og Sigurlaug Jónsdóttir. Á haustdögum 2010 munu skólarnir halda námskeið fyrir sitt starfsfólk og mun 8 manna hópurinn sem fór erlendis annast námskeiðin sameiginlega. Hugmyndin er svo að hópurinn myndi áfram sameiginlegan stýrihóp sem hafi samráð og styðji við innleiðingu stefnunnar í öllum skólunum.

Samskipti heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi Naustaskóla er gott samstarf við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu og námi barna sinna. Helstu liðir í þessu samstarfi sl. skólaár voru eftirfarandi:

- Ítarleg viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur í skólabyrjun. Í viðtölunum var rætt um markmið, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.
- Í byrjun október var kynningardagur þar sem foreldrum var boðið í skólann að morgni dags og upplifðu byrjun dags á sama hátt og nemendur með fundi með umsjónarkennurum og samverustund. Í leiðinni fengu þeir ákveðna fræðslu um skólann og starfið.
- Í tengslum við námsmat um í desember og maí voru foreldrar beðnir um að setjast niður með börnum sínum, meta nám, líðan o.fl. Þeir punktar voru svo ræddir ásamt mati kennara.
- Formlegir viðtalsdagar voru í upphafi skólaársins og í janúar, að auki var boðið upp á viðtöl í apríl.
- Samskipti áttu sér stað þar fyrir utan eftir þörfum, s.s. með símtölum, tölvupósti og fundum þar sem ástæða var til.
- Skipaðir voru bekkjarfulltrúar og í flestum árgöngum stóðu þeir fyrir bekkjarkvöldum eða annars konar samveru nemenda- og foreldrahópsins. Þeir voru þó misjafnlega virkir eftir árgöngum eins og gengur.
- Foreldrafélag var stofnað á fundi 29. október 2009. Stjórn þess fundaði nokkrum sinnum yfir veturinn og styrkti m.a. vorhátíð skólans.
- Skólastjóri sendi mánaðarleg fréttabréf með tölvupósti til foreldra, heimasíða var vel virk og nýtt til upplýsingamiðlunar, einnig dreifibréf/tölvupóstar eftir þörfum. Kennarar nýttu einnig tölvupóst mikið til upplýsingamiðlunar og samskipta.

- Foreldrar styrktu töluvert við skólastarfið með sjálfbóðaliðastörfum. Má þar nefna að foreldrar mönnum nær alfarið gangbrautavörslu að morgni, tvisvar komu þeir til starfa þegar losa þurfti starfsfólk Frístundar vegna funda eða námskeiða, þeir tóku þátt í skólabúðaðferðum og gistingu nemenda

Í heildina tekið er óhætt að segja að samstarf skólans og foreldra hafi verið afar gott og lofi góðu um framhaldið. Starfsfólk skólans fann fyrir afar miklum velvilja og stuðningi frá foreldrum sem auglýsilega vilja skólanum sínum allt hið besta.

Skólareglur

Formlegar skólareglur hafa enn ekki verið fullgerðar. Haldið var “skólaþing” með nemendum í 4.-7. bekk í mars þar sem nemendur lýstu sínum skoðunum á ýmsum atriðum varðandi skólareglur. Niðurstöður hópavinnu nemenda frá skólaþinginu bíða frekari úrvinnslu á komandi haustdögum.

Námsgögn

Námsgögn fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. var keypt í magninnkaupum og foreldrar svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Öll gögn voru keypt þannig sameiginlega fyrir nemendur í 1.-3. bekk en í eldri bekkjunum þurftu nemendur sjálfir að leggja til skriffæri. Þetta var gert til þæginda en einnig til að ná betri verðum enda náðust fram verulegir magnafslættir með þessu móti. Þegar þetta fyrirkomulag var metið seinnipart vetrar kom fram að kennarar töldu að umgengni um skriffæri, liti o.þ.h. væri betri ef nemendur kæmu sjálfir með þessa hluti. Samsvarandi athugasemdir bárust einnig frá foreldrum. Því var ákveðið að bakka aðeins með þetta fyrirkomulag fyrir næsta haust þannig að skólinn annist áfram innkaup á stílabókum, möppum o.þ.h. en foreldrar kaupi liti, skriffæri o.s.frv.



Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Þurfi nemendi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sátu veturinn 2009-2010 skólastjóri, deildarstjóri og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funduðu reglulega með ráðinu sálfræðingur (Björg Norðfjörð), starfsmaður barnaverndar (Þorleifur Níelsson) og sérkennsluráðgjafi (Elín Sigurbjörg Jónsdóttir) frá Akureyrarbæ. Þessir aðilar önnuðust jafnframt ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu við skólann. Nemendaverndarráð fundaði að jafnaði annan hvern fimmtudag kl. 8:15.

Skólahjúkrun

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans er Ingibjörg S. Ingimundardóttir. Hún var í 25% starfi við skólann og hafði viðveru á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum.

Námsráðgjöf

Fyrsta starfsárið fékk skólinn úthlutað 25% stöðu námsráðgjafa. Ekki þótti raunhæft að ráða sérstaklega náms- og starfsráðgjafa í svo lítið stöðuhlutfall og var því ætlunin að einn af kennurum skólans myndi sinna hlutverki námsráðgjafa meðfram kennslu, fyrsta veturinn. Það varð hins vegar minna úr því en ætlað var. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að sumarið 2009 var mikið um innritanir nemenda og þegar skóli hófst voru 30 fleiri nemendur í skólanum en gert hafði verið ráð fyrir við úthlutun kennslumagns. Leiðrétting fékkst upp á 10 kennslustundir en engu að síður þýddi þetta að bæta þurfti kennslu á þann sem hafði átt að annast námsráðgjöfina. Næsta skólaár fær skólinn hins vegar úthlutað 40% stöðu námsráðgjafa og er nú búið að ganga frá ráðningu starfsmanns vegna þess.

Stuðningskennsla / iðjupjálfun

Bryndís Björnsdóttir, deildarstjóri, hefur annast umsjón með stuðningskennslu og kennsluskylda hennar (8 kst) hefur nýst á því sviði. Hún hefur unnið með kennurum að því að aðlagja námsefni og finna einstaklingsbundnar lausnir auk nokkurrar þjálfunar- og greiningarvinnu.

Við skólann starfar iðjupjálfi í 50% starfi. Starfssvið hennar er að styðja bæði við einstaka nemendur, námshópa og einnig að styðja kennara í starfi með ráðgjöf og eftirfylgni í einstökum málum er varða bæði einstaklinga og námshópa. Starfskraftar iðjupjálfa hafa nýst vel og er hugmyndin að auka starfshlutfallið smátt og smátt næstu árin.

Við skólann hafa starfað tveir stuðningsfulltrúar fyrir áramót en eftir áramót bættist við þriðji starfsmaðurinn í hlutastarfi.



Frá Legónámskeiði

Skýrslur kennarateyma

Skýrsla kennara í 1. bekk

Kennarar: Inga Lilja, Lilja og Brynja

Skipulag námsins: Í vetur höfðum við þann háttinn á að nemendum var skipt í þrjá námshópa og kennarar flökkðu milli hópanna dag frá degi. Námsgreinum var ekki skipt á milli kennara, heldur kenndum við allar sömu greinar. Námshópunum breyttum við með reglulegu millibili. Skipting í hópana réðist af því hvaða börn unnu best saman og því að góður vinnufriður fengist.

Okkur fannst það breyting til batnaðar þegar stundatöflunni var breytt um áramót. Fyrir breytingu nýttist síðasta kennslustund dagsins illa þar sem úthald barnanna var á þrotum.

Kennslan var skipulögð viku fram í tímann.

Þemaverkefnið sem unnin voru tengdust Byrjendalæsi. T.d. *Húsdýrin* (útbúin bók), Álfar og huldufólk og Líkaminn (lítill safnmappa sem látin var fylgja leiðsagnarmati um vor). Lífsleikninámsefnið “*Vinir Zippys*” var notað í stað bekkjarfunda. Þegar upp komu mál sem taka þurfti fyrir var þó fundað í litlum hópum. Ekki var þörf á stuðningi inni í bekknum, enda hóparnir litlir.



Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun: Samstarf við foreldra var mjög gott í vetur. Á haustfundi var sérstaklega tekið fram að foreldrar væru alltaf velkomnir í skólann, en við hefðum þó viljað sjá meira af þeim.

Á hverjum föstudegi var sendur heim tölvupóstur um það sem var á dagskrá hjá bekknum í vikunni sem leið og hvað stóð til í þeirri næstu. Upplýsingar um heimanám voru settar inn á mentor.is.

Í nokkrum tilfellum var tekið upp á því að nota samskiptabók með nemendum og reyndist það vel. Í öðrum tilfellum var tölvupóstur sendur heim daglega.

Í eitt skipti í vetur mættum við á bekkjarskemmtun sem skipulögð var af bekkjarfulltrúum og sáum um skemmtiatriði þar.

Vettvangsferðir og uppákomur: Farið var í nokkrar vettvangsferðir í vetur. Í álfapemanu okkar var farið í þrjár gönguferðir, farið var í nokkrar ferðir á Amtsbókasafnið, gönguferð í Naustaborgir, sleðaferð í Jólasveinabrekku, skíða/sleðaferð í Hlíðarfjall (ásamt öllum öðrum nemendum skólans) og á vordögum var bæði farið í gönguferð í Kjarnaskóg og í ísferð í Brynju.

1.bekkur sýndi tvisvar sinnum skipulagt atriði á samverustund, auk atriðis þeirra á árshátíð.

Námsmat: Í 1.bekk var notað símat og leiðsagnarmat. Lögð voru fyrir þrjú læsiprof, tvær skriftarkannanir, þrjár stærðfræðikannanir og tvö hraðlestrarprof (þrjú í sumum tilfellum).

Endurmenntun: Við erum sammála um að nauðsynlegt sé að auka við þekkingu okkar á Numicon og halda áfram með Byrjendalæsið. Við gætum hugsað okkur að kynna okkur betur þau kennsluforrit sem til eru, skyndihjálpin þarf að rifja upp með reglulegu millibili og gaman væri að fara á námskeið í útikennslu.

Með hliðsjón af könnun meðal foreldra: Ánægjulegt er að sjá góða svörun frá 1. bekk, og foreldrar virðast yfir heildina nokkuð sáttir með fyrsta veturinn í Naustaskóla. Samkvæmt foreldrum virðist vanta meiri upplýsingar frá kennurum um námslega stöðu nemenda (þrátt fyrir þetta segjast foreldrar ekki vera nógu duglegir í að bera sig eftir upplýsingunum). Við heyrum lítið frá foreldrum í þessu samhengi. Okkur finnst miður að einhverjum foreldrum þyki skólinn ekki koma til móts við þarfir barns síns (2) og að ekki séu gerðar eðlilegar námskröfur til þess (3). Það kemur þó á óvart hversu lítið við fáum að heyra frá foreldrum enda nauðsynlegt að fá athugasemdir til að geta leyst málin. Eins finnst okkur slæmt að sjá að 5 af þeim 15 börnum sem virðast ekki líða vel í skólanum eru í 1.bekk.

Áberandi margir kvarta yfir vanlíðan í búningasklefa. Það mál þarf að athuga nánar.

Hvað hefur gengið vel? Almennt hefur kennslan þetta fyrsta ár gengið vel. Teymið hefur unnið vel saman og verið í góðu samstarfi við foreldra.

Hvað hefur gengið miður? (Þessi atriði finnst okkur að mætti bæta fyrir næsta vetur) “Sérþarfabörn” hafa farið á mis við þá þjónustu sem rætt var um að veita þeim í vetur. Þau börn sem t.d. áttu að fara reglulega í þjálfun til iðjubjálfa misstu nokkuð oft af sínum tímum þar sem iðjubjálfi fór í forfallakennslu. Að okkar mati er þetta nokkuð sem ekki má gerast næsta vetur.



Tengslakannanir finnst okkur að mætti leggja fyrir í árgöngunum á einhverjum tímapunkti yfir veturinn. Niðurstöðurnar gætu sýnt okkur eitthvað sem við ekki endilega ættum von á.

Mikið hefur verið rætt um frímínútnagæslu í vetur og við höfum fengið athugasemdir frá foreldrum varðandi það. Nauðsynlegt er að gæslan sé vel mönnuð, ekki síst vegna þess hve skólalóðin er stór og börnin dreifð um svæðið. Ef þeir starfsmenn sem sinna

frímínútnagæslunni eru fjarverandi er vissulega mikilvægt að manna þær stöður (mætti leita til kennara?)

Hugleiðingar: Minnka má notkun námsbóka í íslenskukennslu og leggja meiri áherslu á verkefni tengd byrjendalæsi.

Gaman væri fara í meira samstarf með leikskólanum t.d. sýningar, söngur og fl.

Eins þyrftum við að kalla foreldra oftast í skólann á stuttar sýningar hjá börnunum, kaffi og spjall.

Þyrftum að vera duglegri að senda foreldrum stutta pósta varðandi gengi barnsins á þeim tíma en einblína ekki bara á neikvæð skilaboð.

Auka þarf útikennslu.

Meira samstarf þarf að vera á neðri hæðinni (1., 2. og 3. bekkur)

Meiri smíða-, textíl-, og heimilisfræðikennslu í 1. bekk.

Koma þarf betra skipulagi á svæðin niðri t.d. úthluta tímum í tölvur

Negla fast skipulag á þemadaga, hafa sameiginleg þemaverkefni oftast.

Meiri afþreyingu þarf á skólalóðina.

Skýrsla kennara í 2.-3. bekk

Kennarar: Gunnþór, Halla og Hjördís

Skipulag námsins: Byrjendalæsi var í aðalhlutverki þar sem íslenskan (allt sem undir hana fellur) var í fyrirrúmi og stundum var stærðfræðin sem og samfélagsfræðin tengd inn í. Bækur í byrjendalæsi í vetur voru (ekki í réttri röð): *Gula sendibréfið*, *Hver er flottastur*, *Asnaskólinn*, *Helgi skoðar heiminn*, *Kuggur og þorablótið*, *Þú ert frábær*, *Þverúlfs-saga grimma* og *Risaeðlutíminn*. Byrjendalæsi var mikið keyrt á hringekjuformi, mikil myndræn og verkleg útfærsla.

Samfélagsfræði var tekin í anda Byrjendalæsis. Bækurnar *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* og *Komdu og skoðaðu fjöllin* voru notaðar til hliðsjónar og verkefni um risaeðlur. Samfélagsfræðin kom í framhaldi af þeim verkefnum sem gerð voru í Byrjendalæsi sbr. fjallapema í tengslum við *Gula sendibréfið*, íslenskir þjóðhættir í tengslum við *Kugg og þorablótið*. Risaeðluverkefni var unnið í framhaldi af bókinni *Þverúlfs-saga grimma*. Samfélagsfræðin var unnin í þemum, mikil myndræn og verkleg útfærsla.

Trúarbragðafræði var einnig unnin á þessum nótum. Bókin sem notuð var til hliðsjónar var *Trúarbrögðin okkar*. Börnunum var skipt í þrjá hópa og hver hópur tók fyrir ein trúarbrögð (Búddha, Hindúatrú og Islam) og kynntu í lokin.

Lestur; heimalestur var hvern dag og lesið fyrir kennara 2-3svar í viku.

Skrift; Síðuskólaskriftin var notuð með viðeigandi skriftarheftum.

Stærðfræði; Undirdjúpabækur ásamt *Einingu*

og hlutbundin stærðfræði. Einnig *Viltu reyna*, *Stefnum á margföldun* og ýmis verkefnahefti. Verkefni voru útbúin í tengslum við Byrjendalæsið.

Lífsleikni; Stuðst var við námsefnið *Vinir Zippýs*, það var tekið fyrir einu sinni í viku ásamt bekkjarfundum þar sem málefni sem upp komu voru tekin fyrir ásamt fleiru.

Enska; Notast við ýmis verkefni, útgefin af Námsgagnastofnun.

Íþróttir; Sundtímar voru einu sinni í viku og íþróttir tvisvar í viku allan veturinn.



Heimavinna var í lágmarki. Börnin fengu heimavinnupakka einu sinni í viku og höfðu vikuna til að leysa heimanámið. Megináhersla var lögð á stærðfræði og íslensku í heimanámi. Heimanámið var yfirleitt í tengslum við verkefni sem unnin voru í



skólanum hverju sinni. Foreldrar gátu óskað eftir meira eða minna heimanámi og var því mætt.

Árshátíðin var haldin í febrúar. Börnin undirbjuggu skemmtiatriði í tengslum við íslenska þjóðhætti sem þau höfðu unnið með 2 vikur á undan. Haldin var sýning á afrakstri þess verkefnis og börnin komu með gamla hluti að heiman er tengdust lífi fólks í gamla daga.

Foreldrasamstarf. Gott samband var við foreldra. Sendur var út upplýsingapóstur (tölvupóstur) einu sinni í viku. Foreldrar gátu leitað, og leituðu, óspart til okkar. Mjög margir formlegir fundir voru haldnir með ráðgjöfum skóladeildar. Reyndi töluvert á kennara vegna nokkurra mála sem komu upp. Fastir viðtalstímar voru í boði en auk þess gáfu kennarar kost á fundum þegar þess þurfti. Tölvusamskipti voru mikil. Foreldrar komu töluvert í heimsókn í skólann og virtust fylgjast vel með að langflestu leyti, þeir gáfu okkur hins vegar gott svigrúm til að þróa skólann.

Vettvangsferðir og uppákomur. Sleðaferð í Jólasveinabrekku með kakói og kleinum, Hlíðarfjallsferð, Minjasafn heimsótt í tengslum við íslenska þjóðhætti, heimsókn frá slökkviliðinu til 3. bekkjar sem fékk að skoða slökkvibílinn, forvarnafulltrúi lögreglu heimsótti nemendur, nokkrar ferðir voru farnar í Naustaborgir.

Námsmat. Skólastarf um haustið hófst með viðtölum við foreldra og nemendur þar sem línur voru lagðar. Námsfiskynning var í október. Foreldrum var boðið í skólann þar sem Byrjendalæsi var kynnt sem og annað starf skólans. Leiðsagnarmat (notast við mentor) var afhent í viðtalstíma með foreldrum og nemendum í janúar, þar var lagt mat á haustið og líðan, nám og aðlögun nemandans rædd. Boðið var upp á viðtöl í apríl fyrir þá sem þess óskuðu og ef þurfti. Leiðsagnarmat var unnið að vori með sama hætti og um jól. Námsmat var annars mest í formi símats. Lestrarpróf voru tekin þrisvar sinnum. Nokkrar kannanir voru lagðar fyrir í stærðfræði og var Byrjendalæsiskönnun lögð fyrir að vori. Læsispróf voru lögð þrisvar sinnum fyrir nemendur 2. bekkjar. Byrjendalæsispróf eftir Rósu Eggertsdóttur var lagt fyrir 3. bekk. Próf í samfélagsfræði var lagt fyrir að vori. Tekin voru einstaklingsviðtöl við nemendur. Við lögðum mikið upp úr því að fylgjast með nemendum, líðan þeirra og námi. Haldnir voru bekkjarfundir þar sem ýmis mál komu upp á yfirborðið. Börnunum voru gefin tækifæri til að tjá sig um skólastarfið og líðan. Nemendur leituðu mikið til okkar ef eitthvað kom upp og voru flest ófeimin við það.

Varðandi námshópin sérstaklega. Þessir árgangar voru mjög krefjandi. Mikið var um agamál og félagslegar aðstæður slæmar hjá nokkuð stóru hlutfalli nemenda, margir nemendur því með mörg vandamál í kringum sig og það litaði skólastarfið nokkuð. Það gekk samt vel að móta kerfið í kringum nemendur. Í fyrstu reyndist það okkur erfitt en við teljum okkur hafa náð góðu yfirliti yfir nám og þroska nemenda sem hlýtur að vera stórt markmið í sjálfa sér.

Niðurstöður könnunar meðal foreldra. Foreldrar eru vanir að fá staðlaðar tölur yfir getu nemenda og fannst þeim við ekki hafa nægilegt yfirlit yfir hvern og einn. Hvort það er satt eða það að við stóðumst ekki kröfur foreldra um að hafa einkunnirnar eins og þeir eru vanir er síðan spurning.

Kennarar færðu í dagbókina í mentor ef eitthvað kom upp á. Fram kom að mikilvægt væri að skrá líka jákvæða hluti þar inn og hafa foreldrar nefnt það að mikilvægt sé að fá

jákvæðar fréttir af börnunum ekki síður en neikvæðar. Þetta þarf ef til vill að bæta hjá mörgum kennurum.

Við teljum okkur hafa tekið á agavandamálum er þau komu upp en það var töluvert mikið um agavandamál í þessum hópi, sérstaklega í upphafi, en við reyndum að leysa eins mörg vandamál og kostur var á í vetur. Foreldrum var gefinn kostur á að fá annað heimanám eða meira ef þeir mátu það svo og þeim var gert það ljóst að ef þeim fannst eitthvað óljóst eða vildu koma með hugmyndir þá væru þær vel þegnar.

Við skiptum heildarhópnum í þrjá grunnhópa/umsjónarhópa og voru umsjónarkennarar að mestu með sinn hóp. Við hittum okkar hópa á morgnana og lögðum línurnar fyrir daginn. Miðað við hvað árgangurinn var krefjandi teljum við að þessi skipting okkar hafi reynst sumum nemendum og kennurum sérlega vel. Þó við værum mest með þau í umsjónarhópum þá skiptum við þeim upp í hringekjuvinnunni og í smiðjutímum þar sem þau blönduðust öðrum hópum.

Hvað þarf að hafa í huga næsta vetur?

Sérkennsla; við vildum sjá skýrari sérkennsluramma sem við vitum að verður næsta vetur. Ekki það að börnin séu tekin út heldur að kennarar fái meiri leiðbeiningar með úrræði og ramma fyrir þá nemendur er það þurfa. Það tókst vel með nokkra einstaklinga sem voru með "möppukerfi". Nokkrum einstaklingum sem eru á gráu svæði þarf að fylgja betur eftir.

Teymisvinna: Gott er að leyfa teyminum að fá næði til að vinna saman og hlúa að samvinnunni. Það getur verið lýjandi að sækja alls konar námskeið sem manni finnst e.t.v. ekki nýtast manni sem skyldi. Endurmenntuninni mætti dreifa betur yfir veturinn og fengju teymin því meiri tíma umfangs til skipulagningar og ígrundunar. Samvinna teyma mætti vera meiri. Sameiginleg þemu eru mjög spennandi og skemmtileg, þar sem smiðjukennarar vinna líka að sömu verkefnum. Neðri hæðin mætti vinna meira saman og efri hæðin líka. Við vorum mjög ánægð með jólaþemað og vorþemað þar sem öllum árgöngum var blandað. Sniðugt að hafa eitt stórt þema t.d. Afríkubema þar sem allir eru með; tónlist, myndlist og allar greinar samþættar.



Áhersla næsta vetur: Mikilvægt er að ljúka vinnu við skólanámskrá og að mótun námsmats. Samræma þarf möppukerfið innan skólans (portfolio), allir árgangar séu með eins. Sniðugt væri að einhver væri settur möppustjóri sem ákveður hvað á að vera í þessum möppum og hvort þær fari heim á ákv. vikna fresti, ársfresti eða 10 ára fresti. Það hefði mátt einbeita sér betur að teyminum í nýju kerfi í stað þess að þurfa að sækja námskeið (á vegum H.A.) sem okkur fannst ekki nýtast sem skildi að svo komnu máli. Það hefði komið sér betur að styrkja starfsmenn frekar sem hóp. Samráðsfundir með öðrum aðilum sem koma að börnunum þarf að passa að séu inni á áætlun, fundir með hæðunum hvorri fyrir sig.

Kaffi: Það þarf að ráða kaffistjóra, einn ákveðinn einstakling sem sér um kaffið og ef hann er ekki til staðar þá verði séð um að annar fylli skarðið. Indælt væri að fá eitthvað að maula endrum og eins. Hægt væri t.d. að hafa rúnstykkið á föstudögum.. Það mætti skipta umsjón á kaffistofunni niður á starfsmenn sem sæju þá til að hún sé

hugguleg o.þ.h. Það er ótrúlegt hvað kaffidreitill og örlítill kexbiti getur glatt kennarans hjarta.

Samvera: Við hefðum viljað syngja önnur og betri lög í samveru þar sem áherslan væri lögð á textann. Kynna gömlu góðu lögin með betri textunum. Þessi nýju lög eru fín í bland en þessi vettvangur til tilvalinn til að kynna rótgróna íslenska alþýðutónlist!

Lokaorð: Þegar öllu er á botninn hvolft erum við öll, starfsmenn skólans, búin að búa til góðan grunn að góðum skóla þar sem nemendum og starfsfólki líður vel. Betra getur það varla verið. Lífið er dásamlegt!

Skýrsla kennara í 4.-5. bekk

Kennarar: Heimir Örn og Sigurlaug

Tölulegar upplýsingar: Nemendur í 4-5. bekk voru að lokum 38 manns. Við byrjuðum með 35 nemendum. Það komu tveir drengir um áramót og svo kom ein stúlka í maí. Kynjaskipting; stelpur voru 25 á móti 13 strákurum.

Árgangaskipting: Í 4.bekk voru 21 nemandi og 17 nemendur í 5.bekk.

Mætingin í vetur var mjög góð í heildina. Einstaka nemendur mættu of oft seint, oftast sömu nemendurnir, haft var samband við foreldra vegna þessa með misjöfnum árangri.

Varðandi ástundun fannst okkur mætingin í sund alls ekki vera nógu góð. Mikið vesen var t.d. með sundföt. Einnig voru bréf frá foreldrum orðin óeðlilega tíð um að nemendur mættu ekki fara í sund t.d. vegna strengja.

Í leikfimi bar á því að nemendur kæmu ekki með leikfimiföt en það er spurning hvort við þurfum ekki samræma reglur í öllum bekkjum um þau mál.

Starfsmenn: Fram að áramótum voru tveir starfsmenn að vinna á svæðinu mest megnis. Heimir, Sigga og stundum Ágúst. Eftir áramót kom Soffía (stuðningsfulltrúi) og hjálpaði til þrisvar í viku.



Skipulag námsins:

Fyrir áramót var stundatafla of viðamikil og krakkarnir voru of þreyttir í lok dags. Eftir áramót var ástandið allt annað og okkur fannst taflan vera góð.

Við vorum mjög ánægð með að byrja alltaf með börnin fyrst á morgnanna í krók. Það skiptir miklu máli upp á samheldni í hópnum og að koma skilaboðum áleiðis.

Okkur fannst samveran einnig heppnast

mjög vel og bekkjarfundir tókust vel en við þurfum að reyna að hafa þá oft en styttra í senn.

Námsgreinar og áætlun: Á hverjum mánudegi gera nemendur vikulega áætlun í íslensku, stærðfræði og skrift í áætlunarbók sem þeir vinna eftir. Nemendur skrifa í upphafi viku niður þær blaðsíður sem þeir ætla að vinna í vikunni. Þegar lokið er við efnið er strikað yfir í svokallaðri áætlunarbók. Kennari fer yfir þessa áætlun í vikunni á eftir og metur vinnuna. Unnið er í áætlun 3-4 sinnum í viku og einnig í hringekjutímum. Áætlunin fer einnig heim vikulega og geta foreldrar þannig fylgst með og skrifað

hvetjandi orð í áætlunarbókina. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með námi barna sinna.

Við mælum eindregið með því fyrir næsta vetur að kaupa bók sem heitir Skjatti sem notuð yrði sem áætlunarbók. Okkur fannst áætlunarvinnan vera mjög í takt við stefnu skólans en að sjálfsögðu þurfum við að endurskoða okkar plan og skipulag hvernig við förum betur yfir áætlanirnar. Við höldum reyndar að mannekla á okkar svæði hafi gert þetta nokkuð erfiðara en það ætti að vera. Við gátum sjaldnar en við vildum lesa með krökkunum og aðstoð fyrir ver stadda nemendur námslega hefði þurft að vera meiri.

Þemaverkefni voru eftirfarandi fyrir áramót: Umhverfis- og plöntuþema samþætt – Plánetuþema – Drauguþema - Jóluguðspjallið og kristinfræði.

Eftir áramót: Akureyrarþema – Saga mannkyns – Hafið og flýgur fiskisagan.

Það sem gekk vel var áhugi barnanna á þemavinnunni. Hópa vinna gekk betur og betur eftir sem á leið. Þau lærðu að vinna saman með tímanum og virða hvort annað og taka tillit.

Námsmat: Við hefðum mátt vera duglegri í námsmati. Helst má þar nefna að hafa einhverskonar kannanir. T.d. svindlpróf, fleiri venjulegar kannanir, stuttar ritgerðir og aukið sjálfsmat. Þetta er á stefnuskránni næsta vetur. Það námsmat sem við höfðum var mat á hópavinnu á námsmatsblöðum. Þetta fannst okkur gott námsmat en það hefði mátt vera fjölbreyttara.

Þemavettvangsferðir sem gengu allar mjög vel voru:

Ferð 1 (umhverfisþema): Umhverfisferð út í Eyjafjörð að skoða endurvinnsluverksmiðju. Þó lyktin hafi verið vond þá fannst krökkunum þetta nokkuð spennandi, ágætis kveikja á þemanu.

Ferð 2 (plöntuþema) Í byrjun hausts kíktum við upp í Naustaborgir og týndum blóm og lauf.

Ferð 3 (plánetuþema): Farið var í MA og skoðað var “stjörnuver” þar sem þau fengu að sjá allt í þrívídd. Afar flott og skemmtilegt fyrir börnin.

Ferð 4 (Akureyrarþema) : Ferð á minjasafnið og skoðað m.a. Akureyri fyrr og nú. Þessi ferð var allt í lagi nema að safnvörðurinn skipulagði heimsóknina alls ekki nógu vel að okkar mati.



Ferð 5 (Hafið og fiskisagan): Farið var í frystihús Brims og togarann Sólþak. Þessi heimsókn gekk frábærlega í alla staði. Krakkarnir fengu flotta fræðslu og faðir tveggja stúlkna í hópnum leiddi okkur í allan sannleikann um hvernig er að vera til sjós.

Okkur fannst þessar ferðir vera flott kveikja í öllum þessum þemum. Krakkarnir fylgjast vel með, spyrja mikið og eru áhugasamari fyrir vikið.

Aðrar ferðir í vetur. Fórum á kaffihús og fengum kakó og smákökur.

Fórum tvisvar á bókasafnið til að taka okkur bækur og læra á bókasafnið.

Það var farið í skautiferð sem gekk mjög vel.



Nemendur 4. bekkjar fóru í tveggja daga ferð í Kiðagil, sú ferð var farin að frumkvæði foreldrahópsins og með aðstoð foreldra.

Námsmat: Það er símat í stærðfræði og íslensku. Þ.e.a.s það eru kannanir eftir ákveðin viðfangsefni. Við settum þetta upp í verkefnabók á mentor þar sem skráð var útkoma úr könnunum. Einnig skrifuðum við upplýsingar inn í verkefnabók, sem gaf til kynna ef nemandi var ekki klár á ákveðnum aðgerðum eða efni.

Í leiðsagnarmatinu skrifuðum við umsögn um það sem vel var gert og það sem betur mætti fara.

Þemamat (sjá kafla á undan)

Það voru lestrapróf tvisvar sinnum yfir veturinn, spurning um að hafa þetta þrisvar!

Reglulega voru teknar kannanir í stafsetningu og einnig meta nemendur sig sjálf með því að fara yfir stafsetningaræfingarnar sínar.

Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun: Við teljum að foreldrasamstarfið hafi verið mjög gott. Það hafa verið vikupóstar, samtöl, heimsóknir og mikið af persónulegum samtölum við foreldra, bæði um námið, hegðun o.fl. Við höfum reynt eftir bestu getu að leysa öll vandamál sem komið hafa upp. Það hafa þó nokkrir foreldrar lýst ánægju sinni með samskiptin og gott samstarf. Við tókum sérstaklega eftir miklum áhuga foreldra þegar þau komu hingað í heimsóknir til að skoða vinnu nemenda og var, að við höldum, 100% mæting á spurningakeppni um plánetur.

Foreldrar komu með eina stutta ábendingu um heimanám, þá fannst þeim bókin *Hringur* vera aðeins erfið þannig að við tókum hana út úr heimanáminu. Við vorum „opin fyrir ábendingum“.

Endurmenntun: Okkur langar að fá framhaldsnámskeið í Orð af orði. Okkur finnst vanta betri handbók með verkefninu en þetta verður væntanlega betra í upphafi vetrar. Sigga vill fá tölvukennslu. Annars þyrftum við að fá aðeins betri kennslu á open office. Sérstaklega writer og open office calc.

Niðurstöður með hliðsjón af foreldrakönnun: Við hefðum getað verið duglegri með upplýsingar um námsframvindu. En við teljum að það muni batna mikið með tilkomu verkefnabókar næsta vetur inn á mentor. Munum senda upplýsinga póst um notkun þess. Annars finnst okkur fólk vera jákvætt almennt og við munum halda áfram að nota mentor og hvetja foreldra til þess.

Hvað þarf að hafa í huga fyrir næsta vetur: Við þurfum að endurskoða áætlanir fyrir 4.- 5. bekk. Þ.e.a.s við þurfum að bæta inn innlögnum með því að skoða stærðfræðistigin fyrir veturinn og íslenskuþrepinn og vinna innlagnir samhliða.

Skrá þarf kannanir sem nemendur taka jafnóðum inn í verkefnabók í mentor þannig að foreldrar geti fylgst betur með framvindu námsins. Fjölbreyttara námsmat þarf í þema (sjá kafla á undan) Ætlum að bæta inn í íslenskuna Orð af orði og meiri ljóðakennslu.

Skoða þarf nýju íslensku bókina inn á skólavefnum (e. Baldur Hafstað o.fl.) með hliðsjón af því hvort gott sé að nota hana t.d. fyrir nemendur í eldri árganginum.

Hafa þarf eitt til tvö stöðupróf til að kanna stöðu barnanna (það eru samræmd próf fyrir 4.bekk, spurning með 5.bekk)

Skipuleggja þarf stuðninginn betur, þ.e.a.s. virkja stuðningsfulltrúa betur.

Varðandi teymisvinnu erum við búin að við teljum að svara því hér fyrir ofan. Þ.e.a.s hvað við ætlum að bæta og laga fyrir næsta vetur. En að sjálfsögðu er mikilvægast að vera áfram í svona góðu skapi og hafa gaman af hlutunum!

Varðandi umbætur þá finnst okkur númer 1, 2 og 3 að stefnu skólans verði fylgt eftir á öllum stigum. Móta þarf betur skipulag námsins í íslensku og stærðfræði.

Við teljum að gott væri að hafa safnmöppudag í lok skólaárs þar sem foreldrar komi og skoði safnmöppuna með barni sínu. Geri síðan saman mat á möppunni og velji sér 3-4 uppáhalds verkefni. Á þessum degi gæti líka matið og verkefnabókin verið með.

Skýrsla kennara í 6.-7. bekk

Kennarar: Ása Katrín og Karl

Tölulegar upplýsingar: 29 nemendur alls, 15 nem. í 7. bekk, 8 kk og 7 kvk en 14 nem. í 6. bekk, 9 kk og 5 kvk

Ása Katrín Gunnlaugsdóttir og Karl Hallgrímsson voru umsjónarkennarar, Soffía Helga Valsdóttir kom inn sem stuðningsfulltrúi eftir áramót í ca 5 klst. á viku Marcela Ceron kenndi báðum árgöngum ensku, Örlygur Helgason kenndi íþróttir og hluta af náttúrufræði auk þess sem hann hafði umsjón með stóru upplestrarkeppninnar, Heimir Árnason kenndi einnig íþróttir.

Námsgreinar: Í upphafi voru nemendur gerðir ábyrgir fyrir náminu í íslenskuknni og stærðfræðinni, þau unnu í áætlunarkerfi, 11,12,13,14 stigi. Einnig unnu nokkrir nemendur í 7.-8 stigi. Svo voru einstaka nemendur með sérvalið stærðfræðiefni, við leituðum að viðfangsefnum við hæfi hvers og eins, við val á því var deildarstjóri okkur innan handar.

Í íslenskunni byrjuðum við á lestri og eyðufyllingarverkefnum, hurfum frá því fljótlega, fannst nemendur ekki fá mikið út úr því. Reyndum að halda fjölbreyttum lestri að þeim í vetur, t.d. yndislestri, lesa upphátt og fjalla um efnið (lesið, spurt og spjallað), lásúm fyrir þau fjölbreytta texta, héldum að þeim tímaritum, litum í dagblöð.

Í enda vetrar var farið í gang aftur með málfræði. Þreifðuðum á aðferðinni *Orð af orði* með nokkrum verkefnum. Þjálfuðum ritun með nokkrum aðferðum.



Þemaverkefni. Náttúruþema, stuðst við bókina *Land og líf*, árshátíðarþema, Evrópuþema fjallað um lönd og þjóðir í evrópu, Líkamin og að lokum var ritgerðarþema.

Land og líf verkefni gekk bærilega, það var metið 50% vinnubók 50% próf í lokin.

Árhátíðarþema, þar sem við nýttum okkur vinnu við árshátíð sem eitt þema, við máttum það ekkert sérstaklega, en þetta varð mjög skemmtileg vinna. Eftir á að hyggja hefðum við átt að meta vinnu þeirra og þátttöku og sýna þeim og foreldrum niðurstöðurnar.

Evrópuþema var stærra í sniðum, verkefnin voru fjölbreytt; leikræn tjáning, tölvuvinna, myndlist, tjáning, vinnubókavinna, lestur o.fl. Við rákum okkur á í þessu þemaverkefni að það tók full langan tíma, hefðum þurft að hafa það styttra til að geta haldið áhuga nemendanna allan tímann. Metið með vinnubók, bæklingi, símati, virknimati, kynningum og myndböndum.

Næsta verkefni skipulögðum við enn betur og fengum að njóta reynslu úr öðrum skóla.

Líkaminn var best heppnaða þemað okkar, var mjög vel skipulagt, nemendur vissu algjörlega til hvers var ætlast til af þeim, fengu markmið fyrir hvern kafla og vorum við með þrjá styrkleika á námsefninu eftir færni nemenda. Skipulagið hafði þann galla að ekki var komið inn á nógu margar fjölbreytilegar námsleiðir. Byggðist mest á lestri og ritun og það hentaði ekki alveg öllum.

Námsmat var fjölbreytt, samvinnuþróf 40%, vinnubók og virknin í tíma 30%, kynning 10%, verkefni um ákveðin líffæri 20%. Mikil ánægja var með þetta þema.

Ritgerðarþema, við hönnuðum verkefnið með tilliti til þess sem nemendur þurftu að læra í ritgerðarsmíði. Notuðum til þess verkefni úr Skráðu og Skruddu, þemaskipulagi úr Ingunnarskóla, og úr eigin gagnabanka. Í verkefninu fólst líka að fylgja nákvæmum fyrirmælum. Nemendur áttu að skila ritgerð í lokin sem gildi 60%, önnur skil voru 3 ritunarverkefni og fullkomin forsíða, þetta gildi 30% og virkni 10%. Álit okkar: Þetta var stutt og hnitmiðað þema, nemendur vissu nákvæmlega hvað átti að gera og burt séð frá námsgetu þeirra gátu metnaðarfullir nemendur nælt sér í gott mat með því að fylgja fyrirmælum. Margir stóðu sig mjög vel. Við sjáum eftir því að hafa ekki boðið foreldrum að koma og horfa á flutninginn hjá nemendum í lok þema. Okkur datt það ekki í hug fyrr en allt of seint en það hefði verið skemmtilegt. Slík heimsókn hefði vafalaust ýtt undir metnað hjá nemendum.

Stuðningur. Þeim nemendum sem fylgdu góðar upplýsingar frá öðrum skólum gátum við strax mætt með aðlöguðu námsefni, við það hjálpaði Bryndís okkur til að byrja með. Okkur fannst ekki ráðrúm til að sinna þessu krökkum eins vel og við vildum gera, nemendur með aðlagð námsefni eru hlutfallslega mjög margir í okkar hópi,

Töluvert mikið af okkar tíma fór í að sinna börnum með hegðunarfrávik, aðallega snerist það um hvetja nemendur áfram sem vilja sitja aðgerðarlausir. Þessir nemendur fengu mikla og góða þjónustu, en sumir nýttu sér hana lítið sem ekkert. Foreldrasamstarf var mikið vegna þessara nemenda og var það með ágætum.

Við höfum verið í samskiptum við allfesta foreldra í vetur í gegnum mentor og tölvupóstsamskipti, mjög náið samstarf við nokkra foreldra t.d. vegna námserfiðleika, félagslegra erfiðleika, eineltismála sem komu upp o.fl.

Við byrjuðum á því að vera með heimavinnuáætlun og settum hana inn á mentor. Síðan hefur heimanám verið á forsendum hvers og eins nemanda.

Eftir áramót höfum við sent oftast út upplýsingabréf með tölvupósti enda vorum við hvött af foreldrum til að vera duglegri við að senda meiri upplýsingar.

Bekkjarsfundir fóru hægt af stað, formlegir fundir hafa seinni part vetrar verið haldnir þrisvar í viku í 6. bekk en þetta hefur verið óformlegra í 7. bekk.



Vettvangsferðir og uppákomur.

Nokkuð var um vettvangsferðir, 6. bekkur fór í siglingu, farið var á Amtsbókasafnið, á kaffihús, í Kjarnaskóg, 7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum, farið var í Lystigarðinn. Fengum heimsókn frá slökkviliðinu og lögreglunni, gestafyrirlestur um einelti. Nemendur höfðu frumkvæði að því að halda ball og gerðu það tvisvar sinnum, 6. bekkur gisti í skólanum yfir nótt meðan 7. bekkur var í skólabúðum.

Við höldum spíladag í skólanum hálfan dag og tókst hann vel.



Námsmat Stærðfærði: Kannanir voru við lok hvers þreps og lokapróf hvers stigs. Árangurinn var skráður um leið í mentor og sýnilegur foreldrum (fengu auk þess tilkynningar um að nemandinn væri að fara í könnun og eins eftir að því var lokið)

Íslenska: Sama kerfi og í stærðfræðinni til að byrja með en eftir það hefðbundnara. Enduðum á lokaprófi. Leiðsagnarmatið sagði svo meira um vinnuna í greininni/greinunum eins og hún var yfir veturinn. Lögðum mikla vinnu í það.

Þemun – fjölbreytt námsmat – hefur verið lýst hér að framan.

Danska: Kaflakannanir, símat

Enska: Próf og munnleg könnun.

Endurmenntun: Endurmenntun okkar fólst t.d. í fræðslu um Orð af orði og annað sem aðrir kennarar skólans hafa stundað – t.a.m. námskeið í HA á vorönn, lestur bókar um agastefnuna o.fl.

Varðandi áætlunarkerfin: Áætlunarkerfið í stærðfræðinni virkaði vel. Það er þægilegt að vinna eftir því og nemendur komust langflestir fljótt upp á lag með að vinna í því skipulagi. Það eflir sjálfstæði þeirra og tíðni kannana heldur þeim flestum við efnið og auðveldar foreldrum að fylgjast með náminu. Það tók okkur tíma að finna taktinn hvað varðar tvennt einkum: Það er annars vegar innlagnir vegna ákveðinna efnispáttá og hins vegar hvar og hvernig mætti koma hópavinnu að til að hafa verklegar æfingar í bland við skriflegu æfingarnar. Við styðjum þá hugmynd að taka upp álíka kerfi í stærðfræði í gegnum alla árganga skólans.

Varðandi íslenskuna hófum við að vinna eftir svipuðu kerfi og í stærðfræðinni – aðlagð eftir fyrirmynd frá Ingunnarskóla. Okkur fannst það litlu skila nemendunum. Vinnulagið væri einhæft og ekki henta eitt og sér til að auka færni í notkun móðurmáls. Lögðum þetta af en náðum aldrei alveg almennilegu sambandi við fagið sem eina stóra heild. En lögðum áherslu á lesturinn, unnum með ritun, stafsetningu og tókum málfræðilotu í lokin. Í tengslum við þátttöku okkar í Orð af orði verkefninu lögðum við fyrir nokkur verkefni. Þau féllu í ágætan jarðveg og heppnuðust mörg hver ágætlega. Ásu finnst við hefðum þurft meiri og betri tilsögn í Orð af orði. Það tók langan tíma að búa verkefnið til. Eins og verið væri að búa til nýtt námsefni. Opna rýmið gerir það að verkum að aðferðir sem maður hefur tileinkað sér við að kenna móðurmál passa ekki fullkomlega og þá þarf að læra nýjar aðferðir, prófa og umfram allt að skipuleggja sig vel. Þetta náðum við ekki að gera nægilega vel í vetur, kannski að hluta til vegna anna á öðrum sviðum, ekki af áhugaleysi. Orð af orði var þó í áttina. Nokkrar hugmyndir vegna næsta vetrar: Nota meira hringekju sem verkfæri – kenna í hópum en ekki sama efnið á tveimur stöðum. Myndum vilja fá tíma til þess næsta haust að skipuleggja fyrirkomulagið á íslenskunni og velja námsefni og slíkt. Það þarfnast töluverðrar yfirlegu.

Umbætur: Hvað varðar næsta vetur þarf að hafa í huga að samsetning þessa hóps er þannig að þar eru nemendur sem þarf mikið að hvetja og hjálpa í námi. Að okkar áliti þarf fleira fólk á gólfið til þess. Við viljum læra betur að nota bekkjarfundi og stýra þeim. Söguaðferðina langar Ásu að kynna sér og væri til í að komast á námskeið, Ása fer í haust á útiskólanámskeið.



Mat á skólastarfinu

Hér á eftir verður gerð tilraun til að leggja lítilega mat á skólastarfið með hliðsjón af þeim markmiðum sem lögð voru til grundvallar (sjá kafla um stefnu og áherslur skólans). Unnið er að formlegri matsáætlun fyrir skólann og verður væntanlega byrjað að vinna samkvæmt henni veturinn 2010-2011.

Matsgögn

Við matið eru höfð til hliðsjónar ýmis gögn sem safnað hefur verið í vetur, má þar nefna:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala, skólastjóri tók formleg viðtöl við starfsmenn tvisvar yfir veturinn.
- Matspunktar frá kennarafundi í febrúar 2010.
- Minnispunktar / matspunktar frá kennarateymum í júní 2010.
- Spurningakönnun meðal foreldra í apríl 2010.
- Spurningakönnun meðal starfsmanna Akureyrarbæjar.
- Niðurstöður úr Byrjendalæsis/læsisprófum í 1.-3. bekk
- Spurningakönnun meðal nemenda í 4.-7. bekk í grunnskólum Akureyrar
- Spurningakönnun meðal kennara í grunnskólum Akureyrarbæjar


Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur

Námsaðlögun

Lagt var upp með að beita aðferðum sem gerðu kleift að mæta öllum nemendum og gætu ýtt undir sjálfstæði nemenda. Þar má nefna einstaklingsáætlanir að hluta, fjölbreyttar kennsluáðferðir, þemavinnu og smíðjur, námsstöðvar, áhugasviðsvinnu, reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda og markvissa starfsþróun og endurmenntun starfsmanna. Þetta hefur í aðalatriðum gengið eftir og gögn gefa vísbendingar um að námið sé nokkuð fjölbreytt og námsaðlögun beitt að vissu marki.

Vísbendingar um þetta má t.d. finna í niðurstöðum könnunar meðal kennara:

19. Telur þú að kennsluáðferðir séu fjölbreyttar /fábreyttar í þínum skóla?		
	Response Percent	Response Count
Mjög fjölbreyttum 	16.7%	2
Fjölbreyttum 	83.3%	10
Fábreyttum	0.0%	0
Mjög fábreyttum	0.0%	0
Veit ekki	0.0%	0
answered question		12
skipped question		1





Niðurstöður meðal foreldra sýna svipaða niðurstöður og meðaltal annarra skóla í bænum.

Betur má hins vegar gera á ýmsum sviðum, má þar nefna að útfæra þarf betur framkvæmd áætlanakerfis, festa ýmsar kennsluáðferðir betur í sessi og innleiða fleiri (Byrjendalæsi, Orð af orði, samvinnunám, söguaðferð o.fl.), skilgreina og skipuleggja betur námsmatsaðferðir o.fl.

Flestum gögnum ber saman um að námsmat hefur verið veikur punktur og sést það t.d. á eftirfarandi niðurstöðum úr foreldrakönnun:

8. Ég hef gott yfirlit yfir nám og námsstöðu barns míns

	Response Percent	Response Count
Mjög sammála 	19.5%	22
Frekar sammála 	56.6%	64
Frekar ósammála 	20.4%	23
Mjög ósammála 	2.7%	3
Veit ekki 	0.9%	1
Athugasemdir:		8
answered question		113
skipped question		2



Þarna er of hátt hlutfall ósammála og við því þarf að bregðast.

Sótt hefur verið um styrk í Endurmenntunarsjóð grunnskóla til að vinna að skipulagi námsmats með samþættingu á notkun ferilmappa og svokallaðri “námsframvindueningu” í mentorkerfinu. Ætlunin er að kennsluáætlanir byggja enn frekar á markmiðssetningum og auðvelt verði að hafa yfirsýn yfir námsstöðu hvers nemenda m.t.t. settra markmiða. Styrkur fékkst að upphæð 250.000 og verður hann nýttur til námskeiðahalds og ráðgjafar á haustdögum.


Athvarf

Lagt var upp með þau markmið að nemendum liði vel í skólanum, að forráðamenn og nemendur ættu aðgang að ráðgjöf og stuðningi og að skólinn væri miðstöð fyrir íbúa hverfisins. Kannanir sýna að yfirhöfuð líður nemendum vel í skólanum og að okkur er að takast að skapa jákvætt og hlýlegt starfsumhverfi. Það er hins vegar nokkur hluti nemenda sem ekki líður nægilega vel.

9. Barninu mínu líður vel í skólanum

	Response Percent	Response Count
Mjög sammála 	39.1%	45
Frekar sammála 	47.8%	55
Frekar ósammála 	10.4%	12
Mjög ósammála 	2.6%	3
Veit ekki	0.0%	0
Athugasemdir:		5
answered question		115
skipped question		0

Þarna getur sannarlega margt komið til, t.d. er ljóst að það tekur á nemendur að skipta um skóla og sumir eru enn að vinna úr því, til að byrja með voru töluverð átök og aðlögunarerfiðleikar meðal sumra nemenda, margir sakna vana sinna úr öðrum skólum o.s.frv. Þá má einnig spyrja sig hvort að breytt efnahagsástand geti haft áhrif. Það er engu að síður ekki ásættanlegt að yfir 10% foreldra séu ósammála þeirri fullyrðingu að börnum þeirra líði vel í skólanum. Þessu þarf að fylgjast vel með og til að við verðum enn betur á tánum hvað það varðar er ætlunin að taka upp reglulega fyrirlögn tengslakannana. Hins vegar má líka benda á ótvíræða styrkleika sem sýna sig t.d. í eftirfarandi mynd sem sýnir niðurstöður úr könnun meðal nemenda í 4.-7. bekk:



Þetta eru mun betri niðurstöður en sjá má í heildarmeðaltali grunnskóla bæjarins. Hvað varðar ráðgjöf og stuðning vantar okkur enn töluvert í land með að ná ásættanlegri stöðu en horfum til þess að stíga næstu skref með ráðningu fagmenntaðs námsráðgjafa fyrir næsta haust. Skólinn getur hins vegar tæplega farið að sinna hlutverki sem miðstöð fyrir íbúa hverfisins af nokkru viti fyrr en meira húsnæði bætist við. Húsnæði skólans virkar prýðilega til síns hlutverks en langt fram á vetur vorum við að fást við ýmsa lausa enda varðandi frágang, samhæfingu hita- og loftræstikerfis o.fl. Hvað mótuneytismál varðar hefur samstarfið við Naustatjörn gengið vel og almenn ánægja var með matinn meðal foreldra eins og sjá má á eftirfarandi mynd:



Umhyggja og virðing

Lögð voru til grundvallar þau markmið að samskipti í skólastarfinu byggist á virðingu og umhyggju, og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

Grundvallaratriði í þessu stefnumiði er innleiðing agastefnu skólans. Bekkjafundir eru stór þáttur í framkvæmd stefnunnar, þeir eru komnir í gang og haldnir reglulega í öllum hópum og kennarar eru að þjálfast í framkvæmd þeirra. Unnið er með viðhorf nemenda og starfsmanna sem er annað grundvallaratriði en tekur tíma eðli málsins samkvæmt.

Þeir foreldrar sem afstöðu taka virðast flestir vera ánægðir með agastefnuna og viðbrögð samkvæmt henni:

20. Skólinn tekur vel á agavandamálum sem upp koma

	Response Percent	Response Count
Mjög sammála 	28.1%	32
Frekar sammála 	34.2%	39
Frekar ósammála 	7.9%	9
Mjög ósammála 	0.9%	1
Veit ekki 	28.9%	33
Athugasemdir:		10
answered question		114
skipped question		1

Varðandi innleiðingu agastefnunnar má geta þess að samstarf er komið á milli Naustaskóla, Naustatjarnar, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla um málið og er það ótvíræður styrkur fyrir alla skólana. Skólarnir sóttu sameiginlega um styrk frá Vonarsjóði KÍ og Sprotastjóði til að vinna að verkefninu næsta vetur, m.a. með námskeiðahaldi, þá fóru fulltrúar skólanna til Bandaríkjanna í maí og sátu fjögurra daga námskeið um aðferðina. Nokkur fjárhæð fékkst til þessa verkefnis.

Aldursblöndun nemenda og sveigjanleg hópaskipting er annar þáttur sem við leggjum áherslu á og hefur gengið eftir, kennarar eru samt sem áður enn að læra á kosti og möguleika þess að geta skipt nemendum í mismunandi hópum eftir viðfangsefnum, námsstíl o.s.frv.

Vinna að umhverfismálum er komin nokkuð af stað, áætlað er að skólinn “komist á græna grein” í haust, þ.e. að lögð verði inn umsókn um Grænfánann. Þessi vinna er að nokkru leyti í samstarfi við Naustatjörn, t.d. höfum við fengið að nota “Urði” (karakter sem sér um að fræða börnin um umhverfismál), merkingar og áróður frá Naustatjörn o.fl.

Samvinna

Undir þessum áherslupunkti eru markmið eins og að starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum, að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og að skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggi á kunnri stefnu.

Kennsla fer fram í teymum og sú tilhögun er að skila góðum árangri í langflestum tilvikum. Unnið er að innleiðingu lýðræðislegra vinnubragða, má þar nefna bekkjarfundina og tilraunir sem gerðar hafa verið með skólaþing. Starfsmenn skólans telja sig eiga töluverðan þátt í ákvörðunum sem teknar eru og skera þeir sig áberandi úr að þessu leyti miðað við starfsmenn í öðrum grunnskólum bæjarins

**Naustaskóli:**

5. Átt þú mikla / litla hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið?

	Response Percent	Response Count
Mjög mikla	16.7%	2
Mikla	66.7%	8
Litla	16.7%	2
<i>answered question</i>		12
<i>skipped question</i>		1

Allir skólar bæjarins samanlagt:

5. Átt þú mikla / litla hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið?

	Response Percent	Response Count
Mjög mikla	6.3%	14
Mikla	28.6%	64
Litla	43.3%	97
Mjög litla	18.1%	36
Veit ekki	5.8%	13
<i>answered question</i>		224
<i>skipped question</i>		4

Foreldrar eru áhugasamir um samstarf og eru almennt á því að skólinn reyni að skapa grundvöll til samstarfs.

28. Unnið er skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu

	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	18.3%	21
Frekar sammála	53.0%	61
Frekar ósammála	10.4%	12
Mjög ósammála	1.7%	2
Veit ekki	16.5%	19
Athugasemdir:		5
<i>answered question</i>		115
<i>skipped question</i>		0

Samvinna við foreldra hefur gengið vel og er raunar einkennandi hve foreldrahópurinn er jákvæður og tilbúinn til samstarfs. Nokkur hópur foreldra nýtir sér tækifæri til að



hafa áhrif á nám barna sinna, mest er áberandi samráð um heimanám í þónokkrum tilfellum. Foreldrafélag hefur verið stofnað og fulltrúar foreldra í skólaráði eru virkir. Nefna má að foreldrar hafa tekið töluverðan þátt í sjálfböðavinnu, m.a. mannað gangbrautavörslu, annast starf í Frístund þegar þurft hefur m.a. vegna funda og námskeiða, séð um gistingar, bekkjarkvöld o.s.frv. Þá hafa foreldrar iðulega komið færandi hendi með gjafir til skólans, bækur, leikföng, efnivið í hannyrðakennslu o.fl. Upplýsingastreymi frá skóla til heimila virðist með nokkuð góðu móti, kennarar senda reglulega pósta heim, heimasíða er virk og fréttabréf gefið út mánaðarlega. Nokkuð virðist hins vegar skorta stundum upp á upplýsingamiðlun innanhúss, t.d. þegar um er að ræða forföll. Við því þarf að bregðast. Samvinna við Naustatjörn gengur vel, nemendur Fífilbrekku og Naustaskóla hafa “flætt” dálítið á milli og er það að aukast smátt og smátt. Framundan er endurskoðun á samstarfsáætlun stofnananna.

Táp og fjör

Lagt var upp með þau markmið að nemendur og starfsmenn væru glaðir í skólanum, að það sé gaman innan veggja hans og að skólinn stuðli að hreysti nemenda. Í flestum tilfellum eru foreldrar á því að vel hafi tekist til:

41. Barni mínu finnst gaman í skólanum

	Response Percent	Response Count
Mjög sammála 	45.6%	52
Frekar sammála 	43.9%	50
Frekar ósammála 	7.9%	9
Mjög ósammála 	1.8%	2
Veit ekki 	0.9%	1
Athugasemdir:		16
answered question		114
skipped question		1

Það er hins vegar ljóst að þarna sem og á mörgum öðrum sviðum má gera mun betur. Tilfinning starfsmanna er hins vegar sú að vel hafi tekist til. Gestir hafa t.d. einnig haft á orði að skólabragurinn líti út fyrir að vera jákvæður og frjálsglegur og sýnist að vel fari um þá sem í skólanum starfa. Samverustundir eru orðinn fastur þáttur í starfinu, þær eru að þróast smátt og smátt en ýta örugglega undir samkennd í hópi nemenda auk þess sem þær veita töluverða þjálfun í að koma fram og tjá sig. Ábendingar hafa komið fram um að nýta megi samverustundir betur, t.d. til viðhorfamótunar meðal nemenda og til að kynna í auknum mæli fyrir þeim íslenska tónlistarhefð. Íþróttakennsla er í raun meiri en viðmiðanir gera ráð fyrir en hluti hennar fer fram á skólalóðinni allan veturinn. Við mættum hins vegar vera duglegri að nýta umhverfið til annarrar kennslu og er það nokkuð sem við stefnum að í meira mæli.



Örstutt SVÓT-greining

Styrkleikar:

Jákvætt andrúmsloft meðal starfsfólks, nemenda og foreldra
 Jákvæð viðhorf starfsmanna til nemenda og skólastarfs
 Skólasamfélagið vel meðvitað um stefnu skólans, góð sátt um stefnuna
 Nokkuð fjölbreytt nám og kennsla, námsaðlögun beitt að vissu marki
 Teymisvinna skilar í flestum tilfellum góðum árangri
 Gott og vaxandi samstarf við Naustatjörn

Veikleikar:

Enn á eftir að útfæra og móta ýmsa þætti í stefnu skólans
 Vinnubrögð eiga eftir að slípast til t.d. varðandi teymiskennslu
 Aðstaða til verklegrar kennslu mætti vera betri
 Eldhús er þröngt

Ógnanir:

Nemendafjöldi / húsnaði verður of lítið haustið 2012

Tækifæri:

Stækkun starfsmannhópsins gefur færi á aukinni þekkingu
 Aukin reynsla af starfsháttum auðveldar þróun
 Aukið samstarf við Naustatjörn á ýmsum sviðum
 Samstarf við Naustatjörn, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla um innleiðingu agastefnu

Í heildina tekið má lesa ánægju með skólann út úr þeim könnunum sem gerðar hafa verið meðal foreldra, nemenda og starfsmanna. Ekki eru teljandi mikil neikvæð frávik frá meðaltölum og má líklega telja það góðan árangur hjá nýjum skóla á fyrsta starfsári. Hér má líta niðurstöður foreldrakönnunar þar sem spurt er um viðhorf til Naustaskóla.



Tillögur til úrbóta:

Námsaðlögun:

- Bæta þarf yfirsýn foreldra varðandi námsstöðu nemenda. Námskeiðahald þarf fyrir kennara á haustdögum, stefnumótun og gerð viðmiða um námsmat þannig að það byggi meira á markmiðssetningu. Auka þarf og samræma notkun námsmappa.
- Endurskoða þarf áætlanakerfi í íslensku og stærðfræði, vinna áfram með að setja niður markmið og skipuleggja námið í þrep.
- Kennarar vilja sjá skýrari sérkennsluramma og kalla eftir meiri leiðbeiningum varðandi úrræði og ramma fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Nýta þarf ráðgjöf frá deildarstjóra, iðjuþjálfara og þroskaþjálfara og virkja stuðningsfulltrúa betur með betra skipulagi og samráðsfundum með kennurum.
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun, áhersla á námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun, Numicon, Byrjendalæsi, Orð af orði o.fl.
- Varðandi þemavinnu þarf að hafa fleiri sameiginleg þemu með breiðri aldursblöndun. Vinna þarf upp skipulagningu/yfirlit yfir þemu og viðfangsefni m.t.t. markmiða aðalnámskrár.
- Varðandi kennsluaðferðir almennt mætti t.d. nýta meira hringekju sem verkfæri, leggja áherslu á söguaðferð, auka útikennslu og leggja meiri áherslu á smíða-textíl- og heimilisfræðikennslu í 1.bekk.
- Þörf er á að lestrarprófa oftari yfir veturinn.

Athvarf:

- Leggja þarf fyrir tengslakannanir meðal nemenda til að fylgjast betur með líðan þeirra.
- Ljúka þarf við gerð eineltisáætlunar og skipa þarf eineltisteymi.
- Aðlaga þarf starf námsráðgjafa að skólastarfinu og nýta þá möguleika sem starfskraftar námsráðgjafa gefa.
- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.

Umhyggja og virðing:

- Námskeiðahald þarf fyrir starfsmenn um Jákvæðan aga, þjálfun í notkun bekkjarfunda, vinna þarf að aukinni samstöðu um gildi, viðhorf og framkomu við nemendur.
- Vinna þarf jafnréttisstefnu fyrir skólann.
- Sækja þarf um Grænánann og vinna formlega umhverfisstefnu.

Samvinna:

- Kalla mætti oftari á foreldra í skólann t.d.á stuttar sýningar, kaffi og spjall, gefa foreldrum aukin tækifæri til þátttöku í skólastarfinu, sérstaklega í kennslustundum.
- Nýta þarf betur undirbúningstíma að hausti til að teymin nái að "slípast saman", leggja niður fyrir sér vinnulag, samskiptareglur o.s.frv. Meiri samvinna milli kennarateyma á hvorri hæð fyrir sig með reglulegum samráðsfundum. Gæta þarf þess að kennarar og stuðningsfulltrúar fái samráðstíma.

- Tryggja þarf að upplýsingar um forföll, og þar með mönnunarþörf, berist til allra viðkomandi. Þáttur í þessu verði stuttir fundir skólastjórnenda, rítara og húsvarðar að morgni dag hvern.
- Nýta þarf starfsmannafundi betur til að tryggja að upplýsingar um nemendur berist til allra starfsmanna sem að nemendum koma.
- Mikilvægt er að kennarar skrái einnig jákvæða hluti inn á Mentor
- Ljúka þarf við gerð sjálfsmatsáætlunar skólans og hefja markvissa vinnu skv. henni.

Táp og fjör:

- Festa þarf og skipuleggja atriði árganga á samverustundum. Nýta þær meira til innlagna og hugleiðinga frá skólastjórnendum og/eða kennurum og breyta lagavali m.t.t. að kynna íslenska laga- og textagerð.
- Auka þarf útikennslu.



7. bekkur les fyrir 1. bekk og menntamálaráðherra ásamt föruneysi í tilefni af degi íslenskrar tungu



Viðauki, sýnishorn af stundaskrá og fréttabréf skólaársins

STUNDASKRÁN MÍN – 1. bekkur

NÁMISADLÖGUN - ATHVARF - UMHYGGJA - SAMMUNNA - TÁP OG FJÖR - ALLIR MÆÐ

Klukkan	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:10 - 8:20	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:20 - 8:40	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:40 - 9:25	Bekkjartími	Samvera	Bekkjartími	Samvera	Bekkjartími
9:25 - 9:30	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30 - 9:55	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55 - 10:45			Bekkjartími		Íþróttir - Naustaskóli
10:45 - 11:45	Bekkjartími	Bekkjartími	Tónmennt	Bekkjartími	Bekkjartími
11:45 - 12:15	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15 - 13:15	Bekkjartími	Íþróttir - KA heimili sótt kl. 12.00 koma kl. 13.30	Sund - Sverðfiskar sótt kl.12.00 koma kl. 13.15	Bekkjartími	Bekkjartími
			Sund - Gullfiskar sótt kl. 12.40 koma kl. 13.55	Sund - Flugfiskar sótt kl. 13.05 koma kl. 14.20	

Viðtalstími og netföng umsónarkennara

Brynja Dögg Hermannsdóttir brynjadogg@akmennt.is Þriðjudaga kl. 14:00 – 14:30

Lilja Þorkelsdóttir liljath@akmennt.is Miðvikudaga kl. 14:00 – 14:30

Inga Lilja Ólafsdóttir ingal@akmennt.is Fimmtudaga kl. 14:00 – 14:30



Naustaskóli
V/ Hólmátún
sími 460-4100
www.naustaskoli.is



STUNDASKRÁIN MÍN 2.-3. BEKKUR



NÁMSÆDLÖGUN – ATHVARF – UMHYGGJA – SAMVINNA – TÁP OG FJÖR – ALLIR MÆÐ!

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVÍKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	25 Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	10 Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-8:40	20	Samvera	Samvera	Samvera	Bekkjarfundur
8:40-9:25	45	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
9:25-9:30	5 Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25 Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55-10:40	45	Bekkjartími	Sund 2b. fiskar 10:40-12:00 Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
10:40-10:45	5 Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:45-11:15	30				
11:15-11:45	30	Sniðja	Sund 2b. sæhestar 11:20-12:40 Bekkjartími	Sniðja	Sniðja
11:45-12:15	30 MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	30 Sótt 12.00 – 13:30 Íþróttir	Bekkjartími	Bekkjartími	Sund 3.b Krabbar 11:50-13:00 Bekkjartími	Sniðja
12:45-13:15	30	KA-heimi		Sund 3.b Kolkabbar 12:25-13:35	



Vítalstími og netföng umsónarkennara

Hjördís Óladóttir – hjordisola@akmennt.is – Fimmtudaga kl. 13:00 – 13:30

Halla Jóhannesdóttir – hallaj@akmennt.is – Þriðjudaga kl. 14:00 – 14:30

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson – gunnthor@akmennt.is – Miðvikudaga kl. 14:00-14:30



Naustaskóli



STUNDASKRÁIN MÍN 4.-5.HS

Námsaðlögun – Athvarf – Umhyggja – Samvinna – Táp og fjör – Allir með

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	Næðisstund 30	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	Umsjón 10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-8:40		Samvera 20	4.-5.b Enska 8:20-8:50	Samvera	Bekkjafundur
8:40-9:25	Áætlun 45	Pema	5.b 9:00-9:20 Nesti/frímó	Pema	Lífsleikni
9:25-9:30	Hressing 15	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	Frímínútur 25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55-10:40	Áætlun 45	Pema	5.b Sund 9:20-10:40	Pema	Áætlun/klárutími
10:40-10:45	Frímínútur 5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:45-11:15	30				
11:15-11:45	Smiðja 30	Smiðja	Hringekja/stöðvar	Smiðja	Smiðja
11:45-12:15	MATUR 40	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	Lestur/ Stafsetning 30	Áætlun	Hringekja/stöðvar	Áætlun/Innlögn	
12:45-13:15	30		Skólinn búinn 13:30 hjá 4. og 5.bekk.	Skólinn búinn kl.14:00 hjá 4. og 5.bekk.	Smiðja
13:15-13:20	Frímínútur 5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
13:20-14:20		Sótt kl.13:05 til baka kl. 14:35 Íþróttir í KA-húsinu 60			

Umsjónarkennarar: Heimir Örn Árnason netfang: heimirorn@akmennt.is
Sigurlaug Jónsdóttir netfang: sigurlaug@akmennt.is

Viðtalstími; Miðvikudögum kl. 14:00 - 14:40
Viðtalstími; Mánudögum kl. 10:45 - 11:30



STUNDASKRÁ 6 - 7 bekkur

Námsaðlögun – Athvarf – Umhyggja – Samvinna – Táp og fjör – Allir með

	mín	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	25	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-8:40	20	pema	Samvera	Áætlun Bókml./lestur/ritun	Samvera	Bekkjafundur
8:40-9:25	45		Áætlun Stærðfræði		pema	Áætlun 6/Enska 7
9:25-9:30	5	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
9:55-10:40	45	pema	Áætlun Stærðfræði	Áætlun kk	pema	Áætlun Stærðfræði
10:40-10:45	5	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
10:45-11:15	30	Smiðja	Smiðja	Áætlun	Smiðja	Smiðja
11:15-11:45	30					
11:45-12:15	30	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15 -12:45	30	Enska 6/Danska 7	Enska 6/Danska 7	pema	Áætlun Íslenska	Smiðja
12:45 -13:15	30	Áætlun 6 /Enska 7 Íslenska	Enska 6/Danska 7			
13:15-13:20	5	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
13:20 - 13:50	60	Áætlun skóla lýkur 13:35 Íslenska	Íþróttir í KA-húsinu Sótt 13:05 til baka 14:40	Áætlun kvk	Hringekja/stöðvar	
13:50 - 14:20						

Umsjónarkennarar: Karl Hallgrímsson netfang:karlh@akmennt.is

Ása Katrín Gunnlaugsdóttir netfang:asakatrinn@akmennt.is

Viðtals tími: Þriðjudögum 13:45-14:15

Viðtals tími: Þriðjudögum 13:45-14:15



Fréttabréf skólaársins 2009-2010



Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 2. árgangur, 13. ágúst 2009

Ábygðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Fjöldi nemenda:

Innrituðum nemendum hefur fjölgað nokkuð í sumari. Þeir eru nú 150 talsins og skiptast þannig á árganga:

1. bekkur: 36 nemendur
2. bekkur: 27 nemendur
3. bekkur: 23 nemendur
4. bekkur: 18 nemendur
5. bekkur: 17 nemendur
6. bekkur: 16 nemendur
7. bekkur: 13 nemendur

Alls 150 nemendur

Skólatími:

Skólinn opnar kl. 7:45 að morgni en kennsla hefst kl. 8:15. Kennsla í 1.-4. bekk lýkur kl. 13:40 en verður lengst til kl. 14:45 hjá eldri nemendum.

Skólafatnaður

Stefnt er að því að þegar nemendur og foreldrar mæti til viðtala 24. og 25. ágúst verði hægt að máta og panta peysur og boli með merki skólans. Hugmyndin með þessu er ekki að skylda börnin til að klæðast öll eins heldur að bjóða upp á ódýrar og góðar flíkur sem geta einfaldað lífið. Ef viðtökur verða bærilegar ættum við að geta boðið boli á u.þ.b. 750 kr., háskólapeysur á 2000 kr., hettupeysur á 2500 kr. og renndar hettupeysur á 3000 kr.

Ágæta skólasamfélag

Nú líður að þeirri langþráðu stund að skólinn okkar taki til starfa. Eins og íbúar í hverfinu eflaust vita hefur framkvæmdum miðað nokkuð hægt síðustu vikurnar og má ekki tæpara standa að skólinn geti hafið starfsemi vandræðalaust. Ljóst er að framkvæmdum verður ekki að fullu lokið þegar nemendur mæta til starfa en þeir munu vonandi ekki finna mikið fyrir því. Þann 24. ágúst nk. verður staðan þannig að 1. hæð hússins verður tilbúin, fyrir utan heimilisfræði- og smíðastofu. Á annarri hæð hússins verður rúmlega helmingur rýmisins tilbúinn en hinn hlutinn verður lokaður af og unnið að frágangi þar. Hvað lóðina varðar klárast hún að mestu leyti í næstu viku, leiktæki verða sett upp og stefnt er að því að gervigrasið verði lagt á völlinn helgina 22.-23. ágúst. Við bindum sem sagt vonir við að skólastarf geti hafist samkvæmt áætlun á tilsettum tíma þó að einhverjir dagar líði þar til húsnæðið kemst allt í gagnið, þ.e. sérgreinastofur og hluti efri hæðarinnar. Að sjálfsögðu ætlum við líka að nýta góða veðrið vel fyrstu dagana og vera úti við og njóta lífsins, við munum jú að lífið er dásamlegt!

Vegna þess að húsnæðið verður ekki alveg tilbúið þegar við byrjum ætlum við að geyma formlega "skólasetningarathöfn" þangað til við fáum allt húsnæðið formlega afhent en gera okkur þá dagamun á einhvern hátt. Skólastarfið hefst því með viðtölum eins og áætlað var 24. og 25. ágúst nk. og kennsla hefst miðvikudaginn 26. ágúst en hátíðleg ræðuhöld og húrrahróp verða auglýst síðar :) Með von um góða og skemmtilega byrjun á skólastarfi í Naustaskóla.

Ágúst Jakobsson skólastjóri

Innkaup námsgagna


Skólinn kaupir inn námsgögn fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. og foreldrar eru svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Þetta er gert til þæginda en einnig til að ná fram magnafsláttum. Kostnaður vegna þessa pr. nemanda í 1.-3. bekk er kr. 3500 og þurfa þá foreldrar ekkert að versla til skólans fyrir börn sín nema litla skólatösku og íþróttafatnað (stuttbuxur, bol og sundföt). Í 4.-7. bekk er kostnaður pr. nemanda 3000 kr. en þar þurfa nemendur/foreldrar sjálfir að útvega skriffæri, strokleður, reglustiku og vasareikni auk tösku og íþróttafatnaðar. Ef einhverjir foreldrar óska samt sem áður eftir því að kaupa gögn fyrir sín börn eru viðkomandi beðnir um að snúa sér til skólans til að fá innkaupalista.

Frístund

Nemendum í 1.-4. bekk stendur til boða vistun í Frístund skólans. Í tölvupósti sem sendur var foreldrum á dögnum voru þeir beðnir um að staðfesta skráningar fyrir veturinn en dvalarsamningar verða svo tilbúnir til staðfestingar á viðtalsdögnum 24. og 25. ágúst. Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um Frístund, s.s. gjaldskrá, viðmiðunarreglur o.fl. <http://naustaskoli.is/page/fristund>

Mötuneyti

Eldhús Naustatjarnar annast matreiðslu fyrir okkur. Matseðla má nálgast á heimasíðu Naustaskóla eða Naustatjarnar. <http://naustaskoli.is/page/motuneyti>



Þriðjudaginn 18. ágúst mun foreldrum berast tölvupóstur frá umsjónarkennurum þar sem nemendur og foreldrar verða boðaðir til viðtals 24. eða 25. ágúst. Kennsla hefst svo miðvikudaginn 26. ágúst.

Foreldrar eiga nú þegar að hafa fengið tölvupóst varðandi skráningar í Frístund, mötuneyti, ávaxtaáskrift o.fl. Við minnum á að frestur til að ganga frá þessum skráningum er til 15. ágúst.

Starfsmenn Naustaskóla 2009-2010

Aðalheiður Reynisdóttir iðjuþjálfari
 Ágúst Frímánn Jakobsson skólastjóri
 Ása Katrín Gunnlaugsdóttir umsj.kennari 6.-7. bekk
 Bryndís Björnsdóttir deildarstjóri
 Brynja Dögg Hermannsdóttir umsj.kennari 1. bekk
 Guðrún Huld Gunnarsdóttir skólaritari
 Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson umsj.kennari 2.-3. bekk
 Gyða Björk Aradóttir stuðningsfulltrúi
 Halla Jóhannesdóttir umsj.kennari 2.-3. bekk
 Harpa Hrönn Gunnarsdóttir skólaliði
 Harpa Mjöll Hermannsdóttir stuðningsfulltrúi
 Heimir Örn Árnason umsj.kennari 4.-5. bekk
 Hjördís Óladóttir umsj.kennari 2.-3. bekk



Hrafnhildur Stefánsdóttir forstöðumaður vistunar
 Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir skólaliði
 Inga Lilja Ólafsdóttir umsj.kennari 1. bekk
 Ingibjörg S. Ingimundard. skólahjúkrunarfræðingur
 Ingólfur Valur Ívarsson umsjónarmaður
 Karl Hallgrímsson umsj.kennari 6.-7. bekk
 Kolbrún Sigurðardóttir skólaliði
 Lilja Þorkeldsdóttir umsj.kennari 1. bekk
 Marcela Andrea Ceron skólaliði
 Sandra Mjöll Tómasdóttir skólaliði
 Sigurlaug Jónsdóttir umsj.kennari 4.-5. bekk
 Örlygur Þór Helgason íþróttakennari

Hrafnhildur Georgsdóttir, sem ráðin hafði verið sem kennari í 1. bekk, er að flytja úr bænum og mun því ekki koma til starfa eins og áætlað hafði verið. Þess í stað mun Inga Lilja Ólafsdóttir flytja sig til okkar úr Brekkuskóla 1. október nk. Fram að þeim tíma skipta þær Brynja Dögg og Lilja með sér umsjón í árgangnum.

Ertu að taka til ???

Eins og gefur að skilja er margt sem þarf í einum skóla og sumt tekur nokkurn tíma að byggja upp, má þar nefna gott skólabókasafn. Amtsbókasafnið mun aðstoða okkur við að koma upp nokkrum bókakosti til að byrja með en einnig biðjum við velunnara skólans að hafa augun opin fyrir því hvort á heimilum kunna að leynast bækur sem ekki eru notaðar en gætu gagnast á skólasafni, allar slíkar gjafir eru afar vel þegnar. Þá má einnig nefna að leikföng, kubbar, búningar og fleira af því tagi getur hæglega nýst frístund skólans....



Fífilbrekka

Þriðjudaginn 18. ágúst má segja að fyrstu nemendurnir komi í húsið en þá hefur leikskóladeildin Fífilbrekka starfsemi sína. Fífilbrekka er á neðri hæð skólans, í norðausturhorni hússins næst innganginum, og þar verða elstu nemendur leikskólans Naustatjarnar. Væntum við mikils af samstarfinu við Naustatjörn á hinum ýmsu sviðum. Gerð hefur verið samstarfsáætlun fyrir stofnanirnar sem við hrindum smátt og smátt í framkvæmd. Áætlunina má nálgast á slóðinni

http://naustaskoli.is/static/files/samstarfsaaetlun_naustaskoli_naustatjorn_mars%202009.pdf

Því miður hefur mentor.is lokað á nafnalista nemenda til 24. ágúst en eftir þann tíma geta foreldrar séð nöfn jafnaldra barna sinna þar á vefnum.

Naustaskóli - símaskrá

460 4100 Aðalnúmer -ritari
 460 4111 Frístund
 460 4110 Fífilbrekka - leikskóladeild
 460 4101 Skólastjóri beinn sími
 460 4102 Deildarstjóri beinn sími
 460 4103 Kaffistofa
 460 4104 Vinnustofa 2. hæð
 460 4115 Vinnustofa 1. hæð
 460 4119 Fax



Hannað hefur verið merki fyrir skólann sem unnið er út frá orðunum "naust" og "skóli". Heildarútliti merkisins svipar til framhluta skips sem vísar til nafns skólans en einnig til þess að í skólanum eru "allir á sama báti" og skólasamfélagið er á sameiginlegri siglingu í átt að settum markmiðum. Í merkinu má sjá penna sem hefur vísan í nám og kennslu. Merkið er örvalaga og vísar til framtíðar, sumir sjá út úr merkinu fugl sem stefnir til himins en það er vel við hæfi þar sem við í Naustaskóla erum að "hefja okkur til flugs". Blár er litur trausts og virðingar og hefur einnig vísan til öryggis. Brúnn litur er jarðbundinn, hann táknar vináttu, jörð,

Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

Veffang: www.naustaskoli.is, netfang: naustaskoli@akureyri.is sími 460-4100, Frístund sími 460-4111



Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 2. árgangur, 2. september 2009

Ábygðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Íþróttakennsla

Íþróttakennslan verður alfarið úti fram til 14. sept en eftir þann tíma fara nemendur í KA heimilið einu sinni í viku í íþróttir.

Skólafærninámskeið

Áætlað hafði verið að halda skólafærninámskeið fyrir foreldra yngstu nemendanna nú í byrjun september. Við ákváðum að geyma það þar til aðeins síðar í mánuðinum og auglýsum það þegar þar að kemur.

Skólafatnaður

Gera má ráð fyrir að þeir sem pöntuðu skólafatnað í byrjun skólaársins geti nálgast fötin seint í næstu viku. Við sendum út tilkynningu þegar að því kemur. Þeir sem misstu af tækifærinu verða því miður að bíða til áramóta en þá ætlum við aftur að safna pöntunum.

Naustaskóli - símaskrá

460 4100 Aðalnúmer -ritari
460 4111 Frístund
460 4110 Fífilbrekka -leiksk.deild
460 4101 Skólastjóri beinn sími
460 4102 Deildarstjóri beinn sími
460 4103 Kaffistofa
460 4104 Vinnustofa 2. hæð
460 4115 Vinnustofa 1. hæð
460 4119 Fax

Ágæta skólasamfélag

Naustaskóli hefur nú tekið til starfa af fullum krafti og fer starfið prýðilega af stað. Það má reyndar segja að fæðingin hafi verið nokkuð erfið vegna seinkunar á framkvæmdum við hús og lóð en nú eru mestu þrengingarnar væntanlega að baki. Hvað húsnæðið varðar eigum við nú aðeins eftir að fá afhentar heimilisfræði- og smíðastofur en gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar 11. september nk. Lóðin potast áfram og nú er komið að þeim langþráðu tímamótum að gervigrasvöllurinn kemst í gagnið, en eftir því hafa margir beðið með mikilli óþreyju. Framkvæmdum við lóðina lýkur hins vegar ekki að fullu fyrr en eftir miðjan september. Við höfum lagað okkur að aðstæðum eftir bestu getu, kennum t.d. dans í stað smíða til að byrja með, höfum stundum fengið afnot af lóð Naustatjarnar í frímínútunum o.s.frv. en þess má geta að þau nágrannar okkar hafa sannarlega reynst okkur haukar í horni á margvíslegan hátt og þökkum við þeim fyrir það. Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með starfsfólki skólans sem hefur staðist fyrstu prófraunina með sóma og hvergi látið sér bregða þó aðstæður hafi verið erfiðar fyrstu dagana. Eins mæta nemendur spenntir og tilbúnir til leiks og reyndust þeir vera 153 í byrjun skólaársins. Foreldrum þökkum við fyrir margvíslegan stuðning, hvatningu og þá trú og traust sem okkur sem störfum við skólann er sýnt. Við munum leggja okkur öll fram við að standa undir því, minnug þess að okkur er treyst fyrir dýrmætustu eign hvers þess heimilis sem að skólanum stendur.

Til hamingju með nýja skólann okkar!

Ágúst Jakobsson

Námsgögn fyrir nemendur

Þeir sem enn eiga eftir að borga fyrir námsgögn nemenda eru beðnir um að gera það sem fyrst. 3500 kr. fyrir nemendur í 1.-3. bekk en 3000 kr. fyrir nemendur í 4.-7. bekk. Reikn. 1105-15-200070 kt. 070372-5099


Gjaldskrárbreyting - greiðsluseðlar

27. ágúst sl. samþykkti bæjarráð hækkan á gjaldi fyrir síðdegishressingu í Frístund. Hún mun frá 24. ágúst sl. kosta 100 kr. pr skipti.

Foreldrar eiga nú von á greiðsluseðlum fyrir fæði og vistun í ágúst og september og mjólk og ávexti á haustönn. Upphæðir á þeim greiðsluseðlum sem nú berast eru í flestum tilfellum óvenjulega háar vegna þess að um lengra tímabil er að ræða en venjulega er rukkað fyrir, auk ávaxtanna og mjólkurinnar fyrir alla haustönnina.

Munið heimasíðuna okkar, þar ætlum við að hafa reglulega nýjar myndir og fréttir af starfinu hjá okkur.

<http://www.naustaskoli.is>





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

September 2009

Sunnudagur Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur

		1 Lasagna með salati	2 Plokkfiskur m/ kartöflum, rúg- brauði og smjöri	3 Lambasteik með kartöflum, sósu og grænmeti Gervigrasvöllur opnaður :)	4 Hrisgrjóna- grautur, brauð og álegg	5
6	7 Soðinn fiskur með kartöflum, rúgbrauði og smjöri 6. bekkur fer í siglingu	8 Hakk og spaghetti, salat	9 Steiktur fiskur með kartöflum, sósu og salati	10 Lambagullash með kartöflumús	11 Grænmetissúpa, brauð og álegg Framkvæmdum við húsið lýkur !	12
13	14 Soðinn fiskur með kartöflum, rúgbrauði og smjöri Inniþrótt- kennsla hefst	15 Biximatur með salati	16 Ostafiskur með kartöflum og salati	17 Kjúklingur m/ frönskum, kartöflum sósu og salati Samr.pr. 4. og 7. b.	18 Makkarónusúpa, brauð og álegg Samr.pr. 4. og 7. b.	19
20	21 Soðinn fiskur með kartöflum, rúgbrauði og smjöri	22 Saxbauti með kartöflumús og sósu	23 Soðnar fiskibollur með salati og karrýsósu	24 Snitzel með salati, kartöflum og grænmeti	25 <u>Starfsdagur - frí hjá nemendum</u> <u>Frístund</u> <u>lokuð</u>	26
27	28 Soðinn fiskur með kartöflum, rúgbrauði og smjöri	29 Slátur með kartöflum, rófum og jafningi	30 Steiktur fiskur með hrisgrjónum, salati og súrsætri sósu	1 Hakkað buff með kartöflumús og sósu	2. Hrisgrjóna- grautur, brauð og álegg	



Athugið að Frístund verður lokuð á starfsdaginn 25. september. Skv. ákvörðun skólanefndar frá í vor fær starfsfólk Frístunda grunnskólann þrjá starfsdaga á skólaárinu, hjá okkur verða þeir 25. sept, 4. janúar og 6. apríl.

Það er enn pláss fyrir bækur á bókasafninu okkar !! :)



Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 2. árgangur, 1. október 2009

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólafatnaður

Vegna fjölmargra fyrirspurna ætlum við að setja af stað aðra pöntun á skólapeysunum og bolunum. Hægt er að máta og panta hjá ritara skólans og er frestur til þess til föstudagsins 9. október. Einnig bendum við á að frá þeim tíma munum við selja ósottar pantanir úr síðustu sendingu...!!

GSM / MP3

Að sjálfsögðu ber töluvert á því að nemendur eru með síma og tónlistarspilara með sér í skólanum. Við leyfum notkun þessara tækja utan kennslustunda svo lengi sem þau trufla ekki, en bendum á að nemendur verða sjálfir að bera ábyrgð á tækjunum. Ef tækin valda truflunum geta nemendur átt það á hættu að skólinn taki þau í vörslu þar til foreldrar sækja þau :)

Foreldrafélag Naustaskóla

Skv. grunnskólalögum skal starfa foreldrafélag við hvern grunnskóla, sem hefur það hlutverk að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun foreldrafélagsins. Boðað er til stofnfundar Foreldrafélags Naustaskóla 29. október nk. og rétt að áhugasamir um stjórnarsetu fari að undirbúa kosningabaráttu sína.....!! Nánar auglýst síðar.

Kæra skólasamfélag

Tíminn líður hratt og nú hefur skólinn okkar starfað í fimm heilar vikur! Starfið er smátt og smátt að slípast til eftir því sem við lærum á umhverfið og hvert annað en það tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma, enda að mörgu að hyggja þegar um 200 manns hefja störf í nýju umhverfi og með nýjum félögum. Næstu vikurnar höldum við áfram að feta okkur í rólegheitunum áfram í samræmi við stefnuna okkar, má þar nefna að unnið er með kennsluáðferðina Byrjendalæsi í yngri bekkjunum, við erum að virkja agastefnuna okkar, m.a. með aukinni notkun bekkjafunda, við förum að móta umhverfisstefnu og sækja um Grænfánann, móta stefnu vegna námsmats o.fl. Á kynningardegi þann 9. október (sjá neðar) gefst foreldrum tækifæri til að fá innsýn í þessa hluti og fleiri varðandi skólastarfið og hvetjum við eindregið til þess að það tækifæri verði nýtt, en minnum á að auk þess eru foreldrar að sjálfsögðu alltaf velkomnir í skólann. T.d. má benda á samverustundirnar á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum, þá syngja nemendur saman og þeir eru nú að byrja að skiptast á að vera með atriði og uppákomur sem gaman er að fylgjast með.

Enn er unnið að frágangi húss og lóðar en það truflar okkur ekki stórkostlega, við erum líka orðin ýmsu vön í þeim efnum. Vonast er til að framkvæmdum ljúki innan skamms og verður þá skólinn loks formlega vígður, enda stefnir allt í að þetta verði hið prýðilegasta hús. Meira máli skiptir þó að starfið fer vel af stað og ég hef fulla trú á að okkur komi til með að líða vel í leik og starfi í Naustaskóla.

Svo er lífið náttúrulega bara dásamlegt!

Ágúst Jakobsson

Kynning á skólanum fyrir foreldra

Föstudaginn 9. október er einn af þremur dögum á skóladagatalinu okkar sem merktir eru sem "samráð/mat". Hugmyndin er að þessir dagar verði nýttir til samráðs við foreldra, skila á námsmati og mati á skólastarfinu almennt. Fyrsta daginn, 9. okt, ætlum við að nýta til að kynna skólastarfið aðeins fyrir foreldrum. Þennan dag verður frí í skólanum hjá nemendum en Frístund opin fyrir nemendur í 1.-4. bekk sem þar eru skráðir. Foreldrum er boðið að mæta í skólann þennan dag kl. 8 að morgni og setja sig aðeins í spor nemenda. Þeir byrja á að hitta "umsjónarkennarann sinn", mæta svo á stutta samveru og hitta skólastjórnenndur og fara svo á heimasvæðið með sínu kennarateymi. Áætlað er að þetta taki um klukkustund og hvetjum við foreldra eindregið til að mæta til að fá kynningu á skólastarfinu og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þennan dag býðst foreldrum einnig að fá viðtöl við umsjónarkennara. Þeir sem þess óska eru beðnir um að hafa samband við viðkomandi kennara með tölvupósti eða símleiðis til að ákveða tímann. Að öðru leyti verður dagurinn nýttur til umræðna, stefnumótunar og undirbúnings innan skólans.

Athugið að hægt er að taka börn með í skólann þann tíma sem kynningin stendur þó þau verði ekki í Frístund meira þann daginn, ekki þarf að skrá það sérstaklega.



12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Október 2009

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
27	28	29	30	1 Hakkað buff með kartöflumús og sósu	2 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	3
4	5 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúg- brauði og smjöri	6 Kjötsúpa	7 Plokkfiskur m/ kartöflum, rúg- brauði og smjöri	8 Pizza m/ salati	9 Námskynning / viðtöl Frí hjá nemendum en Frístund opin Kakósúpa, brauð og álegg	10
11	12 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúg- brauði og smjöri	13 Lasagna m/ salati <i>Aðalfundur hverfis- nefndar Nausta- hverfis kl. 20:00 í Naustaskóla</i>	14 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati	15 Lambasteik m/ kartöflum, sósu og grænmeti	16 Grænmetisúpa, brauð og álegg	17
18	19 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúg- brauði og smjöri	20 Hakk og spaghetti, salat	21 Steiktur fiskibollur m/ kartöflum, súrsætri sósu og salati	22 Snitsel m/ salati, kartöflum og græn- meti	23 Skrý, brauð og álegg	24
25	26 Haustfrí Frí hjá nemendum en Frístund opin Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúgbrauði og smjöri	27 Haustfrí Frí hjá nemendum en Frístund opin Slátur m/ kartöflum, rófum og jafningi	28 Broccoly fiskur m/ kartöflum, sósu og salati	29 Kjúklingur m/ frönskum, sósu og salati Stofnfundur Foreldra- félags kl. 20:00	30 Makkarónusúpa, brauð og álegg	31



Munið kynningardaginn 9. október, frí hjá nemendum en “skóli” hjá foreldrum kl. 8-9 um morguninn!!

Haustfrí hjá nemendum 26. og 27. október!



Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 2. árgangur, 2. nóvember 2009

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólafatnaður

Við eigum von á að seinni pöntunin af skólafatnaðinum komi í hús á allra næstu dögum. Við sendum út tilkynningu í tölvupósti þegar við getum hafið afgreiðslu á fatnaðinum.

Gangbrautavarsla

Þeir sem búsettir eru vestan Kjarnagötu eru eindregið hvattir til að ræða við börn sín um að þau noti gangbrautina á mótis við skólann til að komast yfir götuna, þar sem þar er gangbrautavarsla á morgnana. Nokkuð ber á að krakkarnir skjóti sér yfir götuna annars staðar, en af því að orðið er dimmt á morgnana er það mjög varasamt. Þá er rétt að minna á að endurskinsmerki eru sjálfsögð öryggistæki í skammdeginu!

Um afmælisboð

Við mælumst eindregið til þess að boðum í afmæli sé haldið utan skólans. Þá hafa komið upp hugleiðingar um það hvort ekki sé "í takt við tímann" að draga úr hinum fjölmennu afmælisveislum sem hafa lengi tíðkast en setja stefnuna frekar á hófstíllt boð með nánustu fjölskyldu og vinum? Leiða má að því líkur að víða sé töluverður tilkostnaður við fjölmennar veislur og gjafir, enda hefur verið ákveðinn þrýstingur á þessa hluti en spurning hvort þetta sé allt saman nauðsynlegt.....???

Kæra skólasamfélag

Veikindi og forföll hafa sett sinn svip á skólastarfið hjá okkur eins og annars staðar að undanförunu. Við tökum því bara með jafnaðargeði og vonum að flensan fari frekar mjúkum höndum um okkur. Annars gengur lífið sinn vanagang og er vonandi að nóvember verði einmitt bara dálítið rólegur og góður mánuður sem nýtist vel til starfs og leikja hjá nemendum. Af einstökum viðburðum mánaðarins hjá nemendum má nefna að kosið verður í nemendaráð hjá 4.-7. bekk og haldið hrekkjavökuball sem 7. bekkur stendur fyrir. Það er fyrsta ballið sem við höldum í skólanum og tekst vonandi vel til. Kynning fyrir foreldra 1.-3. bekkja á kennsluáðferðinni byrjendalæsi verður haldin 10. nóvember nk. kl. 17:30 og er vonandi að sem flestir sjái sér fært að mæta þar. Á skóladagatalinu höfðum við tímasett árshátíð í nóvember en við ætlum að ýta henni fram yfir áramótin. Í staðinn er loks komið að því að vígja skólann í lok mánaðarsins, en sú uppákoma verður nánar auglýst síðar. Um miðjan mánuðinn hefst spennandi verkefni í 4. og 5. bekk í samstarfi við Skólaþróunarsvið H.A. Er þar um að ræða verkefnið "Fágæti og furðuverk" en það er ætlað til lestrarhvatningar og verður kynnt fyrir foreldrum þessara árganga um leið og þeim verður sýnd uppskera þemaverkefnis um himingeiminn. Þá má geta þess að Frístund og Fífilbrekka eru smátt og smátt að auka samstarf sitt og færast nemendaskipti þar á milli sífellt í aukana. Það er semsagt nóg um að vera í skólanum okkar og ekki annað að sjá en lífið verði áfram dásamlegt, a.m.k. næsta mánuðinn...!!

Ágúst Jakobsson

Foreldrafélag Naustaskóla stofnað

Á fundi þann 29. október sl. var Foreldrafélag Naustaskóla stofnað. Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.


Í stjórn félagsins voru kjörnir eftirtaldir:

Ásdís Arnardóttir
Elísa Tryggvadóttir
Hrafnhildur Örlygsdóttir
Jón Stefán Baldursson
Vaka Öttarsdóttir

Stjórnin mun skipta með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Varamenn í stjórn voru kjörnir Heiðrún Ósk Steindórsdóttir og Erla Rán Kjartansdóttir

Á stofnfundinum var samþykkt félagsgjald fyrir veturinn 2009-2010, það er 2000 kr. á heimili og verður innheimt síðar í vetur.



Þriðjudaginn 3. nóvember kl. 17-19 verður hrekkjavökuball í skólanum fyrir 1.-6. bekk. Það er 7. bekkur sem heldur ballið og er það liður í fjáröflun þeirra fyrir ferð í Skólábúðir í vor. Aðgangseyrir er 500 kr. og er drykkur innifalinn í þeirri fjárhæð. Veitt verða verðlaun fyrir besta búninginn, á staðnum verður draugahús, sjoppa, farið í leiki o.fl.

Upplýsingar um byrjendalæsi má nálgast á slóðinni; <http://unak.is/?d=17&m=page&f=viewPage&id=576>

Upplýsingar um "Fágæti og furðuverk" má nálgast á slóðinni; <http://unak.is/?d=17&m=news&f=viewItem&id=727>



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2009

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1	2 Soðinn fiskur, kartöflur, græn- meti og laukfeiti	3 Bjúgu m/kartöflum og jafningi Hrekkjavökuball kl. 17-19	4 Plokkfiskur m/ kartöflum, rúg- brauði og smjöri	5 Hakkað buff með kartöflumús, græn- meti, salati og sósu Kosið í nemendaráð	6 Makkarónusúpa, brauð og álegg	7
8	9 Soðinn fiskur m/ rófum, kartöflum og tómatsósu	10 Biximatur m/salati Kynning á byrjendalæsi kl. 17:30-18:30	11 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati	12 Steik m/brúnuðum kartöflum, grænmeti og sósu	13 Skr, brauð og álegg Uppskeruhátíð þemaverkefnis í 4.-5.b. kl. 8:15	14
15	16 Soðinn fiskur m/ kartöflum, tómötum og agúrkum	17 Slátur m/kartöflum jafningi og rófum	18 Steiktur fiskibollur m/kartöflum, sósu og salati	19 Snitzel m/steiktum kartöflum, grænmeti og salati	20 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	21
22	23 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúg- brauði, tómatsósu og smjöri	24 Svikinn héri m/ kartöflumús, salati og sósu	25 Óstafiskur m/ hrísgrjónum, sósu og salati	26 Steik m/steiktum kartöflum, grænmeti og salati	27 Grænmetissúpa, brauð og álegg	28 Vígsluhátíð!
29	30 Soðinn fiskur m/ kartöflum, græn- meti og feiti	1. des Hakk og spaghetti	2. Steiktur fiskur m/ kartöflum, salati og sósu	3 Saxbauti m/ kartöflumús, rauðkáli og sósu	4 Makkarónusúpa, brauð og álegg	5



**Vígsluhátíð húsnæðis Naustaskóla er fyrirhuguð laugardaginn 28. nóvember nk.
Dagskrá verður nánar auglýst síðar.**

Foreldrar í 1.-3. bekk, munið kynningu á byrjendalæsi 10. nóv kl. 17:30



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 2. árgangur, 2. desember 2009

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólafatnaður

Þeir sem enn eiga eftir að sækja pantanir eru beðnir um að gera það fyrir 11. desember, eftir þann tíma byrjum við að selja ósóttar pantanir.

Nemendaráð

Fyrsta nemendaráð Naustaskóla hefur nú verið kjörið. Fulltrúar í nemendaráði eru þau Hrannar Þór (formaður) og Birna María úr 7. bekk, Erna úr 6. bekk, Hermann úr 5. bekk og Freyr úr 4. bekk. Til vara voru kjörin Kristófer 7. bekk, Daníel 6. bekk, Sandra og Ugly 5. bekk og Katrín 4. bekk.



Lumar þú á verðmætum?

Rétt er að benda á að skólinn getur oft nýtt sér ýmislegt sem til fellur eða til er á heimilum og ekki nýtist þar. Þetta getur t.d. verið ýmiskonar efniviður, garn, efnisbútar, tau eða léreft, krukkur, plastdósir, pappír, málning, pappahólkur, föndurefni hvers konar og margt fleira. Við tökum glöð á móti ýmsum efnivið af þessu tagi sem má koma til starfsmanna skólans. Þá minnum við á að enn er töluvert pláss á bókasafni skólans.....

Kæra skólasamfélag

Þá er komið að því að skólasamfélagið breytist í jólasamfélag því árstíminn setur að sjálfsögðu sitt mark á skólastarfið í desember. Við setjum okkur í jólagírinn, syngjum jólalög, lesum jólasögur, búum okkur til huggulegar stundir og höldum heimanáminu í lágmarki en höldum þó auðvitað líka áfram að læra. Miðvikudaginn 9. til föstudaginn 11. des höfum við jólaþemadaga þar sem nemendur vinna saman í hópum óháð aldri að ýmsum jólatengdum verkefnum. Skóladeginum lýkur kl. 13:40 hjá öllum nemendum þessa þrjá daga. Það verða engir sérstakir prófadagar hjá okkur enda erum við ekkert mjög upptekin af prófum, en þau verða þó eitt og eitt í desember eins og á öðrum tímum ársins. Á næstu dögum sendum við út tölvupóst til foreldra og biðjum um þátttöku í mati á starfi nemenda i vetur, það fer fram á vefnum mentor.is og framkvæmdin verður nánar útskýrð í tölvupóstinum. Á foreldradegi 8. janúar setjast svo foreldrar, nemendur og umsjónarkennari saman og meta stöðuna. Litlu jól í Naustaskóla verða haldin í fyrsta sinn 18. desember og verða þau með hefðbundnu sniði, nemendur byrja á að eiga góða stund með kennurum sínum en svo komum við saman við jólatréð, syngjum, leikum og dönsu. Við höfum ákveðið að hafa ekki lukkupakka á litlu jólnum eins og víða tíðkast en hvetja nemendur þess í stað til að mæta með smápeninga í desember sem við söfnum saman og gefum til góðs málefni. Skólatími nemenda á litujólnum 18. desember verður kl. 9:30-12:00 en skólinn opnar eins og venjulega kl. 7:45 að morgni og Frístund opnar kl. 12 fyrir þá sem þar eru skráðir. Með bestu kveðjum úr skólanum og von um að desembermánuður verði okkur öllum ánægjulegur.

Ágúst Jakobsson

Bekkjafulltrúar

Bekkjafulltrúar hafa verið tilnefndir í öllum námshópum skólans og má sjá nöfn þeirra hér til hliðar. Bekkjafulltrúar og stjórn Foreldrafélagsins funduðu á dögnum og var þar ákveðið að stefna að einu bekkjarkvöldi í hverjum hóp fyrir jól. Á heimasíðu skólans má nú nálgast fundargerðir Foreldrafélagsins, nöfn og netföng bekkjafulltrúa og stjórnar, verkaskiptingu o.fl. Slóðin er:

<http://naustaskoli.is/page/foreldrar>

Samræmd próf 2009

Nú hafa borist niðurstöður úr samræmdu prófunum sem lögð voru fyrir 4. og 7. bekk í september. Við leitumst við að nýta niðurstöður prófanna til að skoða stöðu einstaklinga og hópanna og leita úrbóta þar sem þeirra er þörf. Hér til hliðar má sjá meðaltalstölur fyrir Naustaskóla bornar saman við meðaltal landsins, Akureyrar og kjördæmisins. Þarna er um að ræða svokallaðar normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltalið er stillt á 30.

	4. bekkur		7. bekkur	
	Stæ	Ísl	Stæ	Ísl
Landið	30,0	30,0	30,0	30,0
Akureyrarbær	29,1	30,7	28,5	29,7
Kjördæmið	30,1	30,2	28,3	29,9
Naustaskóli	28,9	32,2	24,3	27,5

Nafn	Bekkur
Helga Jónasdóttir	1.b
Ingibjörg Þorvaldsdóttir	1.b
Aðalbjörg Guðný Arnadóttir	1.b
Anna Rut Jónsdóttir	2-3.b
Sunna Guðmundsdóttir	2-3.b
Guðni B. Guðmundsson	2-3.b
Fjola Björk Karlsdóttir	2-3.b
Ásdís Birgisdóttir	2-3.b
Herdís Anna Friðfinnsdóttir	4-5.b
Hanna Birna Sigurbjörnsdóttir	4-5.b
Valgerður Dögg Jónsdóttir	4-5.b
Sigríður Magnúsdóttir	6-7.b
Guðbjörg Ósk Hjartardóttir	6-7.b
Jóhanna Sigmarsdóttir	6-7.b

Hefur þú kíkt á heimasíðu skólans nýlega? Það var margt um að vera hjá okkur í nóvember sem greint er frá á heimasíðunni, t.d. heimsóknir rithöfundar og ráðherra, eldvarnarvika hjá 3. bekk, rýmingaræfing, vígsluhátíð, hrekkjavökuball, lokahátíð þemaverkefnis hjá 4.-5. bekk, samverustundir, ballettkennsla og margt fleira...

www.naustaskoli.is



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2009

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
29	30 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og feiti	1 Hakk og spaghetti, salat	2 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati	3 Saxbauti m/ kartöflumús, rauðkáli og sósu	4 Makkarónusúpa, brauð og álegg	5
6	7 Soðinn fiskur m/ rófum, kartöflum og tómatsósu	8 Steiktur kjötbollur m/ sósu, kartöflum og salati	9 Plökkfiskur m/ rúg- brauði Jólaþemadagur Jólasveinahúfudagur	10 Kjúklingur v/ hrísgrjónum, sósu og salati Jólaþemadagur	11 Skr, brauð og álegg Jólaþemadagur Stekkjastaur	12 Giljagaur
13 Stúfur	14 Soðinn fiskur m/ kartöflum, tómötum og agúrkum Þvörusleikir	15 Slátur m/kartöflum jafningi og rófum Pottaskefill	16 Soðnar fiskibollur m/kartöflum og sósu Askasleikir	17 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg Hurðaskellir	18 Jólamatur :) Litlu jólin 9:30-12:00 Skyrgámur	19 Bjúgnakrækir
20 Glugga- gægir	21 Jólafrí - Frístund opin (fiskur) Gáttapefur	22 Jólafrí - Frístund opin (gúllas) Ketkrókur	23 Jólafrí - Frístund opin (grautur) Kertasníkir	24 Aðfangadagur	25 Jóladagur	26
27	28 Jólafrí - Frístund opin (fiskur)	29 Jólafrí - Frístund opin (skyr)	30 Jólafrí - Frístund opin (steiktur fiskur)	31 Gamlársdagur	1 Nýársdagur	2

Kennsla að loknu jólaeyfi hefst þriðjudaginn 5. janúar. Athugið að mánudaginn 4. janúar er starfsdagur og þann dag er Frístund einnig lokað.



Gleðileg jól!



Fréttabréf Naustaskóla

1. tölublað, 3. árgangur, 5. janúar 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Sjálfbóðaliðar óskast!

Eins og flestir vita hafa foreldrar annast gangbrautavörslu hjá okkur í haust og hefur verið gríðarleg hjálp í því. Nú vantar okkur foreldra til að manna gangbrautina nokkrar vikur í vor. Fyrirkomulagið er þannig að hver og einn annast viku eða nokkra daga eftir því sem tök eru á. Þeir sem sjá sér fært að taka þátt í þessu eru beðnir um að hafa samband við skólastjóra með tölvupósti í netfangið agust@akureyri.is. Þá væri einnig gaman að heyra frá foreldrum sem myndu treysta sér til að koma inn í forföllum kennara eða aðstoða á annan hátt við skólastarfið...

Dansklæðnaður

Nemendum er bent á að þá daga sem þeir eru í danskennslu er betra að mæta í skólann í þægilegum klæðnaði sem ekki hamlar hreyfigetu, t.d. ekki mjög þröngum gallabuxum eða þess háttar :)

Laust starf

Við Naustaskóla er laust til umsóknar starf skólaliða. Starf skólaliða er fjölbreytt og felur í sér gæslu og aðstoð við nemendur í starfi og leik á vegum skólans, störf í Fristund, við matarafgreiðslu, ræstingar o.fl. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans eða Akureyrarbæjar, eða hjá skólastjóra.

Umsóknarfrestur er til 7. janúar.

Kæra skólasamfélag

Þá er árið 2009 að baki og við kveðjum það eflaust með mismiklum söknuði. Það var engu að síður árið þar sem við stofnuðum skólann okkur og ýttum starfinu úr vör og fyrir Naustaskóla verður því árið 2009 alltaf dýrmætt - sjálft fæðingarárið. Nú biður okkar það starf að halda áfram að annast nýfædda skólann okkar og sýna honum það atlæti og umhyggju sem hann þarfnast og á skilið eins og annað ungið. Við þurfum öll að gera okkar besta til að koma honum almennilega á legg, gefa leiðbeiningar þegar okkur sýnist hann bera af leið, hrósa fyrir það sem vel er gert, hjálpa aftur á fætur ef hann hrasar. Hann verður auðvitað með einhverja vaxtarverki næstu árin, kannski þurfum við stundum að sýna honum umburðarlyndi og það er fyrirsjáanlegt að innan nokkurra missera verði fötin hans skyndilega of lítil og við þurfum sameiginlega að biðja um stækkun á þeim :) En fyrst og fremst þurfum við að láta okkur þykja vænt um hann, hvetja, leiðbeina og gefa af okkur. Þá mun okkur sannarlega lánast að búa til samfélag þar sem við getum öll lært, þroskast og dafnað saman um ókomin ár.

Nemendum, foreldrum og starfsfólki færi ég bestu þakkir fyrir samstarfið við fyrstu skref Naustaskóla, með von um að lífið verði áfram dásamlegt á nýja árinu!

Ágúst Jakobsson


Breytingar á stundatöflum

Eins og auglýst hefur verið með tölvupóstum og á vefsíðu gerum við nokkrar breytingar á stundatöflum nemenda nú um áramótin. Þær fela í sér að við byrjum kennslu kl. 8:10 á morgnana, styttnum ávaxtastundina sem var óþarflega löng og sömuleiðis hádegishléið. Þetta hefur í för með sér að skólatími nemenda dag hvern styttest um 25 mínútur að jafnaði, þannig lýkur nú kennslu hjá 1.-3. bekk kl. 13:15. Hjá eldri bekkjunum verða auk þess nokkrar tilfæringar á tímasetningum eftir hádegisdag. Ekki er um að ræða breytingar að öðru leyti, íþrótt- og sundtímar eru á sömu dögum o.s.frv. Nýjar stundatöflur má nálgast á heimasíðunni.

Lumar þú á verðmætum?

Enn bendum við á að skólanum geta nýst vel ýmsir hlutir sem hætt er að nota á heimilum. Við erum t.d. alltaf glöð að fá bækur á bókasafnið, spil af ýmsu tagi sem allir eru orðnir leiðir á heima, okkur þyrstir í hvers kyns föndurefni, tau og garn af ýmsu tagi, gamlar skyrtur nýtast vel sem hlífðarfatnaður í myndmennt og föndri og svona mætti lengi telja. Við biðjum því um að þið hugsið til okkar þegar þið sleppið fram af ykkur beislinu í tiltektinni á nýja árinu...!!

Við óskum nemendum og foreldrum gleðilegs árs og þökkum samstarfið á liðnu ári!



Forfallaskráningar í Mentor

Við minnum á að foreldrar geta sjálfir skráð forföll nemenda á vefnum mentor.is. Þetta er gert með því að skrá sig inn á fjölskylduvefinn og smella á hnappinn "skrá veikindi". (Sjá myndina að neðan) Athugið að þessi möguleiki er einungis til að skrá veikindi en eftir sem áður þarf að hringja í skólann til að biðja um leyfi fyrir nemendur.

The screenshot shows the Mentor website's family portal. On the left is a navigation menu with links like 'Hildur Hrónn Oddsdóttir', 'Útskrá', 'Breyta lykilorð', 'Forsíða', 'Tilkynningar', 'Skóladagatal', 'Starfsmenn', 'Námsáætlanir', 'Krækjur', 'Bekkjarlisti', and 'Leiðsagnamat'. The main content area shows a user profile for 'Eður Þorsteinn Sigurðsson' with tabs for 'Almennar upplýsingar', 'Aðstandendur', 'Vistun', 'Viðb. dagatal', and 'Matseðill'. The 'Almennar upplýsingar' tab is active, displaying fields for Name, Home address, Postal code (110 Reykjavík), Phone number (0512), Gender (Drengur), Mother tongue (Íslenska), and Birth date (30.10.2006). A photo of a child is shown next to the profile. On the right, there is a sidebar with links like 'Ástundun', 'Skrá veikindi', 'Tilkynningar', 'Skóladagatal', and 'Skjöl'.

Foreldrar, starfsmenn og aðrir sem eiga leið um Kjarnagötu og bílastæði skólans á morgnana eru beðnir um að stilla hraða í hóf og hafa augun hjá sér í myrkrinu...!!

Smellið á skrá veikindi

Jólabemadagarnir tókust prýðilega

Á jólabemadögum 9.-11. desember unnu nemendur í 7 hópum en í hverjum og einum hóp voru krakkar úr öllum árgöngum skólans. Þetta tókst stórvel, þau eldri aðstoðuðu hin yngri (og stundum auðvitað öfugt) og allir virtust njóta fjölbreytninnar í hópunum. Verkefnin voru líka margvísleg en áttu það flest sameiginlegt að tengjast jólnum á einhvern hátt. Stelpurnar á myndinni hér til hliðar voru hins vegar að vinna að verkefni sem ekki er lokið enn, en það felst í að búa til eins konar mósaíkmynd af merki skólans úr miklum fjölda trékubba. Það verk heldur áfram nú á vorönninni....



Nemendasamkeppni: Gerð jafningjafræðsluefnis um jákvæða og örugga netnotkun barna og unglunga



SAFT, ungmenningaráð SAFT, Heimili og skóli og Nýherji efna til samkeppni meðal grunn- og framhaldsskólanemenda um gerð jafningjafræðsluefnis sem stuðlar að jákvæðri og öruggri netnotkun.


Innsent efni má vera í formi myndbanda, kennslueininga, veggspjalda, handrita að leiknu efni, leikir o.s.frv., en miðað er við að það sé nýtilegt við jafningjafræðslu í grunnskólum landsins. Tekið er við efni bæði frá einstaklingum og bekkjum.

Efni þarf að skila inn fyrir 22. janúar 2010 en vinningshafar verða kynntir á alþjóðlega netöryggisdaginn 9. febrúar 2010. Þann dag mun SAFT standa fyrir ráðstefnu þar sem lögð verður áhersla á að brýna fyrir netnotendum að hugsa sig tvisvar um áður en þeir setja upplýsingar eða myndir á netið. Meðal vinninga má nefna IdeaPad fartölvu, Canon upptökuvél, prentara og flakkara.


Nánari upplýsingar má finna á www.saft.is

Læsi skimunarpróf - niðurstöður

Læsi skimunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk í nóvember sl. Það eru starfsmenn Skólaþróunarsviðs H.A. sem fara yfir prófin en þau eru lögð fyrir nemendur í öllum skólum sem nota kennsluáðferðina Byrjendalæsi undir handarjaðri H.A. Hér að neðan má sjá fyrstu niðurstöður fyrir Naustaskóla en þær eru í heildina tekið mjög ánægjulegar. Almenn viðmið um viðunandi árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugu leiðsagnarmati og kennslu, ekki síst þeir sem raðast í neðsta hópinn, þ.e. undir 30% árangur.



Mynd 2: Árangur Naustaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla. Alls þreyttu 947 nemendur af 979 prófið og náðu 57% þeirra yfir 60% árangri. Í Naustaskóla tóku 34 af 36 nemendum prófið og náðu 76% yfir 60% árangri.



Mynd 2: Árangur Naustaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla. Alls þreyttu 849 nemendur af 889 prófið og náðu 61% þeirra yfir 60% árangri. Í Naustaskóla tóku allir nemendur prófið og náðu 66% nemenda yfir 60% árangri.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri


www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Janúar 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
				31 Gamlársdagur	1 Nýársdagur	2
3	4 Starfsdagur Frístund lokuð	5 Biximatur með salati	6 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati	7 Saxbauti með kartöflumús, og græn- meti 1. bekkur fer í sleða- ferð	8 Viðtalsdagur Frístund opin Grænmetissúpa, brauð og álegg	9
10	11 Soðinn fiskur m/ kartöflum, grænmeti og feiti	12 Karrýgúllas með hrísgrjónum og salati Skólatónleikar Sin- fóníuhljómsveitar Norðurlands	13 Steiktur fiskibollur m/kartöflum, sósu og salati	14 Snitzel m/ steiktum kartöflum og grænmeti	15 Makkarónusúpa, brauð og álegg	16
17	18 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og tómatsósu	19 Hakk og spaghetti m/ salati	20 Plokkfiskur m/ kartöflum, rúgbrauði og smjöri	21 Lasagna og salat	22 Skyr, brauð og álegg Bóndadagur Ullarfatadagur!	23
24	25 Soðinn fiskur m/ kartöflum, tómötum, gúrkum og laukfeiti	26 Slátur m/ kartöflum, jafningi og rófum	27 Ostafiskur m/ hrísgrjónum og karrýsósu	28 Hakkað buff m/ kartöflumús, grænmeti, salati og sósu	29 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	30



**Búum okkur vel -
það er oft kalt í janúar :)**





Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 3. árgangur, 1. febrúar 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Næsta skólaár

Nú förum við að byrja að hugsa um næsta skólaár. Vinna við skóladagatal er hafin og nú í febrúar fer fram innritun fyrir næsta vetur. Við gerum ráð fyrir að það fjölgi um a.m.k. 30 nemendur hjá okkur en það er afar mikilvægt að allir sem hyggjast innrita börn í skólann fyrir næsta vetur geri það nú í febrúar. Innritun verður nánar auglýst á vegum skóladeildar en nefna má að 16. febrúar nk. kl. 9-11 verður opið hús hjá okkur þar sem foreldrum býðst að koma og skoða aðstæður. Þá er fyrirhugaður sameiginlegur kynningarfundur allra skólanna í Lundarskóla 10. febrúar kl. 20:00

Nýir starfsmenn

Á dögum bættust tveir nýir starfsmenn í hópinn hjá okkur. Það eru þau Róbert Antonsson og Elva Rósa Helgadóttir en þau sinna bæði störfum skólaliða. Við bjóðum þau hjartanlega velkominn í hópinn!



Kæra skólasamfélag

Febrúar heilsar og við höldum áfram að byggja upp og þróa starfið í skólanum okkar. Við erum auðvitað öll að læra saman og í stóru dráttunum gengur það afskaplega vel þó að sjálfsögðu komi ýmislegt upp á þegar fast að 200 manns eru samankomnir í sama húsinu. Við erum smátt og smátt að prófa okkur áfram með starfshætti og vinnum í að þróa þá í samræmi við stefnu skólans. Sem dæmi má nefna að þessa dagana eru kennarar í 4.-7. bekk að hefjast handa við að hagnýta sér kennsluáðferðina Orð af orði, en það er kennsluáðferð sem Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri hefur verið að þróa. Meginmarkmiðið er að auka skilning í lestri og námi með því að efla orðvitund og orðaforða, fella orðakennslu að hefðbundinni kennslu og gera að föstum lið í kennslu námsgreina. Lögð er áhersla á að vinna eftir tiltekinni hugmyndafræði en virkja kennara til að þróa sínar eigin aðferðir út frá henni. Ráðgjafi í verkefninu leggur til fræðslu og hugmyndir að verkefnum og fundar reglulega með kennurum. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennslu og margbreytileg viðfangsefni af ýmsu tagi og í verkefninu er talsvert losað um námsbókarstýrða kennslu.

Við minnum á að um miðjan mánuðinn verður vetrarfrí, væntanlega kærkomið, og vonandi að sem flestir geti nýtt það til samveru fjölskyldunnar. Það er komin hefð á að skólarnir hér í bænum taki vetrarfrí samtímis dagana eftir öskudaginn ár hvert og er það nokkuð sem foreldrar ættu að geta stólað á í sínum áætlunum. Með von um dásamlegt líf í febrúar!

Ágúst Jakobsson

"Forysta til náms í nýjum skóla"

Sl. haust fór af stað rannsóknar- og þróunarvinna í samvinnu Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur, doktorsnema við Menntavísindasvið HÍ, og skólastjórnenda Naustaskóla. Rannsóknin mun standa yfir þriggja ára tímabil og miðar að því að rannsaka hvort ákveðin aðferð forystu stuðli að námssamfélagi, í hverju hún felist og hvernig megi standa að henni. Upplýsinga verður aflað með ýmsu móti, s.s. með viðtölum, vettvangsathugunum, leshringjum, samræðum og niðurstöðum námsárangurs nemenda. Unnið verður að stefnumótun, hugtök skilgreind, sett verða niður viðmið um árangur, þar sem m.a. verður stuðst við niðurstöður úr viðtölum og samræðum prófum. Ekki verða á neinu stigi rannsóknarinnar einkunnir tengdar einstaklingum eða nafngreindar upplýsingar úr viðtölum. Rannsóknin gagnast skólanum m.a. á þann hátt að skólastjórnendur fá mikla endurgjöf frá rannsakanda, gagnlegar spurningar, upplýsingar og leiðbeiningar. **Þriðjudaginn 2. febrúar kl. 17:00-18:00 bjóðum við foreldrum að koma og kynna sér þetta verkefni.** Í framhaldinu mun Birna einnig leita til foreldra til að taka þátt í rýnihópum þar sem leitað verður viðhorfa um ýmislegt sem varðar skólastarfið. Þarna er því einnig vettvangur til að hafa áhrif á skólann og mótun hans.

Tannverndarvika 1.-5. febrúar

Lýðheilsustöð stendur fyrir árlegri tannverndarviku 1. - 5. febrúar. Að þessu sinni er lögð áhersla á tannvernd barna. Rannsóknir staðfesta að nú er meira um tannskemmdir hjá börnum og ungmennum á Íslandi en áður. Þessar niðurstöður gefa tilefni til að efla þekkingu og vitund landsmanna á tannheilbrigði og góðum neysluvenjum. Til þess þurfa sem flestir að leggja málinu lið. Á slóðinni

<http://naustaskoli.is/static/files/frettaskrar/Tannburstun.pdf> má nálgast upplýsingar um tannburstun sem er auðvitað grundvallaratriði í tannvernd... gott að prenta út!

I. bekkur á álfa-slóðum

Krakkarnir í I. bekk hafa undanfarið verið að vinna verkefni sem fjalla um álfa og huldufólk. Um daginn brugðu þau sér í gönguferð og þá vildi hið ótrúlega til að þau fundu alklæðnað af álfi við stóran stein hér í hverfinu. Og ekki nóg með það heldur fengu þau líka bréf frá honum Fróða Naustálfi sem býr víst hérna í nágrenninu. Svona getur nú ýmislegt gerst í I. bekk! Á heimasíðunni má nálgast myndir frá starfinu í I. bekk og auðvitað mörgu öðru sem gerist í skólanum. <http://www.naustaskoli.is>



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Febrúar 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúgbrauði, smjörva og tómatsósu	2 Lasagna og salat Kynningarfundur Birnu Svanbjörnsd. með foreldrum kl. 17-18.	3 Steiktur fiskur m/ kartöflum, salati og sósu	4 Steik m/ steiktum kartöflum, grænmeti og salati	5 Grænmetissúpa, brauð og álegg	6
7	8 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og tómatsósu	9 Steiktur kjötbollur m/ kartöflum, rauðkáli og sósu	10 Steiktur fiskur m/ hrísgrjónum, karrý- sósu og salati	11 Saxbauti m/ kartöflumús, grænmeti og sósu	12 Skrýr, brauð og álegg Skringilegur dagur (allir skringilegir :)	13
14	15 BOLLUDAGUR Steiktur fiskibollur m/ kartöflum og sósu	16 SPRENGIDAGUR Saltkjöt og baunir, túkall Opíð hús til kynningar kl. 9-11	17 ÖSKUDAGUR Starfsdagur - frí hjá nemendum en frístund opin Pylsupartý	18 VETRARFRÍ (Frístund opin) Broccolyfiskur m/ kartöflum, sósu og salati	19 VETRARFRÍ (Frístund opin) Makkarónusúpa, brauð og álegg	20
21 Konu- dagurinn	22 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúgbrauði og smjörva	23 Slátur m/ kartöflum, jafningi og rófum	24 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati	25 Kjúklingur m/ hrísgrjónum, salati og sósu	26 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	27
28	1. mars Soðinn fiskur m/ kartöflum, agúrkum, tómötum og feiti	2. mars Hakk og spaghetti, salat.	3. mars Plokkfiskur m/ kartöflum, rúgbrauði og smjörva	4. mars Gullash m/ kartöflumús og grænmeti ÁRSHÁTÍÐ !! Nánar auglýst síðar	5. mars Grænmetissúpa, brauð og álegg	6. mars



Munið vetrarfríð 17.-21. febrúar

Góða skemmtun!





Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 3. árgangur, 1. mars 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Göngum í skólann!

Afar algengt virðist vera að nemendum sé ekið í skólann, jafnvel þó að þeir búi skammt frá og gönguleiðir séu greiðar. Við viljum eindregið hvetja til þess að nemendur gangi í skólann, bæði er þar um að ræða holla og hressandi hreyfingu en auk þess dregur þá úr óþarfa umferð á bílastæði skólans og í nágrenni hans....

Árgjald Foreldrafélags

Foreldrar munið árgjald Foreldrafélagsins, 2000 kr. á heimili. Reikningsnúmerið er 0565-26-460110 kt. 460110-1140

Skóladagatal 2010/11

Skóladagatal næsta vetrar er nú í vinnslu. Rétt er að vekja athygli á að fyrirhugað er að hafa vetrarfrí næsta vetur dagana 23.-27. október og 9.-13. mars. Skóli hefst með viðtölum 23. ágúst. Óhætt ætti að vera að taka mið af þessum upplýsingum þegar gerðar eru áætlanir fyrir fjölskylduna....

Félagsstarf nemenda

Frá og með síðustu áramótum eiga nemendur 7. bekkjar aðgang að félagsmiðstöðinni Tróju sem er til húsa í Rósenborg (Gamla Barnaskólanum). Við eigum svo í viðræðum við tómsfundayfirvöld um að komið verði á fót mánaðarlegum opnum húsum fyrir nemendur á miðstigi í skólanum en ekki er enn ljóst hvenær það getur hafist, vonandi þó fyrir vorið...

Kæra skólasamfélag

Fyrsta árshátíð skólans verður 4. mars og setur hún auðvitað mikinn svip á fyrstu vikuna enda æfingar í hverju horni hjá okkur. Við erum smátt og smátt að skapa hefðir og venjur, ein af þeim er að halda árshátíð þar sem markmiðið er að allir taki þátt á einhvern hátt og sem allra flestir stígi á svið á hverju ári. 7. bekkur stendur fyrir kaffisölu á hátíðinni og þau bregða sér svo í skólabúðaferð undir lok mánaðarins. Annars gerum við ráð fyrir að lífið gangi sinn vanagang í marsmánuði en hann endar svo með páskafríinu góða. Fyrirhugað er að nemendum skólans verði boðið á skíði í mánuðinum en ekki er enn ljóst hvaða dag það gæti orðið, það verður auglýst áður en að því kemur. Kennarar skólans koma til með að sækja námskeið í H.A. næstu vikur þar sem við vinnum að því að skerpa sameiginlega sýn okkar á kennslu og nám nemenda undir formerkjum fjölbreytni og einstaklingsmiðunar. Þar verður rædd og skoðuð hugmyndafræði og hugtök sem liggja að baki einstaklingsmiðaðrar kennslu og lærdóms-samfélags. Í öðru lagi verður sjónum beint að þáttum sem einkenna þessa hugmyndafræði, s.s. skýrri markmiðssetningu og viðmiðum um árangur og samþættingu náms og kennslu og í þriðja lagi fjallað um kennsluáðferðir sem falla undir fyrrgreinda hugmyndafræði. Allt miðar þetta auðvitað að því að móta starf sem setur nemandann og þroska hans í öndvegi enda er skólinn jú gerður fyrir börnin okkar. Samsagt, allt útlit fyrir dásamlegan marsmánuð!

Ágúst Jakobsson

ATH: Bólusetningarátak gegn svínainflúensu

Heilbrigðisyrðirvöld hvetja landsmenn eindregið til þess að láta bólusetja sig gegn svínainflúensu og verjast á þann hátt nýju áhlaupi veikinnar sem búast má við síðar á þessu ári eða því næsta. Bólusetning er besta vörnin gegn svínainflúensunni. Nánari upplýsingar um inflúensuna er að finna á vef sóttvarnarlæknis, www.influensa.is Sóttvarnarlæknir hvetur starfsfólk heilsugæslna í landinu til að bólusetja í skólum og hefur Heilsugæslustöðin á Akureyri ákveðið að bjóða upp á bólusetningu fyrir nemendur í grunnskólum. Ekki er nauðsynlegt að fá upplýst samþykki foreldra fyrir þessari bólusetningu en foreldrum er gefinn kostur á að hafna bólusetningu fyrir börn sín. Þá eru foreldrar þeirra barna sem hafa verið bólusett með Pandemrix, bóluefni gegn svínainflúensu, beðnir um að láta skólahjúkrunarfræðing vita. Vinsamlegast hafið skriflegt samband við skólahjúkrunarfræðinga, með bréfi eða tölvupósti fyrir 7. mars 2010. Netfang skólahjúkrunarfræðings er isi@akmennt.is Hafi boði um bólusetningu ekki verið hafnað munu skólahjúkrunarfræðingar og skólalæknar, í samstarfi við starfsfólk skólanna, bólusetja á tímabilinu 10. – 19. mars 2010. Nánari dagsetning á bólusetningum verður auglýst með tölvupósti til foreldra/forráðamanna og á heimasíðu skólans.

Heilsugæslan á Akureyri

Árshátíð Naustaskóla

Árshátíð Naustaskóla verður haldin fimmtudaginn 4. mars.

Sýning hjá 1.-3. bekk verður kl. 16:15 en sýning hjá 4.-7. bekk verður kl. 17:15. Sýningarnar verða í salnum á efri hæð skólans.

Á eftir hvorri sýningu verða seldar kaffiveitingar á neðri hæð skólans til styrktar skólabúðaferð 7. bekkjar,

verð fyrir fullorðna er 500 kr. en fyrir börn 300 kr.

Athugið að ekki er hægt að greiða með greiðslukortum.

Allir velkomnir, sjáumst í hátíðarskapi!





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Mars 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1 Soðinn fiskur m/ kartöflum, Agúrkur, tómatar og feiti.	2 Hakk og spaghetti. Salat.	3 Plokkfiskur m/ kartöflum, rúgbrauði og smjörva.	4 Gullash m/ kartöflumús og grænmeti. ÁRSHÁTÍÐ !! <i>(Sjá forsíðu)</i>	5 Grænmetissúpa, brauð og álegg	6
7	8 Soðinn fiskur m/ kartöflum, grænmeti og feiti. Fundur hjá foreldr. 6. b. kl. 20:00	9 Biximatur m/ salati. Læknisskoðun hjá 4. bekk kl. 9:00	10 Ostafiskur m/ hrísgrjónum, salati og súrsætri sósu.	11 Steik m/ steiktum kartöflum, grænmeti, salat og sósa. Upplstrarkeppni 7. b. kl. 9:45.	12 Skyr, brauð og álegg	13
14	15 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og tómatsósu.	16 Lasagna m/ salati.	17 Steiktur fiskibollur m/ kartöflum og sósu. Stóra uppl.keppni 7.b. úrslitakeppni	18 Snitzel, steiktur kartöflur og grænmeti.	19 Makkarónusúpa, brauð og álegg.	20
21	22 Soðinn fiskur m/ kartöflum og tómatsósu. 7. b. í skólabúðum þessa viku	23 Slátur m/ kartöflum, jafningi og rófum	24 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati.	25 Kjúklingur m/ hrísgrjónum, salati og sósu	26 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg Páskafri hefst	27
28	29. Páskafri - Frístund opin Soðinn fiskur m/ kartöflum, agúrkum,	30. Páskafri - Frístund opin Steiktur kjötbollur m/ rauðkáli og sósu.	31. Páskafri - Frístund opin Broccolyfiskur m/ kartöflum og salati.	1. apríl Skírdagur	2. apríl Föstudagurinn langi	3. apríl



- 26. mars - páskaleyfi nemenda hefst
- 29.-31.mars - páskafri en Frístund opin
- 6. apríl - starfsdagur, Frístund lokuð
- 7. apríl - Samráðsdagur, Frístund opin, viðtalsboðanir sendar fyrir páskafri
- 8. apríl - kennsla hefst skv. stundaskrá





Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 3. árgangur, 5. apríl 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Laus störf!

Nú erum við að auglýsa eftir starfsmönnum fyrir næsta vetur, þ.e. kennara, námsráðgjafa og þroskajálfa. Auglýsingarnar má finna á umsóknavef Akureyrarbæjar og er umsóknarfrestur til 19. apríl Slóðin á umsókarvefinn er:

<http://www.akureyri.is/stjornkerfid/auglysingar/>

Könnun

Fyrirhugað er að gera könnun meðal foreldra innan skamms. Foreldrar munu fá sendan tölvupóst þar sem þeir þeir verða beðnir um að svara nokkrum spurningum varðandi skólann og skólastarfið. Við biðjum foreldra um að bregðast vel við og taka þátt því að þannig fáum við mikilvægar upplýsingar til að nýta við þróun starfsins. Könnunin mun að sjálfsögðu verða nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til þátttakenda.

Jákvæður agi

Það er gaman að segja frá því að nú hafa Glerárskóli og Hrafnagilsskóli ákveðið að slást í lið með okkur við að innleiða agastefnuna "Jákvæðan aga". Ráðgert er nokkurt samstarf milli skólanna um þetta verkefni, sem byrjar á því að 2-3 fulltrúar frá hverjum skóla fara á fjögurra daga námskeið til Bandaríkjanna um miðjan maímánuð. Í framhaldinu er fyrirhugað sameiginlegt námskeiðshald í haust og samfylgd um áframhaldið sem verður tvímælalaust styrkur fyrir alla skólana.

Kæra skólasamfélag

Síðasta lota skólaársins er að hefjast og vorið bíður á næsta leiti þó þess sjái ekki stað í veðurfarinu ennþá. Marsmánuður var afskaplega viðburðaríkur hjá okkur og mikið um að vera allan mánuðinn. Þar ber fyrst að nefna árshátíðina sem tókst afar vel. Var sérstaklega ánægjulegt að sjá hve margir mættu og gaman að sjá að afar, ömmur, eldri systkini og fleiri fjölskyldumeðlimir fylgdu mörgum nemendum. Eftir árshátíðina hefur svo verið í nógu að snúast, má þar nefna upplestrarkeppni og skólabúðadvöl hjá 7. bekk, skíðadag í Hlíðarfjalli, gistingu hjá 6. bekk, gagnkvæmar heimsóknir nemenda 1. bekkjar og leikskólans, páskaföndur, skólaþing, ferð 4.-6. bekkjar í stjörnuskoðunarver og meira að segja influensubólusetningu, auk venjubundinnar dagskrár sem er auðvitað stór kapítuli útaf fyrir sig. Myndir frá mörgum þessara viðburða, sem og öðrum þáttum í starfinu, má nálgast á heimasíðu skólans og hvetjum við ykkur til að fylgjast með henni, til gagns og gamans. Aprilmánuður hefst á starfsdegi sem við munum m.a. nýta til skyndihjálparnámskeiðs fyrir starfsfólk. Miðvikudagurinn 7. apríl er viðtalsdagur en nú ætlum við að prófa að boða einungis þá sem umsjónarkennarar telja þörf á að hitta á þessum tímapunkti, en gefum okkur þá jafnframt betri tíma til að ræða málin en ef við myndum boða alla. Foreldrar geta að sjálfsögðu einnig óskað eftir viðtali þennan dag. Með von um góðan aprílmánuð í skólanum og að vorið fari að sýna sig smátt og smátt.

Ágúst Jakobsson

Nemendafjöldi veturinn 2010-2011

Við erum þessa dagana að leggja línurnar fyrir næsta vetur, ekki er enn frágengið hvernig kennarar munu skiptast á árganga en það skýrist á allra næstu vikum og verður kunnngert í fréttabréfi í byrjun maímánaðar. Við höldum sama skipulagi áfram þ.e. að samkenna 2.-3. bekk, 4.-5. bekk, og 6.-7. bekk, auk þess sem kennsla 8. bekkjar fer væntanlega fram í nokkru samstarfi við 6.-7. bekk næsta vetur. Eins og staðan er nú er útlit fyrir að nemenda- og starfsmannafjöldi í hverri deild verði eins og hér sést:

Árgangur:	Nem.fjöldi	Deild:	Starfsmenn:
1. bekkur;	32	32	2 umsj.kennarar, stuðningsfulltrúi, þroskajálfi
2. bekkur;	34		
3. bekkur;	29	63	4 umsj.kennarar, stuðningsfulltrúi
4. bekkur;	26		
5. bekkur;	21	47	3 umsj.kennarar, stuðningsfulltrúi
6. bekkur;	17		
7. bekkur;	14	31	2 umsj.kennarar, stuðningsfulltrúi
8. bekkur;	14	14	1 umsj.kennari, sérgreinakennarar að hluta
Samtals		187 nemendur	



Leyfi vegna ípróttta, sunds, útiveru o.s.frv.

Töluvert er um að nemendur komi með miða eða að foreldrar hringi til að biðja um leyfi fyrir nemendur í ípróttum eða sundi, útiveru í frímínútum o.p.h. Við reynum að sjálfsögðu eftir fremsta megni að verða við þessum beiðnum en biðjum foreldra um að íhuga vel hvort raunverulega sé þörf á að nemandinn sleppi því sem um er beðið, því að stundum finnst okkur eins og óþarflega margir nemendur séu með slíkar undanþágur.....





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Apríl 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
				1 Skírdagur Frí!	2 Föstudagurinn langi Frí!	3
4	5 Annar í páskum Frí!	6 Starfsdagur Frí! Frístund lokuð	7 Viðtalsdagur Frí en Frístund opin Plokkfiskur m/ kartöflum, rúgbrauði og smjöri	8 Gullas m/ kartöflumús og grænmeti	9 Skyr, brauð og álegg	10
11	12 Soðinn fiskur m/ kartöflum, grænmeti og laukfeiti	13 Grænmetisbuff m/ kartöflum, sósu og salati	14 Ostafiskur m/ hrísgrjónum og karrysósu	15 Kjöt og kjötsúpa, kartöflur og rófur	16 Makkarónusúpa, brauð og álegg.	17
18	19 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúgbrauði, smjöruva og tómatsósu	20 Slátur m/ kartöflum, jafningi og rófum	21 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati.	22 Sumardagurinn fyrsti Frí!	23 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	24
25	26 Soðinn fiskur m/ kartöflum, agúrkum, tómötum og tómát- feiti	27 Hakk og spaghetti með salati	28 Steiktur fiskibollur m/ kartöflum, sósu og salati	29 Svínasteik m/ steiktum kartöflum, grænmeti og salati	30 Grænmetissúpa, brauð og álegg	

- 6. apríl er starfsdagur, þá verða allir starfsmenn skólans á skyndihjálparnámskeiði - Frístund lokuð
- 7. apríl er viðtalsdagur, þá mæta nemendur og foreldrar til viðtals við umsjónarkennara - athugið að ekki eru allir boðaðir í þetta skiptið en foreldrar geta einnig nýtt tækifærið og óskað eftir viðtali.
- 22. apríl er sumardagurinn fyrsti - þá verður örugglega komið vor og það verður Frídagur



Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 3. árgangur, 3. maí 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ný lykilorð í mentor

Hingað til hafa foreldrar þurft að snúa sér til skólans til að fá send ný lykilorð að mentorkerfinu ef þau hafa tapast, en nú er hægt að fá þau send beint af vefsíðu mentor.is með því að slá inn kennitölu viðkomandi.

Forskráning í Frístund

Á dögnum var sendur út tölvupóstur þar sem foreldrar í verðandi 1.-4. bekk voru beðnir um að gefa upplýsingar um hvort þeir hygðast nýta vistun í Frístund fyrir börn sín næsta vetur. Við biðjum þá sem enn eiga eftir að svara því að bregðast við sem allra fyrst.

Íþróttakennsla í maí

Við ætlum að nýta tækifærin og kenna íþróttir sem mest úti í maí þegar veður leyfir. Við biðjum um að nemendur mæti með íþróttaföt eins og venjulega á "inniíþróttadögum" en að þeir séu einnig klæddir eftir veðri og við því búnir að íþróttirnar séu kenndar úti.

Val í 8. bekk

Nemendur í 8. bekk fá að velja um nokkrar námsgreinar næsta vetur. Þau fá valblöð send heim með sér þriðjudaginn 4. maí og þurfa að skila þeim aftur í síðasta lagi föstudaginn 7. maí. Nemendur og foreldrar geta leitað upplýsinga og ráðgjafa hjá skólastjóra ef spurningar vakna vegna valsins..

Kæra skólasamfélag

Það er sannarlega ótrúlegt til þess að hugsa að fyrir réttu ári síðan var Naustaskóli ekki til. Húsið var enn í byggingu og átti töluvert í land, hvað búnað varðar átti skólinn enn ekki svo mikið sem eina bréfaklemmu! Búið var að ráða nokkra starfsmenn en þeir voru eiginlega bara andlit á heimasíðunni, stefna og starfshættir sömuleiðis bara nokkur orð á blaði, margir nemendur og foreldrar nokkuð óákveðnir um hvernig ætti að taka þessum nýja skóla og vísast sumir kvíðnir fyrir því hvernig til myndi takast. Á þessu ári hefur því mikið vatn runnið til sjávar, orðinn er til skóli með öllu sem honum fylgir, með ákveðnum brag og sérkennum. Þar hafa margir lagt sitt af mörkum og langar mig hér sérstaklega að þakka foreldrum fyrir þá jákvæðni og það traust sem þeir hafa sýnt við mótun þessa nýja skóla. Í könnun sem lögð var fyrir foreldra á dögnum kemur glöggt fram að foreldrar eru yfirhöfuð ánægðir með hvernig til hefur tekist og vænta greinilega mikils af skólanum okkar. Þar er hins vegar líka að finna skýrar vísbendingar um atriði sem þarfnast úrbóta og margar góðar athugasemdir og ábendingar sem við tökum til handargagns. Við erum auðvitað bara rétt að byrja og væntum þess öll að sameiginlega getum við búið til frábæran skóla, og það gerum við með því að hjálpast að og hlusta hvert á annað. Og til að taka af allan vafa er rétt að taka fram að lífið er svo sannarlega dásamlegt!

Ágúst Jakobsson



Mynd af heimasvæði 4.-5. bekkjar fyrir sléttu ári síðan !!

Útivistartíminn

Frá og með 1. maí lengist útivistartími skv. lögum, þá mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 22 en 13-16 ára mega vera úti til kl. 24. Rétt er þó að taka fram að foreldrar ráða að sjálfsögðu útivistartíma sinna barna, og sjálfsagt að muna að flest börn og unglingar þurfa að minnsta kosti 10 tíma svefn!!

Foreldrar munið árgjald Foreldrafélagsins, **2000 kr. á heimili**. Enn eiga nokkrir eftir að greiða!
Reikningsnúmerið er 0565-26-460110 kt. 460110-1140

Nýir starfsmenn

Nú hafa verið ráðnir fjórir nýir starfsmenn að skólanum fyrir næsta vetur. Það eru Aðalheiður Skúladóttir, Freydis Þorvaldsdóttir, Hafdis Björg Bjarnadóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir. Aðalheiður kemur frá Lundarskóla þar sem hún hefur starfað lengi sem kennari, hún verður námsráðgjafi hjá okkur en mun einnig kenna 6.-7. bekk næsta vetur. Freydis kemur líka úr Lundarskóla eftir langan kennsluferil þar, hún verður umsjónarkennari í 1. bekk næsta vetur. Hafdis Björg starfar nú í Síðuskóla en hefur að baki fjölbreytta reynslu af skólastarfi, hún er þroskaþjálfari og mun starfa að mestu með 1. bekk næsta vetur. Yrsa Hörn kemur frá Þelamerkurskóla, hún er sérkennari með fjölbreytta reynslu að baki og mun starfa sem umsjónarkennari í 2.-3. bekk næsta vetur. Við bjóðum þær velkomnar í hópinn og væntum mikils af samstarfinu við þær um ókomna tíð.

Skólanefnd óskar eftir tilnefningum til viðurkenninga

Samkvæmt skólustefnu Akureyrarbæjar skal árlega, veita þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til.

Skólanefnd mun frá árinu 2010 veita einstaklingum og/eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í eftirtöldum tveimur flokkum viðurkenningar, við hátíðlega athöfn. Skólanefnd ákveður fjölda viðurkenninga ár hvert að fenginni tillögu valnefndar.

Skólar/Kennarahópar/Kennari

Foreldrar, nemendur, kennarar, skólar og bæjarstofnanir geta tilnefnt verkefni í skóla til viðurkenningar. Tilnefna má nýbreytniverkefni um hvaðeina í skólastarfi sem unnið hefur verið að á yfirstandandi skólaári, nemendavinnu, vinnu hópa eða einstaklinga, upplýsingamiðlun, stefnumótun og skipulag, starf eins kennara eða samvinnu þeirra, verkefni í almenntri kennslu, sérgreinum eða sérkennslu, framlag annars starfsfólks skólans, forvarnarstarf, félagsstarf eða foreldrasamstarf.

Nemendur

Skólar setja sér reglur um það hvaða nemendur þeir tilnefna til viðurkenninga og senda til valnefndar. Tilnefningar eru óháðar aldri. Viðurkenningu má veita fyrir góðan námsárangur, góðar framfarir í námi, virkni í félagsstarfi, að vera jákvæð fyrirmynd, sýna frumkvæði eða leiðtogaþæfileika, frábæra frammistöðu í íþróttum eða listum, listsköpun eða tjáningu í skólastarfi, félagslega færni, samskiptahæfni og framlag til að bæta eða auðga bekkjaranda/skólaanda, nýsköpun og/eða hönnun. (Óskað er eftir að tilnefningar vegna nemenda Naustaskóla berist til skólastjóra, nefnd innan skólans velur síðan tilnefningar til að senda áfram til skólanefndar)

Þessi samþykkt nær til allra leik-, grunn- og tónlistarskóla sem Akureyrarbær rekur eða styrkir. Valnefnd verður skipuð einum fulltrúa úr skólanefnd, einu foreldri sem tilnefnt er af Samtaka og foreldrum leikskólabarna og einum fulltrúa frá Skólaþróunarsviði HA. Fræðslustjóri er starfsmaður valnefndar.

Tilnefningar skulu hafa borist í síðasta lagi 9. maí. Tilnefningum vegna skóla, kennara eða verkefna skal skilað inn til skólanefndar með þar til gerðu formi á vefslóðinni

<http://www.surveymonkey.com/s/starfsmannavidurkenningar>

Tilnefningar vegna nemenda í Naustaskóla sendist með tölvupósti til agust@akureyri.is fyrir 6. maí.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, verða afhent í 15. sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 1. júní kl. 15:00.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra óska eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna 2010 frá einstaklingum, félögum eða hópum sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum, sem stuðla að eflingu skólstarfs og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins.

Með afhendingu verðlaunanna er vakin athygli á því gróskumikla starfi sem fer fram innan leik- grunn- og framhaldsskóla og þeim mörgu verkefnum sem stuðla að öflugu og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins.

Fólk er hvatt til að láta málið til sín taka og líta eftir verðugum verkefnum í sínu nærumhverfi.

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á heimasíðu Heimilis og skóla www.heimiliogskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er mánudagurinn 10. maí.

Umsjónarkennarar næsta vetur

Skipting umsjónarkennara á árganga næsta vetur verður væntanlega sem hér segir. Við gerum hins vegar ekki ráð fyrir að raða nemendum niður á umsjónarkennara fyrr en í ágústmánuði. Enn er að detta inn ein og ein nemendaskráning fyrir næsta vetur og er nú útlit fyrir að 192 nemendur komi til starfa hjá okkur í haust.

1. bekkur: Lilja og Freydís

2.-3. bekkur: Brynja, Halla, Inga Lilja og Yrsa

4.-5. bekkur: Heimir, Hjördís og Sigurlaug

6.-7. bekkur: Ása og Gunnþór

8. bekkur: Karl




Mynd frá samvinnuþrófi í 6.-7. bekk

Könnun meðal foreldra

Eins og flestum er kunnugt lögðum við nú á dögum fyrir könnun þar sem beðið var um upplýsingar og viðhorf foreldra til ýmislegs sem varðar skólann og skólafarfið. Við eigum enn eftir að rýna töluvert í könnunina og þær ábendingar sem hún innifelur en við fyrstu sýn eru niðurstöðurnar að flestu leyti ásættanlegar. Niðurstöður sumra spurninganna getum við metið með hliðsjón af könnunum sem lagðar hafa verið fyrir í öðrum skólum en á öðrum sviðum höfum við minni samanburð. Langflestir foreldrar virðast í heildina tekið ánægðir með skólann, þannig virðist styrkleiki hjá okkur að við hlustum á sjónarmið foreldra, skólinn komi til móts við þarfir barnanna og viðfangsefni í náminu sýnast áhugaverð fyrir nemendur. Framkoma og viðmót starfsmanna þykir almennt gott, foreldrar upplifa sig velkomna í skólann, metnaður kennara þykir mikill og mikil ánægja mælist með ákveðna þætti eins og mótuneytið, Frístund, innkaup á námsgögnum o.fl. Hins vegar gefur könnunin líka skýrar vísbendingar um þætti sem við þurfum að bæta hjá okkur.

Þar er líklega mikilvægasta atriðið að við þurfum að stíga mun ákveðnari skref til samvinnu og samráðs við foreldra. Þannig upplifir töluverður hluti foreldra sig ekki sem þátttakanda í ákvörðunum sem varða nám barnanna og óskar ákveðinn meirihluti eftir að fá að vera virkari þátttakandi í náminu. Það er einnig greinilegur veikleiki hjá okkur að við veitum ekki nægilegar upplýsingar og endurgjöf um nám og námsstöðu nemenda. Þá þurfum við að vera duglegri að hafa samband við heimilin, líka þegar vel gengur hjá nemendum! Á sama tíma og langflestir foreldrar telja að börnum þeirra líði vel í skólanum er líka nokkur hópur á öndverðum meiði, og það er auðvitað ekki gott! Framundan er því vinna hjá okkur við að móta tillögur að aðgerðum til að bæta þessi og fleiri atriði með hjálp og í samvinnu við foreldra og væntum áframhaldandi hvatningar og aðhalds til góðra verka. Heildarniðurstöður könnunarinnar má nálgast á heimasíðu skólans.

Ég er ánægður/ur með skóla barnsins mins



Risaeðlupema í 2.-3. bekk

Nemendur í 2.-3. bekk hafa undanfarið unnið þemavinnu þar sem risaeðlur eru í forgrunninum en að sjálfsgöðu fléttast einnig ýmis konar fróðleikur og færniþjálfun inn í námið. Þetta hefur verið hin fjölbreyttasta vinna þar sem krakkarnir hafa

lesið, teiknað, fönðrað, reiknað, mælt og málað úti og inni og allir virðast hafa skemmt sér hið besta. Myndirnar sem eru hér á síðunni eru einmitt frá þessari vinnu. Þær má nálgast á heimasíðu skólans ásamt fleiri myndum frá þessu verkefni og mörgum öðrum sem unnið hefur verið að undanfarið...



Íþróttakennsla næsta vetur

Næsta vetur gerum við ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á íþróttakennslunni nema að 1.-3. bekkur fer í Íþróttahúsið við Laugagötu en 4.-8. bekkur fer sem fyrr einu sinni í viku í KA-heimilið. Örylgur sér áfram um íþróttakennsluna en honum til halds og trausts munum við líka fá Snorra Bergþórsson lánaðan úr Lundarskóla til að kenna nokkra tíma, hann mun líka aðstoða okkur við að efla útikennslu hjá okkur en hann hefur leitt það starf hjá Lundarskóla í vetur.

Tapað - fundið

Við höfum nú bætt við nýjum hlekk á heimasíðunni þar sem við ætlum að prófa að setja inn upplýsingar um óskilamuni, einnig geta foreldra auglýst þar eftir töpuðum munum.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Maí 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	3 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og laukfeiti	4 Hakkað buff m/ kartöflumús og græn- meti	5 Plokkfiskur m/ kartöflum, rúgbrauði og smjöri	6 Pizza m/ salati	7 Skr, brauð og álegg	8
9	10 Soðinn fiskur m/ grænmeti, kartöflum og tómatafeiti	11 Steiktur kjötbollur m/ kartöflumús, rauðkál og sósa	12 Ostafiskur m/ hrísgrjónum, salati og súrsætri sósu	13 Uppstigningardagur FRÍ	14 Starfsdagur - Frí en Frístund opin (Makkarónusúpa, brauð og álegg)	15
16	17 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rúgbrauði, smjörva og tómatsósu	18 Slátur m/ kartöflum, rófum og jafningi	19 Steiktur fiskur m/ kartöflum, sósu og salati	20 Kjúklingur m/ hrísgrjónum, salati og karrýsósu	21 Grænmetissúpa, brauð og álegg	22
23	24 Annar í hvítasunnu FRÍ	25 Lasagna m/ salati	26 Soðnar fiskibollur m/salati og karrý- sósu	27 Snitzel m/ steiktum kartöflum og grænmeti	28 Hrísgrjónagrauttur, brauð og álegg	29
30	31 Soðinn fiskur m/ kartöflum og rófum	1. júní "Óvænt ánægja"	2. júní "Óvænt ánægja 2"	3. júní Vorhátíð Nánar auglýst síðar	4. júní Skólaslit Nánar auglýst síðar	AH - BÚ !

Föstudaginn 14. maí er starfsdagur en Frístund verður opin þann dag.

Síðasti dagur sem Frístund er opin í vor er skólaslitadagurinn, 4. júní.

Búast má við að töluvert verði um útiveru og "öðruvísi skólastar?" síðari hluta maí. Við auglýsum það nánar þegar nær dregur.



Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 3. árgangur, 1. júní 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Innkaup námsgagna

Á fundi skólaráðs á dögunum var ákveðið að skólinn muni annast innkaup á námsgögnum fyrir nemendur, nema því sem segja má að tilheyri pennaveskjum þeirra s.s. skriffærum, litum o.þ.h. Við birtum leiðbeiningar vegna innkaupa á heimasíðu skólans í sumar og í haust verður svo rúkað inn gjald fyrir námsgögnin.

Laus störf

Laus eru til umsóknar störf skólaliða. Umsóknarfrestur er til 10. júní. Sjá heimasíðu skólans.

Frístund

Síðasti opnunardagur Frístundar í vor er 4. júní. Í ágúst verða foreldrar beðnir um að ganga frá dvalarsamningum fyrir næsta vetur og Frístund tekur að nýju til starfa á skólasetningardaginn, 23. ágúst.

Skólabyrjun í haust

Skólastarf í haust hefst með viðtölum umsj. kennara við foreldra og nemendur. Viðtalsboðanir berast í tölvupósti um miðjan ágúst.

Skólaslit

Fyrsta starfsári Naustaskóla verður slitið föstudaginn 4. júní. Allir nemendur mæta kl. 13:00 á sín heimasvæði, hitta umsjónarkennara, taka á móti námsmati, skólastjóri segir nokkur orð og svo halda nemendur út í sumarið. Foreldrar eru að sjálfsgöðu einnig hjartanlega velkomnir á skólaslitin.

Kæra skólasamfélag

Skólastarfið núna síðustu vikuna einkennist af útiveru og óhefðbundnari verkefnum, á fimmtudag efnum við svo til vorhátíðar í samvinnu við Foreldrafélagið og Hverfisnefnd Naustahverfis og skólaslit verða föstudaginn 4. júní. Fyrsta starfsári Naustaskóla er sem sagt að ljúka, sem er merkilegt því það er eins og það hafi verið í gær sem við hófum skólastarfið. Þetta hefur verið skemmtilegur og viðburðaríkur vetur, skólinn okkar hefur stigið sín fyrstu skref og framtíðin er björt ef við bara látum okkur þykja vænt um hann og styðjum hann áfram til góðra verka. Fyrir mína hönd og annarra starfsmanna þakka ég fyrir veturinn og hlakka til að hitta ykkur öll aftur í haust, eftir dásamlegt líf í sumar auðvitað! Sumarkveður, Ágúst Jakobsson

Vorhátíð Naustahverfis 2010

Hátíðin hefst kl. 16:15 í Naustaborgum með "brekkusöng"

Dagskrá í Naustaborgum kl. 16:15-18:00

- Prautabraut
- Andlitsmálning
- Stultur, kastveggur o.fl.
- Trúðar
- Naustahverfismót í Kubbi
- Boccia
- Leikir
- Sápukúlublástur
- Flugdrekar
- Grillaðar pylsur



Allir velkomnir!!

Opið hús í Naustaskóla frá kl. 17:30

- **Kaffihús á neðri hæð skólans**
O Kaffi / safi / mjólk og vöffur
O Fullorðnir 300 kr.
O 6-16 ára 200 kr.
- Tombóla – 50 kr. miðinn
- Föndurborð
- Spákona
- Draugahús
- Sýningar á verkum nemenda

Söngvakeppni foreldra og barna (feðgar/mæðgur/feðgin/mæðgin) í sal skólans

kl. 18:00 - Foreldrar og börn á öllum aldri geta skráð sig til keppni (það er einfaldlega gert með því að finna lag sem báðir aðilar kunna, og mæta á æfingu í skólanum einhvern tímann milli 17:00 og 18:00)

Ball fyrir nemendur í 1.-3. bekk kl. 18:30-19:45 (200 kr. aðgangseyrir)

Ball fyrir nemendur í 4.-7. bekk kl. 20:00-22:00 (200 kr. aðgangseyrir)

Umsjónarkennarar næsta vetur

1. bekkur: Lilja og Freydís

2.-3. bekkur: Brynja, Halla, Inga Lilja og Yrsa

4.-5. bekkur: Gunnþór, Heimir og Sigurlaug

6.-7. bekkur: Ása og Þóra Ýr

8. bekkur: Karl

Skipting umsjónarkennara á árganga verður eins og sést hér að ofan. Við röðum nemendum hins vegar ekki niður á umsjónarkennara fyrr en í ágústmánuði.

Bless og takk!

Tveir starfsmenn hverfa á braut eftir veturinn, það eru Hjördís Óladóttir og Marcela Andrea Ceron. Við hin þökkum þeim fyrir samfylgdina og frábærlega unnin störf í vetur um leið og við óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni!

Þeim nemendum sem hætta í skólanum þökkum við einnig fyrir samstarfið og óskum þeim alls hins besta. Vonandi fara allir með fullt af góðum minningum úr Naustaskóla.



Skóladagatal 2010 - 2011

Naustaskóli
Við Hólmatún
600 Akureyri

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F	Startisdagur - Fristund lokub	1 M		1 M	Fúlvéldisdagurinn	1 L	Hyndisdagur	1 Þ		1 Þ	Samráðmat	1 F		1 S		1 M	
2 M	Friðdagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F	Upptögnisdagur
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F		3 M	Startisdagur Fristund lokub	3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F	Skólastítt
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ		4 F	Dagur staðfræðinnar	4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ	Þennisdagur	5 F	Samráðmat	5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M		6 F	Þrettándasmæra	6 S		6 S		6 M		6 F		6 M	Startisdagur
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M	Opin vika	7 M	Þellisdagur	7 F		7 L		7 Þ	Startisdagur
8 S		8 M	Skólastærminnskeið	8 F		8 M		8 M	Jólasveinadagur	8 L		8 Þ		8 Þ	Sprengisdagur	8 F		8 S		8 M	Startisdagur
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Jólabændagur	9 S		9 M		9 M	Óskuldagur Vetrarfrí	9 L		9 M		9 F	
10 Þ	Námislofsdagur kennara	10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F		10 F	Vetrarfrí	10 S		10 Þ		10 F	
11 M	Námislofsdagur kennara	11 L		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 F	Vetrarfrí	11 M	6-7 bekkur í skólabólum	11 M		11 L	
12 F	Námislofsdagur kennara	12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Húðasmudagur
13 F	Námislofsdagur kennara	13 M		13 M		13 L		13 M		13 F	Rannsóknisdagur	13 S		13 S		13 M		13 F		13 M	Annar í Húðasmu
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M		14 M		14 F		14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F		15 M	Bólavika	15 M		15 L		15 Þ		15 Þ		15 F		15 S		15 M	
16 M	Startisdagur	16 F		16 L		16 F		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 M		16 L		16 M		16 F	
17 Þ	Startisdagur	17 F		17 S		17 M		17 F	Liljujónin	17 M		17 F	Árstíð	17 F		17 S		17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M	Startisdagur	18 L		18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M		18 M		18 L	
19 F	Startisdagur	19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S	
20 F	Startisdagur	20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 S		20 S		20 M		20 F	Unnið - dagurinn	20 M	
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Þennisdagur / Úlfaradagur	21 M		21 M		21 F	Skítdagur / Í sumardagur	21 L		21 Þ	
22 S		22 M		22 M		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ	Þennisdagur Stóra upplætraleppinn Únslaleppinn	22 F	Félagadagurinn langi	22 S		22 M	
23 M	Skólahringvitið	23 F	Samr. pr. 47 b íslenska	23 L		23 Þ		23 F	Þorlaksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ	Vitið	24 F	Samr. pr. 47 b staðfræði	24 S		24 M		24 F	Meiríngisdagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S	Þennisdagur Annar í þáskum / Dagur umhverfisins	24 Þ		24 F	
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jólabönd	25 Þ		25 F		25 F		25 M		25 M		25 L	
26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	Annar í jólam	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F		26 S	
27 F		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M	Vika umhverfisins	27 F	Vonhild	27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M	Startisdagur Fristund lokub fyrir háskóla	28 M		28 F		28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M		29 L		29 Þ		29 Þ		29 F		29 S		29 M	
30 M	Únntisdagur	30 F	Kynnigir / samráð	30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 M		30 L		30 M	Gróðurshringisdagur	30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gróðurshringisdagur	31 M	Tannvindaekka			31 F				31 Þ	Gróðurshringisdagur		